Haukur Már Helgason gerir mynd um níu-menningana
menning

Jóhannes Haukur æfir á nóttunni
leikhús 58

Upphaf meiriháttar breytinga
N-Afríka 22

spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
5. febrúar 2011
30. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Ríkisstjórnin tveggja ára
Hver lægðin hefur rekið aðra í valdatíð Jóhönnu Sigurðardóttur.
stjórnmál 26

Stórvirki um myndlist
Fimm binda yfirlitsrit um íslenska listasögu er væntanlegt í haust.
menning 44

Voru furðuverur
Skoppa og Skrítla eiga nýjan vin sem heitir Zúmmi.
krakkasíðan 40

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Menning | Allt | Allt atvinna

ENGIN STÓRSTJARNA Ólafur Darri Ólafsson leikari er heldur betur í sviðsljósinu þessa dagana; aðalhlutverk í Roklandi og Djúpinu, leikur í þremur sýningum í Þjóðleikhúsinu og er á förum til Hollywood. Hann segist þó alls ekki vera nein stórstjarna. Hann hafi bara verið svo heppinn að komast í tísku. **Sjá síðu 20** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Seldi ríkisbíl og hirti andvirðið sjálfur

Fyrrverandi fangelsisstjóri á Kvíabryggju seldi vörubíl í eigu ríkisins og stakk peningunum í eigin vasa. Ríkisendurskoðun telur kaup á vörum fyrir 1,7 milljónir óútskýrð. Keypti eldsneyti og dekk fyrir stórfé.

LÖGREGLUMÁL Afdrif vörubíls í eigu Fangelsismálastofnunar, sem notaður var á Kvíabryggju, eru meðal atriða sem eru til rannsóknar vegna gruns um misferli fyrrverandi forstöðumanns fangelsisins, Geirmundar Vilhjálmssonar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafði Fangelsismálastofnun tekið ákvörðun um að selja vörubílinn. Forstöðumaðurinn fyrrverandi tjáði fangelsismálayfirvöldum að bíllinn væri ónýtur og að hann yrði afskráður. Einhverjum mánuðum síðar kom upp úr kafinu að bíllinn hafði verið seldur fyrir á þriðja hundrað þúsund krónur og að nafn forstöðumannsins var undir afsalinu. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að andvirði bílsins hafði runnið til hans.

Ríkisendurskoðun tók málið til athugunar að beiðni Fangelsismálastofnunar og hefur nú lokið athugun á bókhaldi og fjárreiðum forstöðumannsins á tímabilinu janúar til október 2010. Samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar hafa verið keyptar vörur fyrir rúmlega 1,7 milljónir króna til fangelsisins á ofangreindu tímabili, sem ekki finnast þar.

Á meðal þeirra vara sem teknar voru út en virðast óviðkomandi rekstri fangelsins er eldsneyti fyrir 750 þúsund krónur, hjólbarðar, rafgeymar, farsímar og bílavarahlutir.

„Útgjöld þessi sýnast því ekki tengjast rekstri fangelsisins og er því nauðsynlegt að rannsaka fjárreiður þess nánar,“ segir í úttekt Ríkisendurskoðunar á fjármálum fangelsisins.

> Útgjöld þessi sýnast því ekki tengjast rekstri fangelsisins og er því nauðsynlegt að rannsaka fjárreiður þess nánar.
>
> **ÚTTEKT RÍKISENDURSKOÐUNAR**

Auk meints fjármálamisferlis forstöðumannsins þótti fangelsismálayfirvöldum sýnt að ekki hefði verið farið í einu og öllu að reglum við stjórnun fangelsisins. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru kom í ljós að mótorhjól, bifreiðar og fjórhjól í eigu fanga höfðu verið geymd í fangelsinu um eitthvert skeið. Fangarnir höfðu tækin til umráða. Þau hafa verið fjarlægð af staðnum.

Fangelsismálastofnun kærði forstöðumanninn til Ríkissaksóknara eftir að upp kom rökstuddur grunur um að hann hefði misnotað aðstöðu sína með því að taka út ýmsan varning í nafni fangelsisins til eigin nota, auk annars misferlis. Grunur leikur á að meint misferli hafi átt sér stað um nokkurra mánaða skeið. Forstöðumaðurinn var leystur frá störfum í nóvember á síðasta ári.

Fangelsismálayfirvöld hafa kært forstöðumanninn til Ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari fól Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins frekari meðferð málsins í desember og stendur rannsóknin nú yfir.

Sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Haraldur, eru Mosfellingar í fýlu?

„Nei, en við fílum ekki svona fýlu.“

Haraldur Sverrisson er bæjarstjóri í Mosfellsbæ þar sem íbúar kvarta undan ólykt frá starfsstöð Sorpu á Álfsnesi og vilja starfsemina burt, verði ekki bætt úr vandanum.

Sameinuðu þjóðirnar telja mannfall meira í Egyptalandi en stjórnvöld gefa upp:

SÞ segja yfir 300 hafa fallið

EGYPTALAND Sameinuðu þjóðirnar telja að yfir 300 manns hafi fallið í mótmælum í Egyptalandi frá 25. janúar og um fjögur þúsund manns séu sárir, margir lífshættulega. Samkvæmt frétt BBC hafa stjórnvöld í landinu hins vegar aðeins gefið upplýsingar um mannfall í höfuðborginni Kaíró og sagt að átta hafi látið lífið og yfir 800 séu þar sárir.

Miðborg Kaíró breyttist í gær úr blóðugum vígvelli í allt að því friðsamlegan vettvang mótmæla. Spennan var hins vegar mikil. Tugþúsundir mótmælenda söfnuðust saman ellefta daginn í röð og nefndu daginn „brottfarardaginn“ með tilvísun í það að Hosni Mubarak forseti hefði aðeins tíma til dögunar til að verða við kröfum fólksins um afsögn.

MIÐBORG KAÍRÓ Í GÆR Tugþúsundir manna söfnuðust saman í miðborg Kaíró í gær ellefta daginn í röð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mubarak sagði í viðtali við ABC á miðvikudag að hann væri þreyttur á því að halda um valdataumana í landinu og aðeins óttinn við skálmöld stæði í veginum fyrir því að hann færi frá. Mótmælendur gripu þetta á lofti og stjórnarandstöðuleiðtoginn Mohamed ElBaradei benti forsetanum á að öll þjóðin væri þreytt á setu hans á forsetastóli. Elbaradei hefur nú tilkynnt að til greina komi að hann fari í forsetaframboð. - shá / sjá síðu 22

Seðlabankinn svarar fyrir sig:

Már mátti ekki tala um Sjóvá

VIÐSKIPTI Seðlabankinn segir í yfirlýsingu að engar meiriháttar ákvarðanir hafi verið teknar við sölu Sjóvár sem talist geti óeðlilegar. Þær hafi verið vel grundaðar og leitað álits sérfræðinga.

„Það er líka ljóst að það var á engan hátt ámælisvert af seðlabankastjóra að upplýsa viðskiptanefnd ekki um þau mál sem samkvæmt lögum ríkir þagnarskylda um. Þvert á móti, það hefði verið stórlega ámælisvert og líklega alvarlegt brot í starfi hefði hann gert það,“ segir bankinn. - sh

Axarmaðurinn í Danmörku:

Níu ára dómur fyrir hryðjuverk

DANMÖRK, AP Maðurinn sem réðst inn á heimili danska skopteiknarans Kurts Westergaard, vopnaður öxi, fyrir rúmu ári, var í gær dæmdur í níu ára fangelsi. Manninum, sem er frá Sómalíu, skal svo vísað úr landi eftir afplánun.

KURT WESTERGAARD

Hann hafði áður verið fundinn sekur um hryðjuverk, en hélt því fram við réttarhöldin að hann hafi aðeins ætlað að hræða Westergaard. Teikningar hans af spámanninum Múhameð sem birtust í Jótlandspóstinum árið 2005 sem ollu reiði meðal múslima.

Dómnum var strax áfrýjað. - þj

STEINGRÍMUR JÓNSSON Hjónin í Efri-Engidal hafa lýst áhyggjum af heilsu sinni. Nú virðist ljóst að allur bústofn þeirra verður felldur; 80 kindur og tæplega tuttugu nautgripir.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Bændur farga dýrum vegna eiturs frá Funa

Mælingar Matvælastofnunar staðfesta mikla díoxínmengun frá sorpbrennslu á Ísafirði. Fella þarf allt að 400 gripi hjá bændum í Skutulsfirði. Sóttvarnalæknir fundar með sérfræðingahópi strax eftir helgi. Sýnataka úr fólki er ekki útilokuð.

UMHVERFISMÁL Niðurstöður díoxínmælinga Matvælastofnunar staðfesta staðbundna mengun frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði. Díoxín greinist í mjólk, kjöti og fóðri. Fella verður búpening, allt að 400 skepnur, og bann hefur verið sett á nýtingu búfjárafurða á bæjum í Skutulsfirði.

Sýnatakan fór fram eftir að eiturefnið díoxín greindist við sýnatöku Mjólkursamsölunnar á bænum Efri-Engidal í Skutulsfirði í desember. Þá greindist díoxín í einu mjólkursýni en vegna mengunarinnar voru tekin sýni úr kjötafurðum, úr mjólk auk þess sem tekið var sýni úr fóðri.

Af tólf kjötsýnum reyndust aðeins tvö eðlileg. Átta sýni sýndu verulega hækkun en tvö voru yfir hámarksviðmiðunarmörkum. Mjólkur- og heysýni frá Efri-Engidal voru mjög menguð. Mjólkursýni frá nágrannabæjum voru hins vegar hrein.

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs hjá MAST, segir mælingarnar staðfesta að mengunin sé staðbundin og verði rakin til útblásturs frá sorpbrennslunni Funa. „Það verður að álykta sem svo. Ég veit ekki um neina aðra uppsprettu díoxíns sem er líkleg en það er jákvætt að hætt er að brenna í Funa og þessi mengun verður ekki meiri. Hún mun því fara minnkandi þó það muni taka sinn tíma.“

Sigurður segir öruggt að búpeningurinn hafi tekið inn díoxín með fóðri og bann hafi verið sett á nýtingu afurða. „Það er síðan sjálfgefið að fella verður búpening þar sem mengunin er.“ Sigurður segir að magn díoxíns í nokkrum sýnum sé hærra en í upphaflega sýni Mjólkursamsölunnar en það muni ekki miklu. Þá mældist díoxín 34 prósent yfir mörkum.

Sú hugmynd var sett fram, meðal annars af sveitarstjórnarfólki á Ísafirði, að landlæknisembættið myndi gera sérstaka heilsufarsrannsókn á íbúum fyrir botni Skutulsfjarðar vegna mengunarinnar.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir hafði ekki kynnt sér niðurstöður mælinganna þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Spurður hvort ekki sé eðlilegt að taka sýni úr fólki þar sem kjötsýni frá Skutulsfirði eru menguð segir hann að það kunni að koma til greina. Of snemmt sé að segja nokkuð um það en sérfræðingahópur, sem settur var saman eftir að díoxínmengunin kom upp, mun funda strax eftir helgi vegna niðurstaðna mælinganna.

svavar@frettabladid.is

Júta á sig 70 innbrot:

Stálu fyrir tugi milljóna króna

LÖGREGLUMÁL Tveir sautján ára piltar og 23 ára maður hafa játað á sig um 70 innbrot á höfuðborgarsvæðinu. Verðmæti þýfisins getur numið tugum milljóna króna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Mennirnir sem eru pólskir en búsettir hér á landi, hafa sætt varðhaldi frá því um miðjan janúar. Þeir hafa játað rúm fimmtíu innbrot í heimahús á höfuðborgarsvæðinu, þau fyrstu framin fyrir tveimur árum, og vel á annan tug innbrota í hótel og gistiheimili. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu vegna auðgunarbrota.

Gæsluvarðhald yfir þremenningunum rann út í gær og gerði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kröfu um síbrotagæslu yfir þeim. Lögreglan mun setja sig í samband við brotaþola á næstu dögum varðandi meðal annars bótakröfur. - jss

Geir kærir dómsúrskurð:

Landsdómur kemur saman

LANDSDÓMUR Útlit er fyrir að landsdómur komi saman í fyrsta sinn í næstu viku, eftir að Andri Árnason, verjandi Geirs H. Haarde, kærði til dómsins þá ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur að leyfa honum ekki að krefjast frávísunar málsins fyrir héraðsdómi.

Geir fór fram á það að frávísunarkrafa hans yrði tekin fyrir þegar í stað, í héraðsdómi, svo hann gæti, ef ekki yrði fallist á kröfuna, setið þinghald um haldlagningarbeiðnir saksóknara Alþingis. Þessu hafnaði dómari.

Áður en landsdómur getur tekið ákvörðun um þetta þarf hann að koma saman og úrskurða um hæfi dómara. Hugsanlegt er að einhverjir þurfi að víkja úr dómnum vegna vanhæfis. - sh

Ráðherra fundar með Alcoa:

Vilja enn reisa álver á Bakka

STÓRIÐJA Alcoa ætlar ekkert að gefa eftir í samkeppninni um orkuna í Þingeyjarsýslum. Ráðamenn Alcoa lýstu því yfir á fundum með stjórnvöldum og Landsvirkjun í fyrradag og í gær að þeir hefðu enn fullan hug á að reisa álver á Bakka við Húsavík.

TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, segir að áhugi móðurfélagsins á Íslandi sé mikill. Alcoa sé í góðum rekstri hér og hafi áhuga á frekari uppbyggingu.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir jákvætt að Alcoa sé enn við borðið. - kmu

Kvíðastjórnun

-með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar

- 6 vikna námskeið þar sem kenndar eru aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar til þess að draga úr kvíða og auka á vellíðan.

Besti vinur mannsins

-námskeið við hundafælni

- Ertu mjög hrædd(ur)við hunda?
- Áttu erfitt með að fara á staði þar sem hundar gætu verið nálægir, eins og í gönguferðir, í útilegur eða í heimsóknir til hundaeigenda?

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir fjögurra vikna námskeið við hundafælni sem hefst **16. febrúar n.k.** og sex vikna kvíðastjórnunarnámskeiði sem hefst **10.febrúar**. Minnum jafnframt á námskeið við ofsakvíða sem hefst **8. febrúar**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Kvíðameðferðarstöðinni, www.kms.is, í síma 534 0110 eða með tölvupósti á kms@kms.is.

Formaður Bændasamtakanna segir tolla nauðsynlega til að halda verðlagi niðri:

Innlendar vörur hefðu hækkað mikið

EVRÓPUMÁL „Það hefur fátt hjálpað íslenskum neytendum síðustu misseri eins og tollvernd,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna.

Án tollverndar í landbúnaði, segir hann, er engin ástæða til að ætla annað en að bændur, aðrir framleiðendur og aðilar á markaði hefðu hækkað verð til neytenda um sextíu prósent í takt við þá hækkun sem varð á innfluttum vörum þegar krónan féll 2008.

Spurður um rök fyrir þessu segir Haraldur að áður hafi því verið haldið fram að hátt matarverð væri verndartollum að kenna. „Hvers vegna hækkar þá ekki íslenska búvaran jafnmikið núna, þegar innflutta varan hækkar svona mikið?“ spyr Haraldur.

Haraldur bregst með þessu við orðum Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, sem lýsti í blaðinu í gær ákveðnum fyrirvörum gagnvart aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins, þar sem stjórnvöld hefðu gefið ýmis fyrirheit um sérlausnir fyrir bændur. Ferðaþjónustan væri hins vegar langþreytt á háu matarverði vegna ofurtolla á landbúnaðarvörum.

Haraldur segir að Erna geti „ekki bjargað afkomu ferðaþjónustunnar með því að afnema tollvernd í landbúnaði“. Spurður um tillögu Ernu, að í stað aðflutningsgjalda verði samkeppnishæfni bænda tryggð með því að gera rekstrarumhverfi þeirra betra, segist Haraldur ekki kunna leiðir til þess. „Nei, þetta er langskilvirkasta og gagnsæjasta leiðin.“ - kóþ

HARALDUR BENEDIKTSSON Formaður Bændasamtakanna vill vita hvort það sé afstaða Samtaka ferðaþjónustunnar að rýra beri afkomu landbúnaðar til að bæta hag ferðaþjónustunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fræin eru komin!
eitt mesta úrval landsins!

Frá 25% afsláttur
um helgina

RÆKTUNARHELGI
í Blómavali

Ræktum sjálf - Fróðlegir fimmtudagar

Forskráning hefst um helgina í Blómavali Skútuvogi
Net og símaskráning hefst á mánudag,
takmarkaður sætafjöldi

Ókeypis
FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

Komdu í Skútuvog um helgina og skráðu þig, takmarkaður sætafjöldi

Leiðbeinendur:
Kristinn H. Þorsteinsson, Auður Jónsdóttir og Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingar.

Sáning sumarblóma, Mat- og kryddjurta
17. og 24. febrúar

Klipping á trjám, runnum og rósum
3. mars

Vorlaukar og blómfagrar jurtir
10. mars

Matjurtagarðurinn Mótun og uppbygging
17. mars

Matjurtagarðurinn - Áhugaverðar tegundir
24. mars

Vorverkin í garðinum - Heimajarðgerð
31. mars

Sumarbústaðalandið - Fjölbreyttur trjágróður
7. apríl

19:30 – 20:45 Á FIMMTUDÖGUM BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

Kaktusar 30% afsláttur

Orkidea 1999 kr

tilboð
10 ltr. JONGKIND mold
399 kr

Fjölbreytt úrval sáðbakka!

tilboð
10 stk Túlipanar
999 kr

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GENGIÐ 04.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,72	116,28
Sterlingspund	186,57	187,47
Evra	157,67	158,55
Dönsk króna	21,147	21,271
Norsk króna	20,160	20,278
Sænsk króna	17,914	18,018
Japanskt jen	1,4173	1,4255
SDR	180,86	181,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,0877

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fráfarandi forstjóri Icelandic Group ósáttur við að fyrirtækið verði bútað niður:

Vill nýja menn við stýrið

VIÐSKIPTI „Þegar eigendastefnan er ekki sú sama og við höfum fylgt og ekki ljóst hvert skal stefna finnst mér að nýir menn eigi að taka við stýrinu," segir Finnbogi Baldvinsson, fráfarandi forstjóri fisksölufyrirtækisins Icelandic Group.

Hann sagði upp störfum í gær ásamt Yngvari Eyfjörð aðstoðarforstjóra. Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Icelandic Group, tekur tímabundið við starfi Finnboga.

Ástæða uppsagnanna er ákvörðun Framtakssjóðsins að slíta viðræðum við norður-evrópska fjárfestingarsjóðinn Triton á þriðjudag og fyrirhuguð sala á verksmiðjum Icelandic Group í Bandaríkjunum og framleiðslustarfsemi í Kína.

Finnbogi segir misvísandi skilaboð um framtíð Icelandic Group hafa skaðað félagið. Þá er hann ósáttur við að brjóta eigi fyrirtækið upp eftir viðsnúning í rekstri.

„Við teljum að þessi leið sem stjórn Framtakssjóðsins og Icelandic Group hafa mótað skili hluthöfum betri ávöxtun til framtíðar heldur en að selja til Triton," segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins. - jab

FINNBOGI Forstjóri Icelandic Group segir misvísandi skilaboð um framtíð fyrirtækisins hafa skaðað það. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Svínaflensa á Íslandi:

Sautján manns hafa greinst

HEILBRIGÐISMÁL Sautján manns hafa greinst með svínaflensu á síðustu sex vikum samkvæmt upplýsingum á vef landlæknisembættisins.

Eftir áramótin varð nokkur aukning á fjölda þeirra sem leituðu læknis með inflúensulík einkenni. Fjórir greindust síðustu vikuna í janúar. Þar af var einn þungt haldinn með flensuna. Eins og í heimsfaraldrinum haustið og veturinn 2009-2010 eru það aðallega börn og fólk undir sextugu sem er með einkenni inflúensu.

Maður um fertugt ákærður:

Heilahristingur eftir grjótkast

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fertugan karlmann fyrir að stórslasa annan mann með grjótkasti.

Atvikið átti sér stað við skemmtistaðinn Salthúsið í Grindavík á nýársnótt um þarsíðustu áramót. Manninum er gefið að sök að hafa kastað eða slegið hinn manninn ítrekað í höfuð og líkama með grjóti.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær að fórnarlambið fékk tvo skurði á höfuð, auk heilahristings og sjóntruflana. Á líkama fékk hann einnig mikla áverka.

Sá sem ráðist var á krefst rúmlega 600 þúsunda króna í skaðabætur. - jss

Frambjóðendum fjölgar:

Sjö framboð til formanns VR

FÉLAGSMÁL Sjö framboð bárust til formennsku í VR, en framboðsfrestur rann út á fimmtudag. Öll framboðin eru gild.

Þeir sem bjóða sig fram eru Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir, Kristinn Örn Jóhannesson, Lúðvík Lúðvíksson, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir og Stefán Einar Stefánsson.

Sextán framboð bárust í sjö laus sæti í stjórn. Á grundvelli einstaklingsframboða mun uppstillingarnefnd stilla upp tveimur 40 manna listum til trúnaðarráðs, annars vegar til eins árs og hins vegar til tveggja ára. - sh

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn aðalleikarans í kvikmyndinni Óróa í umfjöllun um Eddu-verðlaunin í blaði gærdagsins. Hann heitir Atli Óskar Fjalarsson.

Guðbjarti dauðbrá við lestur ofbeldisskýrslu

Þótt Ísland sé í efsta sæti á jafnréttislista þarf að gera betur, til dæmis í ofbeldismálum og við útrýmingu launamunar kynjanna, segir velferðarráðherra. Hann kynnti skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála á Jafnréttisþingi í gær.

JAFNRÉTTISMÁL Ekki hefur miðað sem skyldi við útrýmingu launamunar kynjanna og í ofbeldismálum gegn konum ættum við að vera að gera mun betur. Þetta kom fram í máli Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra á fjölmennu Jafnréttisþingi í gær. Ráðherrann kynnti skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála hér á landi.

Meðal þess sem fjallað er um í skýrslu ráðherrans er þróun kynbundins launamunar, atvinnuþátttaka og stjórnmálaþátttaka kynjanna og kynjahlutfall í opinberum nefndum. Aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, heilbrigðismál og menntamál eru líka ræddar.

Mikill þungi verður lagður í störf ráðherranefndar um jafnrétti kynjanna að sögn Guðbjarts. Nefndin á að samþætta kynja- og jafnréttismál í stefnumörkun og aðgerðum ríkisstjórnarinnar og fylgja eftir framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Í erindi ráðherra í gær kom fram að dregið hefur saman með kynjunum hvað atvinnuleysi varðar. Fyrst urðu karlar atvinnulausir við hrun í byggingariðnaðinum. Síðan hefur hlutfallið jafnast út, atvinnulausum konum hefur fjölgað en körlum fækkað. Í desember síðastliðnum voru 7,3 prósent kvenna atvinnulaus en 8,5 prósent karla.

Guðbjartur segir að umræður á Alþingi um verkefni um kynjaða fjárlagagerð hafi verið undarlegar að mörgu leyti. Verkefnið sé mikilvægt. Settir verði upp mælikvarðar á það hvernig ákvarðanir í fjárlagagerð hafi áhrif á kynin.

Á ÞINGI Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra ávarpaði fjölmennt Jafnréttisþing á Hilton Nordica í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kynjahlutföll í áhrifastöðum

	Karlar	Konur
Héraðsdómarar (2009)	32%	68%
Hæstaréttardómarar (2009)	78%	22%
Forstöðumenn ríkisstofnanna (2010)	70%	30%
Ráðuneytisstjórar (2011)	50%	50%
Ráðherrar (2011)	60%	40%
Sendiherrar (2010)	22%	78%
Framkvæmdastjórar (2009)	81%	19%

Hagstofan og erindi Guðbjarts Hannessonar

„Manni dauðbrá þegar ég fékk skýrsluna sem er nýkomin út varðandi ofbeldi gegn konum og í nánum samböndum," sagði Guðbjartur í gær. Á hann þar við niðurstöður rannsókna sem kynntar voru í janúar, þar sem fram kom að rúm 22 prósent kvenna sögðust hafa verið beitt ofbeldi í nánu sambandi einhvern tímann frá 16 ára aldri. „Þetta eru allt saman tölur sem eiga að vera okkur alvarleg áminning um að við verðum að gera miklu betur."

Fimm önnur erindi voru flutt á Jafnréttisþingi í gær auk þess sem sex málstofur voru starfræktar og umræður fóru fram um hvert stjórnvöld eigi að stefna. Velferðarráðherra lagði áherslu á að þingið væri mikilvægur vettvangur fyrir fólk til að hafa áhrif á stefnu í jafnréttismálum.

thorunn@frettabladid.is

ARION BANKI Landsbankinn og Arion banki eru lengst komnir í endurútreikningi á erlendum lánum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Arion banki endurreiknar lán:

Höfuðstóllinn niður um 35%

VIÐSKIPTI Höfuðstóll erlendra íbúðalána Arion banka lækkar að meðaltali um 35 prósent við endurútreikning bankans. Bankinn hefur endurreiknað meirihluta íbúðalána einstaklinga í erlendri mynt og birt niðurstöðuna í netbanka viðkomandi. Búist er við að lokið verði við að endurreikna öll gengistryggð lán fyrir næstu mánaðamót.

Í tilkynningu frá Arion banka kemur fram að viðskiptavinir hans geti í netbanka sínum kynnt sér þær fjórar leiðir sem þeim standi til boða við endurútreikning íbúðalána og þeir metið hvaða leið hentar þeim best. - jab

Leiðréttir misskilning:

Krafan er 200 þúsund krónur

KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands (SGS) hefur ekki dregið til baka kröfuna um 200.000 króna lágmarkslaun, sem gerð var í aðdraganda yfirstandandi kjaraviðræðna.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, sagði í Fréttablaðinu í gær að sambandið hefði hætt við kröfuna. Það er ekki rétt, að sögn Halldóru Sigríðar Sveinsdóttur, formanns stéttarfélagsins Bárunnar á Suðurlandi og meðlims í samninganefnd SGS. - þj

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

SNJÓR! Margir á sunnanverðu landinu fagna snjónum. Helgin verður tíðindalítil, éljagangur en fremur hægur vindur. Því er um að gera að nýta snjóinn, byggja snjóhús, renna sér á sleða eða fá sér góðan göngutúr í frostinu. Munið bara að klæða ykkur vel!



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	13°
Berlín	7°
Billund	6°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	20°
London	11°
Mallorca	5°
New York	5°
Orlando	22°
Ósló	0°
París	11°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

skattur.is

Munið að skila

launamiðum, hlutafjármiðum

og öðrum gögnum

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum á rafrænu formi vegna framtalsgerðar 2011 er til

10. febrúar 2011

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutafjármiðar
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Stofnsjóðsmiðar
- Bankainnstæður

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar og skil á vef ríkisskattstjóra www.skattur.is

KJÖRKASSINN

Er þér létt nú þegar hillir undir lausn Icesave-málsins?

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú áhyggjur af boðuðum niðurskurði framlaga til tónlistarskóla?

Segðu skoðun þína á Visir.is.

CHARLES MANSON Fjöldamorðinginn, sem er orðinn 76 ára, er í Corcoran-fangelsinu í Kaliforníu.

Morðingi brotlegur við reglur:

Manson tekinn með farsíma

BANDARÍKIN Fjöldamorðinginn Charles Manson var á dögunum staðinn að því að hafa farsíma inni í klefa sínum á hámarksgæsludeild Corcoran-fangelsis í Kaliforníufylki í Bandaríkjunum.

Föngum þar er bannað að eiga og nota farsíma, en þetta er í annað skiptið á stuttum tíma sem Manson, sem er þekktur fyrir að hafa stýrt morðingjahópi í Los Angeles árið 1969, er tekinn með síma. Manson hafði að sögn fangelsisyfirvalda notað símann til að senda skilaboð og tala við fólk víða um Bandaríkin. - þj

Rán í húsi Evrópuþingsins:

Öryggi í ólestri á Evrópuþingi

BRUSSEL Tveir vopnaðir ræningjar, réðust inn í pósthús Evrópuþingsins í Brussel í gær og neyddu starfsfólk til að afhenda þeim peningaskáp.

Þetta er í þriðja skiptið á tveimur árum sem rán er framið í Spinelli-byggingunni, sem hýsir þingið, og hafa í kjölfarið vaknað spurningar um öryggisgæslu. Leiðtogi frjálslyndra demókrata í þinginu sagði í samtali við fjölmiðla að málið væri afleitt. „Þetta er algjört áfall. Eftir þriðja ránið inni í byggingu þingsins er ljóst að öryggisgæslunni er verulega ábótavant.“ - þj

Kristján Gunnarsson segir af sér sem formaður Starfsgreinasambandsins:

Hættir vegna frétta af sparisjóðnum

VIÐSKIPTI Kristján Gunnarsson lét í gær af formennsku í Starfsgreinasambandi Íslands vegna umfjöllunar um þátt hans í starfsemi Sparisjóðs Keflavíkur, þar sem hann var stjórnarmaður. Hann dró sig jafnframt úr stjórnarstörfum fyrir Alþýðusamband Íslands og lífeyrissjóðinn Festu.

Kristján var stjórnarmaður í sparisjóðnum frá 2005 til 2008 og stjórnarformaður frá vori 2009 og fram að hruni hans.

Starfsemi sparisjóðsins hefur síðan sætt rannsókn Fjármálaeftirlitsins. Meðal þess sem komið hefur í ljós er að Kristján undirritaði drög að starfslokasamningi sparisjóðsstjórans Geirmundar Kristinssonar án þess að lesa hann. Þar var meðal annars kveðið á um niðurfellingu á sextíu milljóna króna skuld sonar Geirmundar.

Kristján segir að þótt dæmi séu um rangfærslur og ósannindi í þessari umræðu hafi hún leitt til þess að trúverðugleiki hans hafi beðið hnekki. Því segi hann af sér fyrrgreindum störfum.

Hann kveðst hins vegar ekki kvíða opinberri rannsókn á málefnum sparisjóðsins. - sh

KRISTJÁN GUNNARSSON Á eftir að ræða stöðu sína í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis við félagsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Eygló Harðardóttir:

Vill vita fjölda aðstoðarmanna

ALÞINGI Eygló Harðardóttir Framsóknarflokki vill vita hve margir aðstoðarmenn ráðherra eru. Hefur hún sent Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra fyrirspurn þess efnis.

Eygló vill líka vita fjölda fjölmiðlafulltrúa ráðuneyta og hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis eru ráðnir tímabundið og til hvaða verkefna. Enn fremur spyr Eygló hvort viðkomandi starf hafi verið auglýst og hvenær ráðið hafi verið í það. - bþs

Keypti vörur fyrir 1,7 milljónir til einkanota

Geirmundur Vilhjálmsson, fyrrverandi forstöðumaður á Kvíabryggju, keypti olíu, síma og fleira sem ekki verður séð að tengist rekstri fangelsisins, fyrir 1,7 milljónir á tíu mánaða tímabili árið 2010. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

LÖGREGLUMÁL Engin gögn eða fylgiskjöl er að finna í bókhaldi fyrir fangelsið á Kvíabryggju vegna kaupa á eldsneyti fyrir rúmlega 750 þúsund krónur. Eldsneytið var keypt með svokölluðum N1-inneignarkortum, sem forstöðumanninum var óheimilt að nota, þar sem notkun þeirra hafði verið bönnuð í mörg ár.

Þetta er eitt þeirra atriða sem Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við eftir að grunsemdir vöknuðu um misferli hjá fyrrverandi forstöðumanni fangelsisins, Geirmundi Vilhjálmssyni. „Þar sem ekki fylgja neinar úttektarnótur frá N1 verður að líta svo á að þessi kaup séu óviðkomandi rekstri fangelsisins,“ segir Ríkisendurskoðun. Hún gerir í þessu sambandi athugasemd við að jafnhliða þessum óútskýrðu eldsneytiskaupum hafi hefðbundið olíukort verið notað til kaupa á olíu, alls fimmtán sinnum.

Þá víkur Ríkisendurskoðun að sölu vörubifreiðar í eigu Fangelsismálastofnunar sem staðsett var á Kvíabryggju. Fram kemur að forstöðumaðurinn hafi gefið þá skýringu að bifreiðin væri ónýt þegar átti að selja hana. Í ökutækjaskrá kom hins vegar fram að hún hafði verið seld 17. apríl 2010. Skömmu síðar var vörubifreiðin skoðuð án athugasemda. Ekkert var bókfært í fjármálagögnum fangelsisins um sölu bifreiðarinnar og segir Ríkisendurskoðun brýnt að skoða þennan þátt nánar.

Kaup á hjólbörðum í nafni Kvíabryggju vöktu einnig athygli Ríkisendurskoðunar. Til að mynda voru keypt fjögur sautján tommu dekk, sem ekki passa undir þá ríkisbifreið sem forstöðumaðurinn sagði þau hafa verið keypt undir. Hann kvað þrjú dekkjanna hafa eyðilagst þar sem þau hefðu verið keyrð á of litlu loftmagni. Skýringar vantar á kaupum á tólf dekkjum í nafni fangelsisins.

Kaup á tveimur rafgeymum voru enn fremur óútskýrð, svo og kaup á nokkrum farsímum, sjónauka, blómakassa og glerramma fyrir tæp hundrað þúsund.

Þá gátu starfsmenn á Kvíabryggju ekki staðfest kaup á átta varahlutum í bifreiðar, né heldur smurningu og vinnu við Subaru-bíl. Þeir könnuðust ekki heldur við startkapal og skralllyklasett sem keypt hafði verið á kostnað fangelsisins. Loks hafði Fangelsismálastofnun vakið athygli Ríkisendurskoðunar á óvenjumiklum perukaupum í bifreiðar á tveggja ára tímabili. Þá voru keyptar 79 perur á kostnað Kvíabryggju, auk kaupa á bílalakki og tengdum efnum.

TIL LÖGREGLU Mál Geirmundar Vilhjálmssonar hefur verið kært til lögreglu. Myndin er samsett.

Óútskýrð innkaup

Vörutegund	Krónur
Eldsneyti	750.268
Hjólbarðar	409.596
Rafgeymar	36.806
*Eignakaup	98.597
*Varahlutir	195.703
*Ýmis kaup	189.667
*Verkfæri	41.916
Samtals	**1.722.553**

*Óútskýrð vörukaup á Kvíabryggju frá janúar til október 2010. Athugun Ríkisendurskoðunar er byggð á úrtakskönnunum.

SAMSTIGA Merkel og Sarkozy eru nánir samverkamenn innan ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundur ESB:

Vilja styrkja Evrusvæðið

BRUSSEL Nicolas Sarkozy og Angela Merkel, leiðtogar Frakklands og Þýskalands, mæltu fyrir nýrri stefnu á leiðtogafundi Evrópusambandsins (ESB) í gær.

Í stefnunni, sem var unnin án aðkomu annarra ESB-ríkja, er meðal annars kveðið á um eflingu myntbandalags Evrópu og aukið samkeppnishæfi sambandsins. Tillögurnar mættu blendnum viðbrögðum annarra fulltrúa á fundinum. Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu, sagði meðal annars að aðildarríkin þyrftu að fá meiru ráðið en þar sé gert ráð fyrir. - þj

Ný lög banna loftmengun:

Takast á um prumpubann

MALAVÍ Dómsmálaráðherra Malaví telur ný lög sem ætlað er að takmarka mengun ná til viðrekstrar á almannafæri og að hér eftir sé hægt að refsa þeim sem leysa vind á mannamótum.

Þessu er Anthony Kamanga, ríkissaksóknari landsins, ósammála. Hann bendir á að lögin banni mengun sem eitri andrúmsloftið og geri það hættulegt heilsu fólks, segir í frétt BBC. „Hvernig einhver getur túlkað það sem bann við því að leysa vind er óskiljanlegt,“ segir hann. Dómsmálaráðherrann hefur þó ekki gefið sig og hótar þeim refsingu sem geta ekki hamið sig og prumpa innan um annað fólk. - bj

GIRNILEG KJÖT- OG FISKBORÐ

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða upp á fjölbreytt og ferskt úrval af kjöt- og fiskmeti. Auk þess bjóðum við upp á sérpantanir.

Kjötsérfræðingar Hagkaups taka vel á móti þér

Í framandi forrétti

Risarækjur

Ferskur lax

Naut og folald í carpaccio

Nautakjöt í úrvali

Nauta T-bone steik

Nautalundir

Nautafile

Dæmi um sérpantanir

- Ribeye á beini
- Porterhouse steik
- Nautarif
- Parmesanvafið naut eða svín
- Grafið kjöt eða fiskur
- Heilir fram- og afturhryggir lamb, naut, grís eða folald
- Fyllingar að eigin ósk í lamb, naut, grís eða folald
- Kálfakjöt
- Tígrisrækjur og framandi fiskréttir
- Marineraður humar
- Og margt fleira

Grísakjöt í úrvali

Grísahryggur

Grísalundir

Grísalæri

Grísakótilettur

Úrval af lambakjöti

Lambaprime

Lambahryggur

Lambalundir

Lambafile

Ferskur fiskur

Rauðspretta

Skötuselur

Þorskur

Lúða

Kjötborð Hagkaups eru í eftirtöldum verslunum:

Akureyri • Eiðistorgi • Garðabæ • Kringlunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir sjávarútvegsráðherra Bretlands, sem er ósáttur við makrílveiðar Íslendinga?*

2 *Hver var launahæstur allra í Hollywood á síðasta ári?*

3 *Hvaða stórleikari á í viðræðum um að leika illmennið í næstu mynd um James Bond?*

SVÖR
1 Richard Benyon 2 James Cameron 3 Javier Bardem

Sjávarútvegsráðherra Breta ræddi makrílveiðar Íslendinga og Evrópusambandsumsókn í breska þinginu:

Vill stöðva aðildarviðræður vegna makríls

EVRÓPUMÁL Umhverfis- og sjávarútvegsráðherra Breta tekur undir með gagnrýnisröddum stjórnarandstöðu þar í landi og segist „alveg sammála“ því að krefjast skuli af Evrópusambandinu að aðildarviðræður Íslands verði stöðvaðar uns leysist úr makríldeilunni, að því er kemur fram á skosku vefsíðunni Press and Journal.

Ráðherrann, Richard Benyon, lét þessi orð falla í neðri deild breska þingsins á fimmtudagskvöld, en umorðaði þetta seinna með því að leysa ætti deiluna í viðræðunum sjálfum.

Benyon segist hafa rætt málið við Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, og hafi útgangspunktur umræðunnar verið að það væri „mjög undarleg hegðun hjá ríki að sækja um aðild að klúbbi og brjóta reglur hans áður en það er orðið meðlimur“.

Lykilatriði deilunnar er sjálfbær nýting, segir ráðherrann, en aðeins eitt prósent af hrygningu makrílsins fari fram á íslensku hafsvæði. Íslendingar og Færeyingar ættu að „setjast niður og ræða málin frekar en að fara fram einhliða“.

Skuggaráðherra Verkamannaflokksins í sjávarútvegsmálum, Tom Greatrex, hafði hafið umræðuna með því að benda á að löndunarbann ESB á makrílafurðum væri óskilvirkt.Hann taldi rangt að hleypa í ESB ríki sem væri að skaða efnahag aðildarríkja. Framtíð margra byggða í Skotlandi væri háð makrílveiðum. - kóþ

RICHARD BENYON OG MARIA DAMANAKI Stinga hér saman nefjum á fundi ráðherraráðs ESB í desember, þar sem fjallað var um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. NORDICPHOTOS/AFP

Skipulagsbreytingar í skólamálum í Reykjavík:

Áhersla lögð á að eyða óvissunni

SKÓLAMÁL Menntaráð Reykjavíkurborgar leggur áherslu á skjót vinnubrögð til að hægt verði að eyða óvissu um framtíðarskipulag skólamála í borginni.

ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Þetta segir Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, í samtali við Fréttablaðið, en hugmyndir um sameiningu skólastofnana og frístundaheimila Reykjavíkurborgar voru kynntar fyrir stjórnendum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í gær.

Oddný sagði að stjórnendur hefðu tekið tillögunum vel.

„Þau hafa verið ánægð með hvernig við vinnum þetta þó að þau séu eðlilega uggandi um framtíðina. Það er mikið breytingaferli fram undan og þess vegna munum við vinna bæði hratt og vel.“

Oddný bætir því við að ekki komi henni á óvart þótt beygur sé innan raða stjórnenda.

„Það er ofureðlilegt þar sem breytingar standa fyrir dyrum. Stjórnendur hafa hins vegar fengið upplýsingar um gang mála reglulega og hafa sjálfir komið fram með gagnlegar ábendingar.“

Nú fer fram rýnihópagreining en í næstu viku verða stjórnendur aftur kallaðir til samráðs.

Stefnt er að því að skipulagsbreytingar liggi fyrir í þessum mánuði. - þj

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 53521 02/11

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6–16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 250 börnum og fjölskyldum þeirra mögulegt að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.
Verndari Vildarbarna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2011.
Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta 21. apríl 2011.
Þeir umsækjendur sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

HÁSKÓLI ÍSLANDS Vaka fékk fimm fulltrúa af níu í kosningum til háskólaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kosið í Háskóla Íslands:

Listi Vöku með meirihluta í HÍ

FÉLAGSMÁL Listi Vöku sigraði í kosningum til stúdentaráðs Háskóla Íslands sem lauk í fyrradag.

Vaka fékk um 43 prósent atkvæða og fimm menn kjörna, Röskva fékk 33 prósent og þrjá menn og listi Skrökvu fékk 13 prósent og einn mann kjörinn. Nýtt framboð, Stúdentafélag Háskóla Íslands, fékk tæp 6 prósent atkvæða og engan mann kjörinn. 4520 manns tóku þátt í kosningunum sem jafngildir 31 prósents þátttöku. Í kjöri til Háskólaþings fengu Vaka og Röskva fimm menn kjörna hvort framboð. - þj

Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins:

Einn fyrirlesari fékk borgað

ALÞINGI Gunnar Helgi Kristinsson prófessor er eini leiðbeinandinn sem fengið hefur greiðslu fyrir störf hjá stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins. Honum voru greiddar 52 þúsund krónur í desember fyrir fyrirlestur sem hann hélt á námskeiði fyrir ráðherra og aðstoðarmenn.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar Sjálfstæðisflokki. Guðlaugur vildi vita eitt og annað um fjármál stjórnsýsluskólans. Í svarinu segir að kostnaði hafi verið haldið í lágmarki og að forsætisráðuneytið greiði hann. - bþs

Tenerife | Lloret de Mar | Barcelona | Orlando | Benidorm - Albir

Hopp og hí og allir fara í

Sumarfrí!

Tenerife

Sannkölluð paradís fyrir vandláta. Eyjan tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og frábæran aðbúnað.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **92.000 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 28. maí.

NÝTT!

Lloret de Mar

Fallegur og heillandi strandbær. Löng og góð baðströnd, sem hefur hlotið viðurkenningu fyrir snyrtimennsku. Þar er fjöldi veitingahúsa, skemmtistaða og fjölbreytt úrval verslana.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **99.500 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í börn í herbergi með morgunverði á Hotel Cleopatra Spa. Brottför: 17. júní.

NÝTT!

Barcelona

Heillandi heimsborg, iðandi af lífi og uppfull af menningu. Næturlífið spannar allt litrófið og er kröftugt og fjörmikið. Borg til að skoða, skemmta sér, snæða góðan mat og kaupa hátískuvörur á góðu verði.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **99.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna saman i herbergi með morgunverði á Hotel Catalonia Aragon. Brottför: 17. júní.

Orlando

Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Slakaðu á, njóttu sólarinnar, útsýnisins og endalausrar skemmtunar sem borgin hefur upp á að bjóða.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **99.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði á Baymont Inn. Brottför: 26. mars. Verð m.v. 2 fullorðna: 125.000.-

Benidorm - Albir

Benidorm og Albir sameina notalegt strandlíf og fjörugt næturlíf. Fólk flykkist þangað til að njóta tilverunnar. Þar mætast ungir sem aldnir í og samlyndi og allir finna dægradvöl við sitt hæfi.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **99.990 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum á La Colina, Albir. Brottför: 26. júní.

MEIRA Á
urvalutsyn.is

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

FRÉTTAVIÐTAL: Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður og fulltrúi stjórnarandstöðunnar í Icesave-samninganefndinni

Dómsmál margfalt áhættusamara

Nýr Icesave-samningur er betri en Lárus Blöndal, fulltrúi stjórnarandstöðunnar í samninganefndinni, bjóst við. Lárus segir að verði ekki gengið frá samningi þá blasi dómsmál við. Kostnaður við nýja samninginn sé brot af kostnaði sem hlytist af töpuðu máli. Núna deili viðsemjendur ábyrgð og kostnaði.

LÁRUS BLÖNDAL Lárus, sem var fulltrúi stjórnarandstöðunnar í síðustu Icesave-samninganefnd, segir harða afstöðu, þar sem hafnað var lagalegri skyldu til greiðslu kostnaðar vegna Icesave, hafa skilað sér í betri samningum. Hann hafi verið tekinn tali „undir vegg" og spurður hvað þyrfti eiginlega að koma til svo að samningar næðust. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi kunna að fá bakþanka vegna þeirra vaxtakjara sem þau hafa boðið Íslendingum í Icesave-deilunni. Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður og fulltrúi stjórnarandstöðunnar í samninganefnd Íslands um Icesave, segir það umfram hans væntingar að náðst hafi saman um þau vaxtakjör sem Íslendingum bjóðast í samningnum.

Lárus áréttar að íslenska samninganefndin líti þannig á að Bretar og Hollendingar taki þátt í fjármagnskostnaði með Íslendingum. Þeir kynni málið hins vegar þannig heima fyrir að þeir séu að fá endurgreitt lán. „Undir þeim formerkjum lítur mjög sérkennilega út að þeir skuli samþykkja að fá endurgreitt lán með 2,64 prósenta vöxtum meðan lán sem Írum bjóðast eru með 5,8 prósenta vöxtum. Þetta getur augljóslega valdið vandræðum og Lee Buchheit [formaður samninganefndar Íslands] hefur haft af því áhyggjur hvernig þetta muni þróast þegar fleiri lönd þurfa fjárhagslega fyrirgreiðslu," segir Lárus og telur, að eftir því sem vikurnar líði aukist hættan á að Bretum og Hollendingum detti í hug að betra sé að komast út úr málinu frekar en að búa til fordæmi sem aðrar þjóðir gætu vísað í.

Lárus féllst á að koma inn í íslensku samninganefndina þegar eftir því var leitað en þó eftir nokkra umhugsun. Hann hafði í félagi við Stefán Má Stefánsson skrifað fjölda greina þar sem þeir höfnuðu lagalegri skyldu Íslands til að bera kostnað vegna Icesave. Nefndin hóf störf fyrir um ári.

„Viðhorf okkar Stefáns hafa síast inn og þjóðin held ég almennt að verða sammála um að við berum ekki skyldu til að greiða þessar innstæður sem Bretar og Hollendingar krefja okkur um. Það var nú hins vegar ekki alltaf þannig. Við Stefán sögðum hins vegar alltaf að við værum ekki á móti samningum per se. En við töldum þá að þeir yrðu að vera með öðrum hætti en þeir samningar sem lagðir höfðu verið fyrir þjóðina."

> Það er bara ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að krónan geti lækkað um 50 prósent til viðbótar.
>
> **LÁRUS BLÖNDAL** LÖGMAÐUR

Spjall undir húsvegg

Lárus kveður himin og haf milli fyrri samninga og draganna sem nú liggi fyrir. „Að skrifa undir samninga sem áætlað var að myndu kosta um 500 milljarða er náttúrlega algjörlega út úr korti og með ólíkindum að mönnum skyldi koma það til hugar." Lárus bendir líka á að áhætta í fyrri samningum um Icesave hafi líka verið mun meiri vegna þess að þá hafi legið fyrir mjög takmarkaðar upplýsingar frá skilanefnd og slitastjórn Landsbankans um stöðu þrotabúsins og mögulegar útgreiðslur.

Að mati Lárusar hafði mikla þýðingu fyrir samningsferlið að í nefndinni var fulltrúi stjórnarandstöðunnar sem endurspeglaði harða andstöðu gegn fyrri samningum. „Í janúar 2010 birtum við Stefán samantekt greinanna okkar og í lok fyrsta fundarins með samninganefndum Breta og Hollendinga gaf ég þeim þýðingu á þeirri samantekt." Á fyrsta fundi með Bretum og Hollendingum segir Lárus líka hafa komið fram að íslenska samninganefndin gengi út frá því að við hefðum enga lagalega skyldu til að greiða „eitt einasta penní" og samningarnir myndu ekki snúast um það. „Þetta held ég að hafi verið stærsti munurinn á nálgun þessarar samninganefndar og fyrri nefnda. Við létum þetta koma fram skýrt og ítrekað."

Þessi harða afstaða skilaði sér í því að í óformlegu spjalli „undir húsvegg" var Lárus spurður að því hvað þyrfti eiginlega til að koma til þess að hann vildi semja.

„Menn höfðu þá fremur á tilfinningunni að ég vildi bara frekar fara með málið í dóm, en mitt svar var á þá leið, sem ég tel að þessi samningur endurspegli, að ég vildi að við mættumst sem jafningjar til að leysa úr sameiginlegu vandamáli. Ef við gætum gert samning sem uppfyllti það, þá gætum við náð saman." Jafnljóst segir Lárus að útilokað væri að samningur næðist þar sem ekki væri um neina skuldbindingu eða áhættu að ræða af hálfu Íslands. Hann bendir hins vegar á að vaxtakjörin í nýja samningnum endurspegli að markmiðið hafi náðst. „Þegar við semjum um 2,64 prósenta jafnaðarvexti, þá erum við að skipta með okkur kostnaði og þeir að taka á sig mjög stóran hluta af fjármagnskostnaðinum."

Annar snúningur ekki í boði

Koma bandaríska lögmannsins Lee C. Buchheit í íslensku samninganefndina segir Lárus einnig hafa skipt miklu máli. Með því að velja hann, með hans sérþekkingu á samningum um skuldir ríkja, til að leiða nefndina hafi Íslendingar sent skilaboð um að faglega yrði unnið að málum. „Þetta var svona tilraun til að færa málið í annan farveg en það hafði verið í og ég held að það hafi verið mjög gott, fyrir utan að hafa haft aðgengi að hans miklu þekkingu á þessu sviði."

Að mati Lárusar er tæplega valkostur nú að taka enn einn snúning á Icesave-samningum og reyna að draga Breta og Hollendinga að samningaborðinu í fjórða sinn. „Það kæmi mér mjög á óvart ef Bretar og Hollendingar væru tilbúnir til að setjast niður aftur," segir hann og telur að fáist samningurinn ekki samþykktur á Alþingi muni viðsemjendur okkar láta hafa sinn gang það ferli sem þegar sé hafið á vettvangi ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Málið myndi því fara fyrir EFTA-dómstólinn. „Það er komið ákveðið óþol í þessa viðsemjendur okkar og líklegra en ekki að menn líti þannig á að samningar náist ekki, ef þetta mál næst ekki í gegn."

Íslenska ríkinu hefur þegar borist áminningarbréf frá ESA sem Lárus segir upplýsandi um afstöðu nefndarinnar. „Hún er á þá leið að Ísland beri ábyrgð á þessum innstæðum. Og það er nánast öruggt að ESA muni ekki hvika frá þeirri niðurstöðu þó að við komum með einhver sjónarmið. Forstjóri þeirra er búinn að lýsa því yfir að þau hefðu aldrei sett þetta fram nema vera fullviss um að hafa rétt fyrir sér."

Lárus segir því liggja fyrir að áhætta fylgi því að fara með málið fyrir dómstóla. „Við þekkjum það lögmenn, að þó að við teljum okkur hafa mjög góðan málstað að verja þá getum við aldrei fullyrt að mál séu unnin," segir hann. „En ESA er líka búið að lýsa því yfir að málið verði fellt niður ef þessi þrjú ríki ná samningum um lausn á málinu."

Kæmi til þess að Ísland tapaði málinu fyrir EFTA-dómstólnum og niðurstaðan yrði sú að Ísland hefði ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart EES-samningnum, þá gætu Bretar og Hollendingar haldið áfram málarekstri á hendur Íslandi.

„Við höfum rætt við þá þann möguleika að leysa úr málinu fyrir dómstólum og eðlilega sögðu þeir að þá myndu þeir gera ítrustu kröfur, ekki bara um lágmarksinnstæðutryggingar, heldur líka um viðbótargreiðslur sem þeir inntu af hendi og voru tæpir 500 milljarðar," segir Lárus. Fjárhæð innstæðnanna sem krafist yrði að Ísland bæri ábyrgð á væri því komin yfir þúsund milljarða króna auk þess sem væntanlega yrði farið fram á hæstu mögulegu vexti.

„Í dag er ljóst að fást mun að mestu eða öllu leyti upp í höfuðstól þessara krafna, þannig að fyrst og fremst erum við að tala um vaxtakostnaðinn. Í samanburði á gömlu samningunum og nýju sést hvað hann skiptir miklu máli. Við lækkun vaxta úr 5,55 prósentum í 2,64 prósent sparast um 170 milljarðar króna, miðað við núverandi aðstæður og áætlun um endurheimtur.

UPPBOÐ
á ýmsum munum
Vörumiðstöð Samskipa, laugardaginn 5. febrúar kl. 12.00

Uppboðið verður haldið af Sýslumanninum í Reykjavík í aðstöðu vörumiðstöðvar Samskipa Kjalarvogi 7-15 Reykjavík. Aðkoma að húsnæði Samskipa: Gengið er inn um dyr nr. 33 hjá vöruafgreiðslu inn á svæðið. Bílastæði eru fyrir framan húsið.

Meðal þess sem boðið verður upp: Húsgögn, rúm, sófar, stólar og borð, ýmiss konar rekstrarvörur, rakatæki, grill, gámahús, antik orgel, RoboMop, kælikista, kælivél, verkfæri, rafmagnskaplar, rafsuðuvél, naglar, þaksaumur, ýmiss konar fittings, netarúllur, veiðivörur, verslunarhillur, leikföng og margt fleira.

Einungis peningar eða debetkort eru tekin gild sem greiðsla, hvorki ávísanir né kreditkort.

Greiðsla við hamarshögg.

samskip

Yrði allur þessi pakki inni þá gætu við þessa 47 milljarða bæst við 300 til 400 milljarðar, hið minnsta.“

Lotan fyrir kosningar var hörð

Lárus segir að vega þurfi og meta þá áhættu sem augljóslega felist í því að fara með málið fyrir dómstóla og bendir einnig á að jafnvel þótt málið ynnist þá gæti falist í því kostnaður. „Það þarf auðvitað að reka málið og standa í þessum útistöðum í einhvern tíma í viðbót. Og það hefur í það minnsta ekki jákvæð áhrif fyrir Ísland, en erfiðara að segja til um hvort það hefði veruleg neikvæð áhrif.“

Lárus segir að samskipti hans við stjórnarandstöðuna hafi verið nokkuð mikil og náin fyrstu vikur samningastarfsins þegar reynt var að ná lendingu um nýjan samning áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu um fyrri samning kæmi. „Á þeim tíma fylgdust þau með hverri hreyfingu í málinu. En síðan þegar þetta fór að dragast á langinn þá voru samskipti fyrst og fremst þegar eitthvað bar til tíðinda.“ Áður en kom að atkvæðagreiðslu segir Lárus að Bretar og Hollendingar hafi stigið ákveðin skref í átt til Íslendinga. „En það breytti því ekki að enn var töluvert í að við værum komin á stað sem við sættum okkur við. Þá voru ekki komin fram nein tilboð sem við vorum tilbúin að samþykkja,“ segir hann.

Í nýjum samningi segir Lárus skipta máli að vextir hafi verið lækkaðir mjög verulega. Rætt sé um 47 milljarða kostnað á móti 479 milljörðum áður. Þá sé áhætta mun takmarkaðri en í fyrri samningum, upplýsingar um eigur Landsbankans traustar og jafnvel líkur á að einstök atriði gætu ein og sér breytt forsendum útreikninganna þannig að endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans gætu staðið undir Icesave að fullu. Þar á meðal sé möguleg sala Iceland Foods-keðjunnar og ef heildsöluinnlán teljist ekki forgangskröfur. „Almennt má segja að meiri líkur séu á að eignir þrotabúsins reynist meiri en áætlanir gera ráð fyrir,“ segir Lárus og telur einnig gjaldeyrisáhættu takmarkaða. „Það er bara ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að krónan geti lækkað um 50 prósent til viðbótar,“ segir hann og bendir á að frekara fall krónunnar hefði áhrif á lífskjör í landinu öllu. „Það þjónar ekki hagsmunum ríkisins að setja krónuna á flot ef hún getur ekki staðið,“ bætir hann við.

Lárus segist hins vegar láta þingmönnum eftir að taka til þess afstöðu hvort þeir samþykki fyrirliggjandi frumvarp. Hans skoðun sé hins vegar að samningurinn hafi verið alltof lítið kynntur meðal landsmanna sem hafi tekið mjög virkan þátt í umræðum um málið.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Erlend íbúðalán

Kynntu þér endurútreikning *erlendra* íbúðalána

Nú getur meirihluti einstaklinga með erlend íbúðalán hjá **Arion banka** séð endurútreikning lána sinna í netbanka. Þar er hægt að kynna sér þær leiðir sem standa til boða og meta hver þeirra hentar best, t.d. út frá greiðslubyrði eða heildargreiðslum.

Bankinn mun á næstu dögum halda áfram að birta viðskiptavinum sínum endurútreikning erlendra lána eða allt fram til 26. febrúar nk. en þá lýkur endurútreikningnum. Viðskiptavinir fá tilkynningu bréfleiðis þegar endurútreikningur þeirra hefur verið birtur í netbanka.

Þeir sem ekki eru með aðgang að Netbanka **Arion banka** fá send bréf um endurútreikninginn.

1. skref
Athugaðu í netbankanum hvort lánið þitt hefur verið endurreiknað.
Allir viðskiptavinir með erlend íbúðalán munu geta séð endurútreikninginn sinn fyrir 26. febrúar.

2. skref
Kynntu þér þær leiðir sem í boði eru og veldu þá leið sem hentar eða þú velur að halda láninu óbreyttu.

3. skref
Þegar þú hefur valið þína leið þá höfum við samband og í framhaldinu kemur þú í útibúið þitt og undirritar ný skjöl.

Veldu þá leið sem hentar þér best fyrir 28. mars.

Þú færð nánari upplýsingar í næsta útibúi **Arion banka**,
í þjónustuveri í síma **444 7000** eða á arionbanki.is

Arion banki

Lánin eru endurreiknuð á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

ÍSLENSKA SÍA.IS ARI 53307 02/11

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað gerist næst í stjórnlagaþingsmálum?

Ógöngur

Enn er ekki ljóst hvernig brugðist verður við niðurstöðu Hæstaréttar um ógildingu kosninganna til stjórnlagaþings. Verður haldið stjórnlagaþing eða verður skipuð stjórnlaganefnd eða hvorugt?

Tvær leiðir hafa einkum verið nefndar ef frá er talin leið Sjálfstæðismanna, að sveefa stjórnarskrármálið í þinginu einu sinni enn. Sú fyrri er að Alþingi kjósi þá sem kjörnir voru í kosningunni í nóvember í stjórnlaganefnd. Kosturinn við þessa leið er að með því móti sitja í nefndinni þeir sömu og kjörnir voru af þjóðinni til setu á stjórnlagaþingi. Ógilding Hæstaréttar hefði þá ekki áhrif á hvaða einstaklingar hafa með höndum það verkefni að semja ný drög að stjórnarskrá. Gallinn við þessa leið er að umboð slíkrar stjórnlaganefndar yrði líklega veikara en stjórnlagaþings.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Síðari leiðin er að ganga til kosninga að nýju annað hvort með sama frambjóðendahópi eða með því að auglýsa eftir framboðum að nýju. Kosturinn við þessa leið er að hugmyndin um stjórnlagaþing sem kosið er með beinni kosningu heldur velli. Gallinn er hins vegar sá að hvort heldur sem frambjóðendahópurinn verður óbreyttur eða nýr þá mun bæði fyrri kosningin og ógildingin hafa áhrif á það hverjir bjóða sig fram og hvernig kjósendur verja atkvæði sínu.

Þannig er ljóst að ógilding Hæstaréttar hefur veikt framkvæmd hugmyndarinnar um að drög að nýrri stjórnarskrá séu unnin af hópi fólks sem kosinn er í beinni kosningu óháð stjórnmálaflokkum.

Hvers vegna er ógildingu Hæstaréttar hér kennt um en ekki klúðri yfirvalda sem leiddu til hennar? Það er vegna þess að ógildingin byggir á því að ágallar hafi verið á framkvæmd kosningarinnar. Ekkert bendir þó til að þeir ágallar hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar sem er það sem skiptir höfuðmáli. Þrír ágallar kosningarinnar hafa einkum verið til umræðu.

Strikamerkingar kjörseðla eiga að hafa gert að verkum að hægt hafi verið að rekja atkvæði til einstaklinga vegna þess að „alkunna" sé að það tíðkist að kjósendur séu skrifaðir niður í kjördeildum í þeirri röð sem þeir mæta. Ekkert dæmi er þó tiltekið um að svo hafi verið, auk þess sem þeir sem sitja í kjördeild eiga ekki nokkurn kost á að fylgja eftir atkvæðum kjördeildar inn í talningu.

Kosningarnar eru ekki taldar leynilegar vegna þess að kosið var í básum en ekki í klefum. Ljóst er þó að ekki hefði aðeins þurft arnarsjón til að greina tölur á kjörseðli annars kjósanda heldur einnig stálminni til þess að tölurnar hefðu merkingu fyrir viðkomandi.

Fulltrúar frambjóðenda áttu þess ekki kost að vera viðstaddir talningu. Þarna hefði endurtalning getað tekið af allan vafa.

Hvort sem niðurstaða Hæstaréttar er sett í víðara samhengi baráttunnar um skiptingu eigna og valda í íslensku samfélagi eða aðeins horft á gjörninginn sem einstakan atburð, þá er ljóst að afar einbeittan vilja dómara þurfti til að komast að þeirri niðurstöðu að ógilda lýðræðislega kosningu til stjórnlagaþings á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hófý, fararstjóri Bændaferða
verður á skrifstofunni 7. - 11. febrúar

Hólmfríður Bjarnadóttir, eða Hófý eins og við flest þekkjum hana, fararstjóri Bændaferða, verður á skrifstofu Bændaferða **mánudaginn 7. febrúar til föstudagsins 11. febrúar frá kl. 10:00 - 16:00.**
Það er því alveg upplagt að kíkja í Síðumúlann í kaffi, hitta Hófý og fá upplýsingar um ferðirnar.

Bændaferðir • Síðumúla 2

Sjá – Ríkharður Ingvarn Ágústsson

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Forysta Sjálfstæðisflokksins

Alþingi gerir nú þriðju atrennu að því að ljúka Icesave. Umræðan snýst þó ekki eins og áður um það hvort ríkisstjórnin hefur meirihluta í eigin röðum. Pólitísku tíðindin eru þau að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í stjórnarandstöðu tekið að sér að hafa forystu um að ljúka málinu með nýjum samningi.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Ríkisstjórnin hefur setið með þetta mál óleyst í fanginu í tvö ár. Hún hefur tvívegis gert samninga við Breta og Hollendinga sem bæði stjórnarandstaðan og hluti af hennar eigin þingliði gerðu hana aftur reka með. Aðkoma alvöru viðmælenda var forsenda viðsemjendanna fyrir þriðju tilrauninni. Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að axla þá ábyrgð og teflir nú fram betri samningi með því pólitíska afli sem þarf til að koma málinu frá. Ráðherrarnir eru orðnir að eins konar fylgifiskum Sjálfstæðisflokksins í málsmeðferðinni.

Sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki ráðið við þetta mál er eitt gleggsta dæmið um þá málefnakreppu sem tafið hefur endurreisnina. Forystu sjálfstæðismanna hefur tekist að hagnýta sér þessa veiku stöðu ríkisstjórnarinnar til þess að gera flokk þeirra að því afli sem þurfti til að tryggja farsælar málalyktir í einu allra snúnasta milliríkjamáli sem þjóðin hefur glímt við. Það var auðvelt að falla á því prófi. Hitt kallaði á nokkra lagni og svolítið áræði að standast það.

Í því ljósi sýna lyktir málsins nýja stöðu á taflborði stjórnmálanna þar sem Sjálfstæðisflokknum hefur tekist að breikka sókn sína og styrkja sig málefnalega.

Leiðtogi en ekki fundarstjóri

Fyrir liggur að áhrifaríkföl innan flokksins eru andvíg hvers kyns samningum. Önnur spurning er því hvaða áhrif þessi afstaða muni hafa á stöðu forystunnar á meðal flokksmanna.

Tvenns konar rök eru helst færð fram gegn samningum: Önnur eru þau að lagaskylda til samninga sé ekki fyrir hendi. Hin eru að óverjandi sé að skattborgararnir ábyrgist skaðaverk óreiðumanna sem í tilviki Icesave eru helstu eigendur, bankaráð og bankastjórn gamla Landsbankans.

Varðandi fyrra atriðið er það að segja að þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans og fjármálaráðherra féllust á það í samningum við AGS í nóvember 2008 að finna pólitíska lausn. Um síðara atriðið er það að segja að skattborgararnir voru gerðir ábyrgir fyrir öllum innlendum innistæðuskuldbindingum þeirra meintu óreiðumanna sem stóðu að gamla Landsbankanum. Að auki hafa skattborgararnir lagt bankanum til marga tugi milljarða króna í nýju hlutafé til að geta staðið undir hluta af öðrum innlendum skuldbindingum þeirra.

Að þessu virtu verður ekki séð að mótrökin veiki þá efnislegu niðurstöðu málsins sem forysta Sjálfstæðisflokksins hefur ákveðið að tryggja í þágu þjóðarinnar eftir að hafa gert ríkisstjórnina afturreka í tvígang. Málefnalega sýnist forysta Sjálfstæðisflokksins þannig standa vel að vígi.

Erfiðara er að sjá fyrir hvort þessi innanflokksátök verði forystunni fjötur um fót. Hitt er ljóst að hinn ungi formaður flokksins hefur með framgöngu sinni í þessu máli sýnt að hann lítur ekki á sig sem fundarstjóra heldur leiðtoga. Hvernig sem allt fer er hann því sterkari stjórnmálamaður eftir þessa ákvörðun en fyrir. Það eru önnur helstu tíðindi þessara málaloka.

Söguleg fordæmi

Árið 1973 stóð svipað á og nú. Fyrir landinu fór vinstristjórn sem var í upplausn og réði ekki við helstu mál. Átök stóðu sem hæst við Breta vegna landhelgisútfærslunnar. Þeir voru mestir Íslendingar sem harðast töluðu gegn samvinnu og samningum við aðrar þjóðir. Í því eldfima andrúmslofti freistaði Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra þess að ná samningum við Breta eins og Ólafur Thors rúmum áratug áður. Hann hafði þó ekki meirihluta í eigin þingliði.

Ýmsir sjálfstæðismenn töldu að rétt væri að spila á strengi þjóðerniskenndarinnar og láta kné fylgja kviði. Forysta þeirra ákvað hins vegar í ljósi áratuga hlutverks flokksins í utanríkismálum að styðja samninginn. Þetta rak ríkisstjórnarflokkana saman í atkvæðagreiðslunni. Eigi að síður varð þetta upphafið að endalokum stjórnarsamstarfsins nokkrum mánuðum síðar.

Fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði á móti. Enginn þeirra ók af því. Með þessu styrkti Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar málefnalega stöðu sína á taflborði stjórnmálanna. Rangt stöðumat í samningum getur verið afdrifaríkt. Sú varð raunin í árangurslausum viðræðum við Bandaríkin í byrjun þessarar aldar um breytta stöðu varnarliðsins. Það er víti til varnaðar.

Þessi sögulegu fordæmi ættu fremur en hitt að styrkja forystu Sjálfstæðisflokksins í þeirri leiðsögn út úr Icesave-vandanum sem hún er nú að veita.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Haflíðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Marmaris

Nýr áfangastaður Heimsferða

Beint morgunflug með Icelandair

Kynningartilboð: 10.000 króna afsláttur á mann.

Tilboðið gildir til 11. febrúar.
Aðeins 300 sæti í boði á þessu tilboði.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Tyrkland eins og það gerist best!

Einstök umgjörð fyrir sumarfríið

- Glæsilegir gististaðir
- Hagstætt verðlag
- Stórfengleg náttúrufegurð
- Frábær matur
- Einstök menning & fornminjar
- Endalausir afþreyingarmöguleikar
- Spennandi kynnisferðir
- Vatnsrennibrautagarður

Frá kr. 119.900
Club Kibele ✺✺✺
í tvær vikur með kynningarafslætti
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð m/1 svefnherbergi. 2. júlí í 2 vikur.
Verð m.v. tvo fullorðna kr. 149.900 í studio. 2. júlí í 2 vikur.

Frá kr. 169.900
Hotel Elegance ✺✺✺✺✺
allt innifalið með kynningarafslætti
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi. Verð kr. 199.900 á mann m.v. tvo í herbergi. Aukagjald fyrir einbýli kr. 19.000. 21. maí í 10 nætur.

Nánar á www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Samtaka Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Við ætlum að vera Landsbankinn þinn

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu Landsbankans. Bankinn er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Við höfum treyst innviðina og gert róttækar breytingar á starfseminni. Hér eru nýir stjórnendur, breytt skipulag og nýtt regluverk. Nú setjum við fram lista af aðgerðum sem er ætlað að efla bankann enn frekar svo við megum rækta skyldur okkur af myndugleik.

Við tökumst á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bætum þjónustu, leitumst við að vera hreyfiafl í samfélaginu og ræktum samfélagslegt og siðferðilegt hlutverk okkar. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

Aðgerðir sem við ráðumst í á fyrstu sex mánuðum ársins

Siðasáttmáli

- Við heitum því að setja okkur nýjan siðasáttmála og birta fyrir 1. mars.
- Allir starfsmenn Landsbankans munu undirrita sáttmálann fyrir 1. júní 2011 og svo á hverju ári eftir það.

Skuldavandi heimilanna

- Við ætlum að tryggja fagleg og skjót vinnubrögð í meðferð þeirra mála sem fara í gegnum sértæka skuldaaðlögun.
- Ráðgjafastofa einstaklinga verður efld til að bæta þjónustu okkar við skuldsett heimili.
- Við ætlum að ljúka endurútreikningi á öllum erlendum húsnæðislánum í febrúar. Viðskiptavinir sem þegar hafa fengið birtan endurútreikning í Einkabankanum geta gengið frá sínum málum nú þegar.

Endurútreikningur erlendra húsnæðislána

25% *að lágmarki*

41% *að meðaltali*

Lækkun höfuðstóls erlendra húsnæðislána verður 41% að meðaltali. Úrræði Landsbankans tryggja að lágmarki 25% höfuðstólslækkun.

Skuldavandi fyrirtækja

- Við ætlum að bjóða öllum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrðin um Beinu brautina skuldaaðlögun fyrir 1. júní.
- Við ætlum að efla enn frekar úrvinnslu skuldamála annarra lífvænlegra fyrirtækja.

Hreyfiafl

- Við ætlum að tryggja opið og gagnsætt söluferli allra fullnustueigna bankans.
- Við ætlum að halda opna fundi um allt land í febrúar og eiga opinská samskipti við ykkur, eigendur bankans.
- Fyrir 1. júlí höldum við fundi um arðbær fjárfestingarverkefni í öllum landshlutum með sveitarfélögum, atvinnuþróunarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Við kynnum skráningu tveggja félaga í eigu bankans á markað fyrir 1. júlí sem efla mun íslenska hlutabréfamarkaðinn.
- Öflugar þjónustuleiðir fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki verða kynntar fyrir 1. júlí.
- Söluferli allra félaga eða fyrirtækja sem við eignumst vegna skuldavanda verður kynnt innan sex mánaða frá yfirtöku þeirra.

Samfélagsleg ábyrgð

- Kynjahlutfall í stjórnum dótturfyrirtækja verður jafnt fyrir 1. mars, líkt og nú er í framkvæmdastjórn.
- Ný, opin og gagnsæ innkaupastefna með samfélagslegum áherslum verður kynnt fyrir 1. júlí.
- Við kynnum nýja og heilsteypta stefnu um samfélagslega ábyrgð ásamt lykilverkefnum fyrir 1. maí.
- Upplýsingar um stjórnarhætti verða birtar fyrir 15. apríl.
- Við auglýsum eftir umsóknum og veitum styrki úr nýjum Samfélagssjóði fyrir 1. júlí.

Bætt þjónusta

- Við endurgreiðum skilvísum lántakendum íbúðalána á árinu 2010 helming af vöxtum desembermánaðar.
- Sérhæfð fræðsla fyrir starfsfólk verður efld til að bæta ráðgjöf.
- Ráðinn verður sérstakur umboðsmaður fyrirtækja.
- Við ræðum við 15.000 viðskiptavini um þjónustu fyrir 1. júlí.
- Ábendingar viðskiptavina og viðbrögð okkar verða birt á vef okkar í síðasta lagi 15. mars.

Stefnan **Landsbankinn þinn** er nú kynnt á opnum fundum um land allt. Við hvetjum ykkur öll, eigendur bankans, til að koma og eiga opinská samskipti við stjórnendur bankans. Á vef okkar, landsbankinn.is, eru nánari upplýsingar um stefnu Landsbankans, ítarlegri aðgerðalisti og yfirlit yfir þær breytingar sem orðið hafa undanfarna mánuði.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Opinn fundur um Icesave-málið

Laugardaginn 5. febrúar kl. 13.00 í Valhöll

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, heldur framsögu um Icesave-málið og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri:
Friðrik Sophusson

Allir velkomnir

www.xd.is

Sjálfstæðisflokkurinn

PARADOR luxury flooring concepts

ÚTSALA!

40% afsláttur

Þriggja stafa eikarparket frá Parador.
Fullkomið 5G smellukerfi sem sparar þér tíma og fyrirhöfn.

Nú 3.741 kr. m²
~~Áður 6.235 kr. m²~~

ÚTSALA!

35% afsláttur

Eikarplanki 8 mm slitsterkt harðparket með 25 ára ábyrgð.

Nú 1.788 kr. m²
~~Áður 2.750 kr. m²~~

Stefánsson & Stefánsson

Stepp

Parket & gólf – Sérfræðingar í gólfefnum!
Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is

PARKET & GÓLF

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Um samanburð

Tómstundastarf

Eva Einarsdóttir
borgarfulltrúi
Besta flokksins og formaður íþrótta- og tómstundaráðs

Í umræðunni um fyrirhugaðar lækkanir á framlögum til tónlistarskóla í Reykjavík að undanförnu hefur gætt mikils misskilnings um framlög Reykjavíkurborgar til íþróttamála. Margir hafa valið að etja saman tónlistarnámi annars vegar og íþróttum hins vegar. Þessi aðferð er á kostnað barna sem njóta góðs af framlögum Reykjavíkur til tónlistarmenntunar og íþróttaiðkunar. Það er miður að talsmenn tónlistarinnar hafa valið þessa leið, því hún stuðlar engan veginn að því að auka skilning á gildi tónlistarnáms.

Stór orð hafa fallið í tengslum við framlög til íþróttafélaga í Reykjavík. Staðreyndin er sú að aukning sem kemur fram í fjárhagsáætlun til íþróttamála er vegna nýs húsnæðis m.a. í Norðlingaholti og Egilshöll sem byggir á eldri ákvörðunum og Reykjavíkurborg þarf að standa skil á. Að setja samasemmerki á milli þess húsnæðis og stórfelldra hækkana til íþróttamála er álíka rökleysa og að segja að framlag til tónlistar í Reykjavík hafi hækkað um 391 milljón í ár með tilkomu Hörpu. Steinsteypumaraþon og útþensla byggðar síðasta áratug er staðreynd sem við verðum því miður að lifa með en vonandi læra af.

Bein framlög til íþróttafélaga á fjárhagsáætlun á þessu ári eru um 680 milljónir sem skiptast á milli 43 félaga en alls eru félögin 70 í heild. Framlagið er skilyrt til nota í barna- og unglingastarfi; þjálfara, íþróttafulltrúa, rekstarkostnað húsnæðis og annað sem tengt er starfi 16 ára og yngri. Framlög til íþróttafélaga lækka um 5-11% á milli ára og hafa lækkað mikið milli ára frá efnahagshruni. Mikilvægt er líka að nefna það mikla sjálfboðaliðastarf foreldra sem er forsenda fyrir að íþróttastarf gangi upp í mörgum félögum.

Í íþróttafélögum Reykjavíkur eru skráðir iðkendur 37.000, þar af 20.000 undir 18 ára. Tónlistarskólar í Reykjavík eru 18 og þar stunda 2.900 nemendur tónlistarnám, þar af rúmlega 2.400 undir 18 ára. Tónlistarskólarnir í Reykjavík fá samkvæmt fjárhagsáætlun úthlutað 640 milljónum. Samanburður á beinum framlögum í starfsemi er því fremur erfiður þar sem þessir hópar eru mjög misstórir og sinna starfi sínu á mjög ólíkan hátt. Framlög til bæði tónlistarskóla og íþróttafélaga koma af almannafé og það þarf að gera þá kröfu að farið sé vel með það og því varið á sem bestan hátt.

Að því sögðu vil ég þó um leið þakka ötulu tónlistarfólki og unnendum fyrir að standa vörð um sína hagsmuni og vekja upp umræðu. Á tímum sem þessum er svo mikilvægt að hagsmunasamtök séu öflug og minni okkur í pólitíkinni á að vanda til verka þannig að þegar betur árar þá sé forgangsröðunin ekki gleymd.

Þetta eru ólíkir hlutir svo sannarlega, tónlist og íþróttir, en eiga þó ýmislegt sameiginlegt, eins og það að fólk gefur hug sinn og hjarta þessu hvort tveggja. Sumir leggja þetta fyrir sig sem atvinnu á meðan aðrir sinna því í frístundum sínum.

Bæði eru hluti af okkar menningu og veita öðru fólki gleði og innblástur.

AF NETINU

Of feitir til að flýja og of hræddir til að berjast?

Núverandi ríkisstjórn er ekki nein venjuleg stjórn, heldur á hún í hörðu stríði við Sjálfstæðisflokkinn og aðra stjórnarandstöðuflokka. Það sést best á því, að hún beitti sér eftir valdatöku sína fyrir „hreinsunum“ gegn tveimur fyrrverandi formönnum Sjálfstæðisflokksins. Annar þeirra var hrakinn úr stöðu sinni í Seðlabankanum, þar sem hann hafði einn manna varað við yfirvofandi bankahruni. Hinn var dreginn fyrir Landsdóm vegna aðgerðaleysis í ráðherrastól, þótt allir viti, að hann er saklaus. [...]

Núverandi ríkisstjórn getur því ekki vænst þess, að Sjálfstæðisflokkurinn auðveldi henni leikinn. Brýnasta skylda flokksins er að reyna að koma þessari ríkisstjórn frá og endurreisa atvinnulífið. Brýnasta skylda flokksins er að berjast gegn stjórninni með öllum leyfilegum ráðum, en ekki að vinna verkin fyrir hana.

Sjálfstæðisflokkurinn verður að vera stærri en svo, að hann komist fyrir í vasanum á Steingrími J. Sigfússyni.

Talað er um Stokkhólmsheilkennið, þegar fórnarlömb verða andlega háð kvölurum sínum: „Ekki berja mig svona fast. Þú mátt auðvitað berja mig, en ekki svona fast. Ég skal reyna að vera góður og þóknast þér.“

Sjálfstæðismenn mega aldrei verða of feitir til að flýja og of hræddir til að berjast.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Hannes

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

SPRAUTUKLEFI - BÍLALYFTA

Atvinnuhúsnæði til leigu að Smiðshöfða 12, Rvk. 296 fm að stærð.
Í húsnæðinu er sprautuklefi, bílalyfta og loftpressa.

Upplýsingar gefur Sigfús í síma 696 7002.

Loka helgi!

50 - 60%
afsláttur
af útsöluvörum

B&S | Kringlunni 553 4141

nýjar vörur!

40-50%
afsláttur af útsöluvörum

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

nýjar vörur!

SAND strellson eterna CANALI POLO RALPH LAUREN
FINUCCI collezione POL JEANS CO. bugatti gardeur TINO COSMA BOSS HUGO BOSS LLOYD

50 - 60%
afsláttur af útsöluvörum

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

full búð af nýjum vörum!

BOSS HUGO BOSS HUGO HUGO BOSS

LÆGRA VERÐ

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

Sturtuhaus
Temrit/Kim
8016007

Eldhústæki
Giglio
7900009

Salerni
Vegghengt
salerni með öllu
8078415

Ryksuga
PowerPlus.
Ryksugar bæði ryk
og vatn.
1200W, 20 ltr.
5247007

Hleðsluborvél
PowerPlus.
14.4V, flýtipatróna.
5245225

Hleðsluskrúfvél
Hitachi Power Box,
DS12DFV3
12V, 3 rafhlöður, ljós, **67 stk bitar og borar fylgja.**
Hleðslutími 40 mín.
5247028

Kaffi Garður Skútuvogi
Pizzusneið og Coke
290kr

Electrolux

5 ára ábyrgð
í Húsasmiðjunni

2 pakkar fylgja öllum þvotta-vélum

2 pakkar af MILT þvottaefni fylgja með öllum þvottavélum í Húsasmiðjunni

Þvottavél
EWF 106410W
1000 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
LCD upplýsingaskjár.
Hægt að velja um forþvott, skolstöðvun eða viðbótarskolun
Bið á gangsetningu, tímaaðlögun (Time Management)
- þú velur tímalengd þvottakerfisins eftir þörfum.
1805650

Electrolux

5 ára ábyrgð

krumpuvörn

78.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Þurrkari
EDC 46130W
Barkalaus með rakaþétti, 6kg. 85x60x58 cm.
1805461

2.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Gufustraujárn
BOMANN,1600W.
1840861

1.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Útiljós
Marika, einnig til í hvítu.
6000770

Dömuúlpa
Hvít, XS-XXL.
5869863

TRUENORTH

tilboð

5.990,-
~~9.990,-~~

2.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Skíðagleraugu
Barna.
5872113

skíðahjálmar

4.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Skíðahjálmur
Svartur, EN1077.
5872110-14

Skíðahjálmur
Bleikur, EN1077.
5872108-9

malar ísmola

Blandari
BOMANN, stál.
550W.
1850036

5.990,-
~~7.990,-~~

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Verð gilda til 14. febrúar

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

FEGINN „Ég ákvað nú eiginlega aldrei að leggja leiklistina fyrir mig og barðist reyndar á móti því að fara í leiklistarnám," segir Ólafur Darri Ólafsson. „Í dag er ég mjög feginn að vinir mínir skyldu pressa svona á mig með leiklistina því ég myndi bilast ef ég þyrfti að vinna „venjulega vinnu" eins og til dæmis vinnu alþingismanna." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég hef fengið að vera í tísku

Ólafur Darri Ólafsson leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Roklandi, aðalhlutverkið í kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpinu, sem frumsýnd verður í haust, leikur í þremur sýningum í Þjóðleikhúsinu og er á leiðinni til Hollywood til að leika í nýjustu mynd Baltasars, Contraband. En hver er hann, hvaðan kom hann og hvert er hann að fara? *Friðrika Benónýsdóttir* freistaði þess að komast að því.

Það var í sýningu Herranætur MR 1993 á Drekanum eftir Jewgeny Schwartz sem Ólafur Darri steig sín fyrstu skref á leiksviði, í það minnsta opinberlega. „Drekinn var í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar og var sýndur í Tjarnarbíói og það var fyrsta alvöruhlutverkið mitt. Skemmtileg sýning og mikið af fólki í hópnum sem hefur verið manni samferða síðan. Þar byrjaði leiklistarbakterían aðeins að grafa um sig, en ég ætlaði samt ekkert að verða leikari."

Í sýningu Herranætur árið 1994 lék Ólafur Darri svo sjálfan Sweeney Todd undir leikstjórn Óskars Jónassonar og áhorfendur og gagnrýnendur voru á einu máli um að stjarna væri fædd. Var það þá sem hann ákvað að leggja leiklistina fyrir sig? „Sweeney Todd var ein af þessum skólasýningum sem slá í gegn, var sýnd tíu eða tólf sinnum minnir mig. Hrikalega skemmtileg sýning og góður hópur. En ég ákvað nú eiginlega aldrei að leggja leiklistina fyrir mig og barðist reyndar á móti því að fara í leiklistarnám. Mér gekk aldrei neitt sérstaklega vel í skóla, er of mikill sveimhugi til að einbeita mér að námi, svo mér stóð dálítil ógn af Leiklistarskólanum. Ég lét tilleiðast vegna þrýstings vina minna að fara í inntökupróf, á sama tíma og ég var í stúdentsprófunum, og var skíthræddur um að ég myndi hvorki ná stúdentsprófi né komast inn í Leiklistarskólann. Þetta blessaðist samt allt saman, ég komst inn og smátt og smátt fór þetta að höfða meira til mín. Í dag er ég mjög feginn að vinir mínir skyldu pressa svona á mig með leiklistina því ég sé mig ekki fyrir mér í neinu öðru. Ég held ég verði að vera að vinna að einhverju skapandi, ég myndi bilast ef ég þyrfti að vinna „venjulega vinnu" eins og til dæmis vinnu alþingismanna."

Perlur, svín og leiklistarelítan

Strax á þriðja ári í Leiklistarskólanum bauð Óskar Jónasson Ólafi Darra hlutverk í kvikmyndinni Perlur og svín og ferillinn var hafinn. „Ég hef verið svo heppinn í gegnum tíðina að hafa mikið af góðu fólki í kringum mig sem hefur stutt við bakið á mér. Þegar ég fékk þetta tilboð frá Óskari var ég enn í skólanum og það hefði verið auðvelt fyrir skólayfirvöld að banna mér að leika í myndinni. En ég fékk leyfið, jafnvel þótt upptökur færu fram á skólatíma, og ég man hvað ég varð ótrúlega glaður þegar ég fékk handritið í hendurnar, fór heim með það og settist við að lesa. Ég vissi hverjir áttu að leika í myndinni og var alveg í sæluvímu vitandi það að ég átti að fara að leika á móti uppáhaldsleikurunum mínum: Ingvari Sigurðssyni, Þresti Leó, Ólafíu Hrönn, Jóhanni Sig, Steinunni Ólínu, Eddu Björgvins, þetta var elítan í íslenskri leiklist að mínu áliti. Þetta var bara stórkostlegt. Það hefur alltaf verið einhver heillastjarna yfir mér."

Er þetta ekki óþarfa hógværð? Hafa eigin hæfileikar ekki haft sitt að segja? „Jú, jú, að sjálfsögðu. Ég reyni að vera mjög nákvæmur þegar kemur að vinnunni minni. Ég vanda mig mjög mikið, reyni að vera fyrsti maður til að læra textann, vil vita nákvæmlega hvað ég er að gera. Ég helli mér af fullum krafti út í hvert verkefni og tel mig hafa mjög góða tilfinningu fyrir þeim hlutum sem ég er að vinna hverju sinni. Það koma stundir þegar ég horfi á það sem ég hef gert og er bara mjög ánægður, en svo er auðvitað annað sem mér líkar ekki eins vel. Annað sem ágætt er að hafa á bak við eyrað þegar vel gengur er að vissir leikarar komast í tísku á vissum tímum og ég er svo heppinn að ég hef fengið að vera í tísku undanfarið."

> Ég gengst alveg við því að vera með stórt egó og er svo sannarlega ekki einn um það í Vesturporti. Við höfum oft lent í rifrildum.
> Við erum að vinna listrænt starf og það á ekki að vera nein lognmolla.

Ertu ekkert hræddur um að fólk verði leitt á þér ef þú ert alls staðar? „Jú, jú, auðvitað er ég skíthræddur um það, en ég verð þá bara að taka því."

Börn, Foreldrar og Marinó

Ein ógleymanlegasta frammistaða í íslenskri kvikmyndasögu er túlkun Ólafs Darra á Marinó í kvikmynd Ragnars Bragasonar, Börnum. Hvernig vann hann það hlutverk? „Börn var náttúrlega í fyrsta lagi „labour of love", svo maður leyfi sér að sletta aðeins. Hún var unnin af algjörum vanefnum fjárhagslega og varð bara til fyrir áhuga Ragnars leikstjóra og leikhópsins Vesturports. Ég hef aldrei unnið nokkurt verkefni eins og við unnum þá mynd. Við tókum okkur marga mánuði í undirbúning og ég, eins og aðrir í þeirri mynd, byggði persónu mína á manneskju sem ég hef hitt á lífsleiðinni. En það erfiða við að leika geðfatlaðan mann er að ég get aldrei sett mig almennilega inn í þennan heim og vonandi mun ég aldrei geta það. Það sem ég gerði var að fylgjast með fólki sem á við þennan sjúkdóm að stríða og kynna mér hann mjög vel. Svo reyndi maður bara að vera Marinó trúr og heiðarlegur. Saga Marinós fannst mér falleg, þá sérstaklega samband hans við ungan strák sem býr í blokkinni hans. Þeir félagarnir eru í vandræðum með foreldra sína og miklir vinir en þó báðir afskaplega einmana. Strákurinn var leikinn af litla bróður Nínu Daggar, Andra Snæ, sem stóð sig frábærlega. En svo fannst okkur Ragga mikilvægt að sýna líka hættulegu hliðina á Marinó og gerðum það með því að láta þann sem minnst má sín leggja þann sem mestur er. Ég er mjög stoltur af þessum tveimur myndum, Börnum og Foreldrum, þær eru eiginlega einstakar í íslenskri kvikmyndasögu og gaman að hafa fengið að taka þátt í gerð þeirra.

Vesturport og egó

Vesturport, hvernig varð það til? „Mín aðkoma að Vesturporti kom til fyrst og fremst í gegnum samtöl við Gísla Örn og hin í hópnum. Upphafshvatinn að stofnun leikhópsins var fyrst og fremst að breyta því sem okkur fannst vera staðnað í leikhúsinu. Þannig á það að vera hjá ungu fólki. Ég er viss um að fullt af því unga fólki sem er að útskrifast úr leiklist í dag horfir á það sem Vesturport er að gera og finnst það ömurlegt. Það er bara frábært. En þarna í upphafi hittumst við á óendanlega mörgum fundum og hömruðum saman einhvers konar manifestó. Þetta var góður vettvangur til að viðra hugmyndir sínar og fá fólk í lið með sér til að koma sér í gang. Við lögðum ótrúlega vinnu í þetta, leigðum okkur leikhús og borguðum með okkur í um það bil eitt ár, þótt við ynnum sjálf allt sem þurfti að vinna í leikhúsinu. Að lokum komumst við að þeirri niðurstöðu að rekstur leikhúss væri ekki markmið í sjálfu sér heldur snerist þetta fyrst og fremst um að reyna að gera leiklist. Við höfum gert hluti sem ég er mjög stoltur af en svo sem líka hluti sem mér finnst minna varið í. Þetta er svo ofboðslega mikið hæfileikafólk sem maður er að vinna með og það er ómetanlegt. Smekkur okkar er misjafn eins og gengur og gerist og kannski sem betur fer, en það gerir samstarfið bara enn meira spennandi og gefandi."

Ímynd Vesturports út á við er ímynd einlægni og samstöðu en hefur aldrei komið til átaka innan hópsins? „Þú getur nú rétt ímyndað þér. Ég gengst alveg við því að vera með stórt egó og er svo sannarlega ekki einn um það í Vesturporti. Við höfum oft lent í rifrildum og

átt okkar ágreining, en mér hefur alltaf fundist menn vera menn að meiri ef þeir geta átt í ágreiningi en komist yfir hann og unnið saman áfram. Því finnst mér við hafa náð. Við erum að vinna listrænt starf og það á ekki að vera nein lognmolla. Mér finnst stundum allt of mikil ládeyða í listalífi á Íslandi. Þeir sem ráða samfélaginu hafa því miður fengið að kynnast þeirri ládeyðu og njóta hennar. Við erum allt of rög við að setja hnefann í borðið og vera óþekk. Við eigum að vera miklu óþekkari og ég vona að þetta ástand sem hefur orðið til eftir hrun, bæði í samfélaginu og í hjörtum okkar, leiði til þess að við verðum betra land og réttlátara samfélag. En maður sér reyndar fá dæmi þess, því miður. Það virðist bara eiga að halda áfram með sama ruglið. Nú eru vinstri menn við völd og ég óttast að þeir ætli sér að sitja nógu lengi til að koma sínum mönnum í æðstu stöður, alveg eins og hægri menn gerðu. Þetta hryggir mig mjög mikið. Og mér finnst ábyrgð okkar listamanna vera alveg gríðarlega mikil. Við eigum að vera fremst í flokki og benda á að keisarinn er ekki í neinum fötum. Það er hlutverk listamanna og við eigum að taka það alvarlega. Og það er yfirvalda að átta sig á því hlutverki og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að styðja við bakið á okkur. Við erum jú mikilvægur hluti fjórða valdsins. Þess vegna hefur mér fundist umræðan til dæmis um listamannalaun vera á villigötum, ekki er um að ræða einhvern ómagastyrk heldur laun fyrir listræna vinnu sem rannsóknir sýna að skilar sér margfalt til baka. Mér finnst oft á tíðum borin of lítil virðing fyrir list og listamönnum, en það er líka listamannsins að stíga fram, bera höfuðið hátt og sýna fram á að hann eigi virðingu skilið."

Frægðin, Hollywood og einkalífið

Hvernig hefur það að verða andlit sem allir kannast við breytt lífi þínu? Ertu milli tannanna á fólki? „Nei, ég hef aldrei heyrt neinar kjaftasögur um mig, hlýt bara að vera svona óspennandi. Ég lendi reyndar oft í því að fólk hefur ekki hugmynd um hver ég er og það þykir mér bara þægilegt. En auðvitað hefur frægðin breytt lífi mínu að ákveðnu leyti og fólk er farið að þekkja mig úti á götu. 98% af fólki eru mjög vinsamlegt og elskulegt og mér þykir vænt um þegar fólk kemur til mín og þakkar mér fyrir eitthvað sem ég hef gert sem hefur hrifið það. Svo eru það þessi 2% sem oftast eru drukkin og finnst bara sjálfsagt mál að ég stilli mér upp á myndum með þeim, eða hætti þeim samræðum sem ég er í til að tala við það þegar það rekst á mig á förnum vegi.

Reyndar hefur þetta verið að breytast mjög hratt hér á Íslandi og kannski er það vegna þess, að mér finnst verið að reyna að búa til einhverja sorglega breska „seleb"-menningu sem engar forsendur eru fyrir á þessu litla landi. Það er enginn merkilegur fyrir það eitt að sjást í fjölmiðlum. Þar með talinn ég. Ég er engin stórstjarna. Ég bara leik mín hlutverk sem öðru hverju eru stór og hitt kastið lítil. Það skiptir mig engu máli hversu stórt hlutverkið er, ég vil bara gera það eins vel og mér er mögulegt."

Ólafur Darri er á leið til Hollywood í lok mánaðarins til að leika í nýjustu mynd Baltasars Kormáks, Contraband. Langar hann að reyna að meika það í Hollywood? „Þetta er nú bara lítið hlutverk í Contraband, ég verð heppinn ef ég lifi klippiherbergið af, svo það verður varla nein örtröð af tilboðum í kjölfarið á því. Ég væri alveg til í að vinna í Hollywood, eða annars staðar í útlöndum, fyrst og fremst af fjárhagslegum ástæðum, þótt það sé kannski ljótt að segja það. Mér finnst ég vinna alveg ofboðslega mikið á Íslandi fyrir hlutfallslega mjög litla peninga og vildi svo gjarna eyða miklu meiri tíma með fólkinu sem mér þykir vænt um og velta fyrir mér stóru spurningunum í lífinu. Hér þarf maður bara að vinna of mikið til þess að hægt sé að lesa þær bækur sem maður vill lesa, horfa á og stúdera bíómyndir, sinna fjölskyldu og vinum og svo framvegis. Að því leyti væri feitur samningur í Hollywood guðsgjöf, en takmarkið er alls ekki að meika það í útlöndum."

Fyrir tveimur mánuðum bættist nýtt hlutverk í hlutverkaflóru Ólafs Darra þegar honum og konu hans, Lovísu Ósk Gunnarsdóttur dansara, fæddist dóttir. Hvernig leggst það hlutverk í hann? „Það er náttúrlega algjör umbylting og ég vildi óska þess að ég hefði miklu meiri tíma til að sinna henni. Ég ætla reyndar að taka mér þriggja mánaða fæðingarorlof í vor og ætla svo sannarlega að njóta þess að eiga þann tíma með dóttur minni og velta enn þá betur fyrir mér hinstu rökum tilverunnar, svo maður gerist nú fádæma hátíðlegur."

KVIKMYNDIN OG BÓKIN ROKLAND

Böddi og Böddi

Ólafur Darri er tilnefndur til Edduverðlauna fyrir túlkun sína á Bödda í Roklandi, en ýmsir hafa látið það ergja sig að karakter Bödda í kvikmyndinni sé ekki í samræmi við karakter Bödda í bókinni. Hvað segir Ólafur Darri um þá gagnrýni?

„Hver heilvita maður sem les Rokland ætti að sjá að þetta er alls ekki sami karakterinn. Í bókinni er hann grannur, dökkur yfirlitum og svona listamannstýpa, sem ég er ekki.

Ég held persónulega að það sé kostur að hafa karakterana ólíka, því ef ég á að vera hreinskilinn finnst mér þessi manneskja sem er í bókinni hans Hallgríms ekki ganga upp í kvikmynd. Það þyrfti einhvern rosalega góðan leikara til að gera þennan ósympatíska karakter að persónu sem áhorfendur gætu þolað. Í kvikmynd er það afskaplega vandmeðfarið að aðalpersónan veki andúð áhorfenda."

Uglan viska í fjármálum

Ferð til fjár

Námskeið byggð á sjónvarpsþáttunum vinsælu

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

Stofnun um fjármálalæsi

Námskeið um fjármál - *á mannamáli*

Breki Karlsson vakti mikla athygli með sjónvarpsþáttunum Ferð til fjár. **Nú gefst þér kostur á að sækja námskeið hjá Breka** þar sem hann fer betur í saumana á fjármálum einstaklinga og fjallar um peninga, sparnað og eyðslu - sem sagt skemmtileg fræðsla á mannamáli.

10. feb. - kl. 17:30 Hafnarborg, Hafnarfirði

16. feb. - kl. 17:30 Borgartúni 19, Reykjavík Boðið er upp á táknmálstúlkun

23. feb. - kl. 13:00 Bifröst, Borgarfirði

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is/uglan.

Aðgangur er ókeypis og boðið er upp á veitingar.

Þættirnir *Ferð til fjár* eru nú aðgengilegir á arionbanki.is

www.arionbanki.is/uglan

Arion banki

ÓRÓI Í NORÐUR-AFRÍKU OG MIÐ-AUSTURLÖNDUM



Mótmælt hefur verið í **Marokkó**, þar sem stjórnvöld eru sökuð um spillingu. Mótmælin hafa þó ekki komist á sama flug og í Túnis og Egyptalandi.

Í **Alsír** hafa mótmæli verið hófstilltari en í Túnis og Egyptalandi. Stjórnvöld hafa brugðist við með því að takmarka verðhækkanir til að róa almenning.

Mestum árangri hafa mótmælendur náð í **Túnis**, þar sem forsetinn hrökklaðist frá völdum.

Lítið hefur orðið vart við mótmæli í **Líbíu**, en fréttir hafa borist af ókyrrð í borginni al-Bayda þrátt fyrir bann við hvers konar samkomum eða mótmælum. Ekki er vitað til þess að leiðtogi landsins hafi brugðist við á nokkurn hátt.

Í **Egyptalandi** hefur forsetinn lofað að fara frá í september, en það hefur ekki dugað til að slá á mótmælin.

Í **Jórdaníu** hefur konungurinn rekið ríkisstjórnina og skipað nýjan forsætisráðherra, sem hefur verið falið að stuðla að umbótum.

Í **Jemen** hafa mótmæli orðið til þess að forseti landsins hefur tilkynnt að hann muni ekki bjóða sig fram aftur árið 2013 þegar til stendur að kjósa í landinu.

MAROKKÓ



Leiðtogi: Mohammed VI. konungur (síðan 1999)
Sjálfstæði: Skilið frá Frakklandi árið 1956
Íbúafjöldi: 31,6 milljónir
Atvinnuleysi: 9,8%
Trúarbrögð: 98,7% múslimar, 1,1% kristnir, 0,2% gyðingar
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 15%
Læsi: 52,3%

ALSÍR

Leiðtogi: Abdelaziz Bouteflika forseti (síðan 1999)
Sjálfstæði: Skilið frá Frakklandi árið 1962
Íbúafjöldi: 34,6 milljónir
Atvinnuleysi: 9,9%
Trúarbrögð: 99% súnnímúslimar, 1% kristnir og gyðingar
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 23%
Læsi: 69,9%

TÚNIS



Leiðtogi: Zine el Abidine Ben Ali forseti (síðan 1987), hrökklaðist frá völdum 2011
Sjálfstæði: Skilið frá Frakklandi árið 1956
Íbúafjöldi: 10,6 milljónir
Atvinnuleysi: 14%
Trúarbrögð: 98% múslimar, 1% kristnir, 1% gyðingar og aðrir
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 3,8%
Læsi: 74,3%

LÍBÍA

Leiðtogi: Muammar Abu Minyar al-Gaddafi leiðtogi (síðan 1969)
Sjálfstæði: Undir stjórn Sameinuðu þjóðanna til ársins 1951
Íbúafjöldi: 6,5 milljónir
Atvinnuleysi: 30%
Trúarbrögð: 97% súnnímúslimar, 3% aðrir
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 33%
Læsi: 82,6%

EGYPTALAND

Leiðtogi: Mohamed Hosni Mubarak forseti (síðan 1981)
Sjálfstæði: Var undir stjórn Bretlands til 1922
Íbúafjöldi: 80,5 milljónir
Atvinnuleysi: 9,7%
Trúarbrögð: 90% múslimar, 10% kristnir
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 20%
Læsi: 71,4%

JÓRDANÍA

Leiðtogi: Abdallah II konungur (síðan 1999)
Sjálfstæði: Var stýrt af bandalagi þjóða undir forystu Breta til 1946
Íbúafjöldi: 6,4 milljónir
Atvinnuleysi: 13,4%
Trúarbrögð: 92% súnnímúslimar, 6% kristnir, 1% aðrir
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 14,2%
Læsi: 89,9%

SÁDI-ARABÍA



Leiðtogi: Abdallah bin Abd al-Aziz Al Saud konungur og forsætisráðherra (síðan 2005)
Sjálfstæði: Stofnað 1932 með sameiningu
Íbúafjöldi: 25,7 milljónir
Atvinnuleysi: 10,8%
Trúarbrögð: Nær eingöngu múslimar
Hlutfall undir fátæktarmörkum: Ekki vitað
Læsi: 78,8%

JEMEN

Leiðtogi: Ali Abdallah Salih forseti (síðan 1978, var forseti Norður-Jemen fyrir sameiningu)
Sjálfstæði: Stofnað 1990 með sameiningu Norður- og Suður-Jemen
Íbúafjöldi: 23,5 milljónir
Atvinnuleysi: 35%
Trúarbrögð: Nær eingöngu múslimar
Hlutfall undir fátæktarmörkum: 45%
Læsi: 50,2%

Upphaf meiriháttar breytinga

Mótmælaaldan sem skellur nú á arabaríkjum í **Norður-Afríku** og **Mið-Austurlöndum** þykir minna á öldu mótmæla í Austur-Þýskalandi sem leiddu til falls kommúnismans. *Brjánn Jónasson* kynnti sér orsakir og mögulegar afleiðingar mótmælanna.

Egyptaland er kallað „umm al-dunya“, eða „móðir heimsins“ á arabísku. Sú nafngift varpar ljósi á ótta sérfræðinga í málefnum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda um að óeirðirnar í Egyptalandi geti haft alvarleg áhrif á stöðugleika í þessum heimshluta.

Hosni Mubarak, hinn 82 ára gamli forseti Egyptalands, hefur stýrt landinu í þrjá áratugi. Hann hefur verið sterkur leiðtogi þessa fjölmenna lands, og hefur verið einn öflugasti bandamaður Vesturlanda í arabaheiminum.

Mótmælendum í Túnis tókst ætlunarverk sitt þegar þeir komu Zine el Abidine Ben Ali, fyrrverandi forseta Túnis, frá völdum í janúar. Takist mótmælendum í Egyptalandi að hrekja Mubarak frá völdum með sömu aðferðum hljóta aðrir einræðisherrar í þessum heimshluta að óttast mjög um stöðu sína.

„Mér finnst þetta vera byrjunin á meiri háttar breytingum í þessum heimshluta,“ segir Magnús Þorkell Bernharðsson, dósent í sögu Mið-Austurlanda við Williams-háskóla í Bandaríkjunum og forstöðumaður alþjóðamáladeildar skólans.

Mótmælendur hafa notað sér netið og snjallsíma til að skipuleggja mótmælin. Við þessu reyndu stjórnvöld í Egyptalandi að bregðast með því að loka fyrir netið á fyrstu dögum mótmælanna.

Magnús segir aukna möguleika fólks til að hafa samskipti greinilega hafa haft áhrif á almenning í þessum ríkjum. Fólk geti séð hvernig aðrir í heiminum hafi það án þess að treysta á hefðbundna fjölmiðla. Svo noti það samskiptamiðla á netinu til að skipuleggja mótmælin.

Mótmælaaldan sem nú skellur á ríkjunum í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum þykir minna um margt á bylgju mótmæla í Austur-Evrópu í kringum fall Berlínarmúrsins. Magnús segir mikið til í því. Ástandið í löndunum sé svipað, mótmæli á götum úti og mikill hugur í fólki.

Óttast öfgasinnaða múslima

Mótmælaöldunni í Túnis hefur verið líkt við litla þúfu sem veltir þungu hlassi. Hlassið er þó í raun ekki enn fallið, svo haldið sé áfram með þá samlíkingu. Þótt mótmælendum hafi tekist að knýja fram stjórnarskipti í Túnis hefur sú breyting ein og sér ekki þann skriðþunga sem þarf til að koma af stað öldu í þessum heimshluta.

BÆNASTUND Á FRELSISTORGI Gríðarlegur mannfjöldi kom saman á Frelsistorginu í Kaíró í Egyptalandi í gær til að krefjast afsagnar forseta landsins. Mikill þrýstingur er á forsetann að láta af embætti en það gæti haft afleiðingar víða í þessum heimshluta. NORDICPHOTOS/AFP

Hrökklist hinn öflugi einræðisherra Mubarak frá völdum í Egyptalandi gæti það hins vegar haft miklar afleiðingar fyrir önnur stór arabaríki.

Brotthvarf sterkra leiðtoga í arabaríkjunum gæti leitt til þess að öfgasinnaðir múslimar komist til valda, jafnvel í kjölfar lýðræðislegra kosninga. Til þess verður þó að horfa að harðlínumúslimar hafa ekki leitt mótmælin í Túnis, Egyptalandi og víðar, síður en svo. Undirrót mótmælanna er bágborið efnahagsástand, hátt matvælaverð og óánægja með spillingu, ekki krafa harðlínumanna um meiri völd.

Það hefur ekki stoppað öflug samtök harðlínumanna í Egyptalandi frá því að reyna að nýta sér ástandið. Hið bannaða Bræðralag múslima hefur beitt sér í mótmælunum gegn Mubarak forseta, sem hefur haldið samtökunum niðri með hörku síðustu áratugi.

Magnús bendir þó á að harðlínumenn njóti stuðnings um fimmtungs egypsku þjóðarinnar, og því varla við því að búast að til verði nýtt klerkaveldi á borð við Íran í landinu. Aðstæður séu raunar allt aðrar en í byltingunni í Íran.

Friðarferlið í uppnámi

Leiðtogar á Vesturlöndunum hafa helst af öllu viljað stöðugleika í Mið-Austurlöndum, hvort sem sá stöðugleiki fylgir valdatíð harðsvíraðs einræðisherra eða ekki. Það á við um tvö helstu bandalagsríki Bandaríkjanna í þessum heimshluta, Egyptaland og Sádi-Arabíu. Í báðum ríkjum hafa öflugir einræðisherrar stýrt með harðri hendi án þess að bandamenn þeirra í vestri hafi gert við það athugasemdir.

Endalok Mubaraks gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir friðarferlið sem hefur verið í gangi í Mið-Austurlöndum. Egyptaland var fyrsta arabalandið sem undirritaði friðarsamkomulag við Ísrael. Falli stjórnin þar gæti það aukið enn á einangrun Ísraels og gert samkomulag við palestínsk stjórnvöld enn ólíklegra.

Almenningur í Egyptalandi er síður en svo vinveittur Ísrael, og þó að friður hafi ríkt milli landanna undanfarna áratugi hefur það verið kaldur friður, segir Magnús. Það þýðir væntanlega að endurskoða þurfi samskipti Egyptalands og Ísraels komist nýr lýðræðislega kjörinn meirihluti til valda í Egyptalandi.

Mubarak var einnig einn staðfastasti bandamaður Vesturlandanna í þessum heimshluta. Það skýrir milljónir Bandaríkjadala sem runnið hafa til landsins frá Bandaríkjunum undir formerkjum þróunaraðstoðar á hverju ári undanfarin ár og áratugi. Það skýrir líka hvers vegna leiðtogar á Vesturlöndum hafa látið sem þeir sjái ekki mannréttindabrot, kosningasvindl og spillingu í landinu.

Óvíst er hvað tekur við víki Mubarak, og það veldur leiðtogum á Vesturlöndum sem vilja hafa áhrif í Mið-Austurlöndum áhyggjum. Sér í lagi þar sem mótmælendur í Egyptalandi virðast ekki ginnkeyptir fyrir handvöldum arftaka Mubaraks, hvorki syni hans né nýskipuðum varaforseta, sem leitt hefur leyniþjónustur landsins árum saman.

Vaxandi þrýstingur á Mubarak

Mubarak virðist staðráðinn í að gefa sig ekki, þótt hann hafi raunar sagt í viðtali við ABC-fréttastofuna að hann sé orðinn leiður á starfinu. Hann hefur lofað landsmönnum að hvorki hann né sonur hans muni bjóða sig fram í kosningum sem fyrirhugaðar eru í september. Hann hefur einnig lofað umbótum í landinu. Þessi loforð hafa ekki dugað mótmælendum, sem vilja Mubarak frá völdum strax.

Það er ólíku saman að jafna þegar staða forseta Egyptalands og forseta Túnis er borin saman. Egyptaland er í reynd lögreglurríki. Forsetinn stýrir afar öflugu lögregluliði, harðsnúinni leyniþjónustu og vel vopnum búnum herafla. Takist Mubarak að halda her og lögreglu undir sinni stjórn getur hann reynt að bíða af sér mótmælin eða stilla til friðar með völdum.

Það var því nokkurt áfall fyrir Mubarak þegar yfirstjórn hersins tilkynnti að herinn myndi ekki skipta sér af mótmælunum. Herinn er afar vinsæll í landinu og þótti með þessu gefa til kynna að hann stæði með fólkinu, að einhverju leyti að minnsta kosti. Þó verður að hafa í huga að innan hersins eru margir sem hafa fengið stöður, hlunnindi og fleira úr hendi Mubaraks. Ekki er víst að sú upplausn sem gæti orðið hrökklist forsetinn frá völdum hugnist yfirstjórn hersins.

Þrýstingur á Mubarak að víkja strax eykst dag frá degi. Ekki bara frá mótmælendum á götum Kaíró og annarra borga landsins, heldur einnig frá bandamönnum utan landamæranna. Bandarísk stjórnvöld þrýsta nú mjög á Mubarak að víkja fyrir tímabundinni stjórn með stuðningi hersins. Hvort þessi maður sem setið hefur við völd í þrjá áratugi beygir sig undir þær kröfur á eftir að koma í ljós.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VERÐ ÁÐUR: 5.895,-
3.895,-

Kuldagalli
Sterkir og vandaðir kuldagallar fyrir veturinn. Fást í bleiku/svörtu og bláu/svörtu.
Stærðir: 80 - 134 sm.

33% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-
2.995,-

40% AFSLÁTTUR

Kuldastígvél
Loðfóðruð, ítölsk gæða kuldastígvél á börnin. Svört stærðir: 21-39.
Rauð stærðir: 21-35.

VERÐ ÁÐUR: 995,-
595,-

40% AFSLÁTTUR

Lambhúshettur og húfur
Góðar lambhúshettur og húfur á frábæru verði!. Nokkrir mismunandi litir fáanlegir. Stærðir: 2-8 ára.

VERÐ ÁÐUR: 1.295,-
995,-

20% AFSLÁTTUR

Skíðahanskar
Hlýir og góðir skíðahanskar á frábæru verði!
Barnastærðir áður: **1.295,-** nú: **995,-**
Fullorðinsstærðir áður: **1.495,-** nú: **1.195,-**

Klæðum okkur vel um helgina!

Rennum okkur saman

RASSAÞOTA
389,-

UNGBARNAÞOTA
2.995,-

Snjóþotur fyrir káta krakka

Rassaþota	389,-
Þotudiskur	1.095,-
Þota með bremsum	1.995,-
Ungbarnaþota	2.995,-

ALLT AÐ 33% AFSLÁTTUR

ÁÐUR FRÁ: 2.495,-
1.995,-

Skíðagleraugu
Góð skíðagleraugu fyrir börn og fullorðna.
Nokkrir litir. Barnastærðir áður: **2.495,-** nú: **1.995,-**
Fullorðinsstærðir áður: **2.995,-** nú: **1.995,-**

ÞOTUDISKUR
1.095,-

SNJÓÞOTA MEÐ BREMSUM
1.995,-

BÍLRÚÐUSKAFA
995,-

Bílrúðuskafa og sópur
Sniðug bílrúðuskafa með áföstum sópi og framlengjanlegu skafti.
Frábært verð á góðri sköfu!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS

GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4 ÞARF AÐEINS AÐ HITA

998 KR. STK.

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK.

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS HEILSURÉTTUR

GRÍSAVEISLU VÍNARSNITSEL
998 KR.KG.

ÍSLANDSLAMB FROSINN
HÁLFUR LAMBSKROKKUR
798 KR.KG.

OS BRAUÐOSTUR MILDUR 26%
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1296 KR.
972 KR.KG.

KF REYKT **FOLALDAKJÖT**
599 KR.KG.
25% AFSLÁTTUR - MERKT VERÐ 798 kr.kg

139 KR. 460 gr
129 KR. 460 gr

BÓNUS SINNEP

NÝTT OG ENDURBÆTT BRAGÐ **TÓMATSÓSA**

BÓNUS MYLLAN

998 KR. 1000g

BÓNUS **SÚKKULAÐITERTA** 3 HÆÐA 1 KG

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur Merkt verð 1648 kr./kg.
1236 KR.KG

298 KR. 420g

MYLLU **KRYDDKAKA** 440g *200 kr. lækkun*

Gillette
FUSION POWER
FJÖGUR RAKBLÖÐ
200 KR. LÆKKUN
1798 KR.PK.

Gillette
MACH 3
FJÖGUR RAKBLÖÐ
1198 KR.PK.

Gillette

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKUR KJÖRFUGL BRINGUR, BITAR OG VÆNGIR

KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG

KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG

KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG

100% UNGNAUTA HAMBORGARAR
2 x 120g MEÐ SÓSU OG BRAUÐI
498 KR.

898 KR. kg

FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
60% NAUT & 40% GRÍS

259 KR. 1 kg

BARILLA **SPAGHETTI** 1 KG

Kellogg's
RISA KASSI 1 KG.
598 KR. 1KG.

Neutral
ÞVOTTAEFNI 1.9 KG.
679 KR. 1.9 KG

SKORNIR
129 KR

HEILIR
109 KR

Hunt's TÓMATAR 410g



FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
MEÐ BEINI
798 KR.KG

ÞEYTIRJÓMI 250ml
198 KR.

PRINGLES 165g
198 KR.

179 KR. 2 ltr.

98 KR. 500ml

MOUNTAIN DEW 500ml

98 KR. 500ml

EGILS ORKA 500ml

198 KR. 1 kg

BÓNUS BRAUÐ 1 KG.
26 SNEIÐAR

Always dömubindi einfaldur pakki allar teg. ***359 kr.***

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér fæðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

Darraðardans við Lækjargötu

Á þriðjudag voru tvö ár liðin frá því að **ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur** tók við völdum í landinu. Í aðdraganda stjórnarskiptanna var pólitískt óveður í lofti og varla er hægt að tala um að rofað hafi til. Þvert á móti; hver lægðin hefur rekið aðra. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** fer yfir tveggja ára valdatíð Jóhönnu og ríkisstjórna hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óöld var í þjóðlífinu í byrjun árs 2009. Þremur mánuðum áður hafði almenningur horft upp á spilaborgina sem kallaðist fjármálakerfi hrynja til grunna og fannst ekkert hafa gerst síðan. Þolinmæðin gagnvart ráðþrota ríkisstjórn var á þrotum. Fólkið kallaði „vanhæf ríkisstjórn“ og krafðist kosninga en forystumenn stjórnarflokkanna hlustuðu ekki. Þegar Alþingi kom úr jólaleyfi 20. janúar loguðu eldar á Austurvelli en innandyra sagði Geir H. Haarde að aðgerðir úr áætlunum fyrir heimili og fyrirtæki væru smátt og smátt að koma til framkvæmda.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagðist vilja halda samstarfinu áfram en í flokki hennar kraumaði óánægja. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þá nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins, bar betra skynbragð á ástandið en þau þaulreyndu Geir og Ingibjörg og bauðst til að verja stjórn Samfylkingarinnar og VG falli.

Sigmundur skerst í leikinn

Ingibjörg Sólrún gaf í fyrstu lítið fyrir hugmyndir um nýja ríkisstjórn en Geir sá í hvað stefndi og lagði til að efnt yrði til kosninga en stjórnin sæti fram að þeim. Í nokkra daga mátu þau stöðuna og gerðu kröfur hvort á annað um nauðsynleg skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi. Sjálfstæðisflokkurinn vildi að ríkisútgjöldin yrðu skorin niður um tugi milljarða til viðbótar við þann mikla niðurskurð sem ákveðinn var í fjárlögum ársins.

Samfylkingin lagði höfuðáherslu á að Davíð Oddsson yrði rekinn úr Seðlabankanum og að stefna skyldi að umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Að endingu fór svo að upp úr slitnaði og Samfylkingin og VG mynduðu stjórn sem Framsóknarflokkurinn hét að verja vantrausti. Jóhönnu Sigurðardóttur, elsta og reyndasta þingmanni Samfylkingarinnar, var falin forystan.

Miklar væntingar

Allar aðstæður voru með miklum ólíkindum þegar Jóhanna varð forsætisráðherra 1. febrúar 2009. Vandamál hvert sem litið var. Atvinnulífið var stórkostlega laskað, fjöldagjaldþrot fyrirtækja blöstu við með tilheyrandi atvinnuleysi og tekjubresti fólks og hrun í tekjum ríkis og sveitarfélaga var staðreynd. Við bættust allar erfiðu tilfinningarnar sem brutust út í fólki vegna ástandsins; kvíði, reiði og sorg. Væntingarnar sem gerðar voru til ríkisstjórnarinnar voru miklar.

Ný stjórn, sem mynduð var til að starfa í tæpa 90 daga, lagði fyrst í stað ekki sérstaka áherslu á vinstri pólitík. Hún sagði verkefni sitt fyrst og fremst að endurreisa efnahagslífið, ráðast í aðgerðir til bjargar heimilum og atvinnulífi og auka lýðræðið. Fyrst á dagskrá var þó að reka Davíð Oddsson úr Seðlabankanum.

Davíð rekinn

Í ríkisstjórninni sátu fjórir ráðherrar úr hvorum stjórnarflokki og utanþingsráðherrarnir Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir. Var þeim ætlað að veita stjórninni faglegan blæ enda sérfróð um efnahagsmál annars vegar og málefni er heyrðu undir dómsmálaráðuneytið hins vegar. Voru áratugir síðan óflokksbundnir ráðherrar höfðu setið í ríkisstjórn Íslands.

Stjórnin var varfærin í aðgerðum, ef frá er talin brottvikning seðlabankastjóranna, Davíðs og hinna tveggja. Skipaðar voru nefndir um ýmis málefni, til dæmis Evrópumál og stjórnarskrármál, og ráðist í tiltölulega veigalítil verkefni í samræmi við verkefnaskrána. Ríkisstjórnin var enda fyrst og fremst mynduð til að skapa ró í samfélaginu og veita nauðsynlega forystu fram að kosningunum í lok apríl.

Norræn velferðarstjórn

Stjórnarflokkarnir gengu óbundnir til kosninga, eins og það heitir, en forystumenn þeirra drógu ekki dul á þann vilja sinn að halda samstarfinu áfram, fengist til þess nægur þingstyrkur. Og sú varð raunin, Samfylkingin bætti við sig tveimur þingmönnum, VG vann kosningasigur og bætti við sig fimm en Sjálfstæðisflokkurinn galt afhroð og tapaði níu þingsætum.

Ný ríkisstjórn Jóhönnu með fimm manna þingmeirihluta tók við 10. maí og valdi Norræna húsið til að kynna stefnuyfirlýsinguna.

Nú kvað við nýjan tón, varlegheitunum var ekki fyrir að fara, markmiðið var ekki að stuðla að ró í samfélaginu. Nýja ríkisstjórnin skilgreindi sig sem „norræna velferðarstjórn“, hún sagði (eins og rétt var) að hún væri fyrsta hreina vinstri stjórnin og hét að starfa í anda þess. Ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis skyldu leidd til öndvegis. Taka ætti almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni. Í stuttu máli má segja að ríkisstjórnin hafi ætlað sér – og hún ætlar sér enn – að umbylta samfélaginu. Færa það frá hægri til vinstri, frá kapítalisma til kommúnisma, vilja sjálfsagt einhverjir orða það. Og auðvitað slá skjaldborg um heimilin.

Brýnasta verkið tók tvö ár

Þótt fyrri ríkisstjórn Jóhönnu hafi í orði kveðnu verið mynduð til að endurreisa efnahagslífið og ráðast í nauðsynlegar aðgerðir heimilum og fyrirtækjum til heilla fór það nú svo að þegar nýja stjórnin tók við þremur mánuðum síðar voru þau sömu mál enn forgangsverkefni. En Davíð var sannarlega kominn út úr Seðlabankanum.

Reyndin er svo sú að nítján mánuðir liðu þar til loksins var gengið frá því sem heitir „Víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna“ og enn eru meinbugir á að þær aðgerðir komist almennilega til framkvæmda. Örstutt er líka síðan sambærilegar lausnir fyrir smá og meðalstór fyrirtæki voru kynntar. Það tók sem sagt næstum tvö ár að finna endanlega lausn á þessum brýnu forgangsmálum sem Samfylkingin mat Sjálfstæðisflokkinn ófæran um að ráðast í og varð, með öðru, til þess að hún sleit við hann samstarfinu í janúar 2009.

Samvinna og sundrung

Í upphafi forsætisráðherratíðar sinnar lagði Jóhanna Sigurðardóttir talsvert upp úr samvinnu við stjórnarandstöðuna. Ákall um samstarf þingheims alls var að finna framarlega í fyrstu stefnuræðum hennar en færðist aftar og var loks horfið úr ræðunni síðastliðið haust.

Í henni sagði Jóhanna hins vegar að aukin harka innan þings og átök á milli þings og ríkisstjórnar væru vandamál sem brýnt væri að finna lausn á. Haustræðan var flutt nokkrum dögum eftir að Alþingi samþykkti að ákæra Geir H. Haarde fyrir landsdómi. Sjálf var Jóhanna á móti en Samfylkingin skiptist til helminga í atkvæðagreiðslunni.

Niðurstaðan hleypti illu blóði í þingmenn Sjálfstæðisflokksins og sumir úr þeirra hópi hétu ævarandi andspyrnu við Samfylkinguna.

Nefnd að störfum

Eins og áður sagði ætlar ríkisstjórnin sér margháttaðar breytingar á samfélaginu. Ein þeirra er breytt fiskveiðistjórnun. Taka á aflaheimildir af útgerðum og endurráðstafa þeim með nýjum hætti. Þessi fyrirætlan hefur mætt feikilegri andstöðu innan þings og utan. Frumvarps er að vænta og ekki er að fullu ljóst hvort stjórnin ætlar að standa við stóru orðin í stjórnarsáttmálanum.

Breytt skattheimta – sem í sáttmálanum heitir að dreifa byrðunum með sanngirni, jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi – hefur að sama skapi verið gagnrýnd harðlega.

En ríkisstjórnin hefur ekki aðeins mátt þola gríðarlega mótstöðu vegna aðgerða sinna eða áforma heldur líka vegna aðgerðaleysis. Það á ekki síst við um atvinnumálin en atvinnuleysi er ennþá stórkostlegt vandamál í samfélaginu og fátt hefur verið gert til að vinna á því bug svo nokkru nemi. Reyndar mun nefnd vera að störfum.

Icesave í höfn

Nokkur af höfuðmálum ríkisstjórnarinnar hafa reynt talsvert á hana og raunar samfélagið allt. Meðal fyrstu verka Steingríms J. Sigfússonar í fjármálaráðuneytinu var að leita leiða til að semja um Icesavemálið við Breta og Hollendinga og tók hann málið slíkum tökum að

FRAMHALD Á SÍÐU 28

STÓRT OG SMÁTT Í TÍÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

2009

- **1.2.** Ríkisstjórn Jóhönnu tekur við.
- **3.2.** Bankastjórar Seðlabankans beðnir um að hætta.
- **05.3.** Afnám eftirlaunalaga stjórnmálamanna samþykkt.
- **28.3.** Jóhanna kjörin formaður Samfylkingarinnar.
- **25.4.** Alþingiskosningar.
- **10.5.** Önnur stjórn Jóhönnu tekur við. Fjórir nýir ráðherrar setjast í stjórnina, tveir hætta.
- **6.6.** Icesave-samningur kynntur.
- **16.7.** Alþingi samþykkir að sækja um aðild ESB.
- **1.10.** Ögmundur hættir, Álfheiður tekur sæti hans.
- **6.10.** Jóhanna biður þjóðina afsökunar á vanrækslu og andvaraleysi stjórnvalda í aðdraganda hrunsins.
- **29.12.** Icesave samþykkt á Alþingi.

2010

- **4.3.** Lög um gagnsæi hlutafélaga og jafnari kynjahlutföll í stjórnum samþykkt.
- **16.6.** Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur samþykkt.
- **25.6.** Lög um stjórnlagaþing samþykkt.
- **28.6.** Ný hjúskaparlög samþykkt.
- **2.9.** Fjórir ráðherrar út, Ögmundur og Guðbjartur inn.
- **8.9.** Þráinn Bertelsson gengur í VG.
- **10.9.** Lög um fjármál flokka og og frambjóðenda samþykkt.
- **27.10.** Kosið til stjórnlagaþings.
- **8.12.** Nýtt Icesave-samkomulag gert.
- **16.12.** Þrír þingmenn VG sitja hjá við afgreiðslu fjárlaga.

2011

- **25.1.** Hæstiréttur ógildir kosningu til stjórnlagaþings.

33 ÁR Á ÞINGI, 22 ÚTI Í SAL, 11 VIÐ HÁBORÐIÐ

Jóhanna Sigurðardóttir var fyrst kjörin á þing fyrir Alþýðuflokkinn árið 1978 og hefur setið óslitið síðan eða í 33 ár, lengst þingmanna. Til gamans má nefna að yngsti núverandi ráðherrann, Katrín Jakobsdóttir, var tveggja ára þegar þingferill Jóhönnu hófst og Jóhanna hafði setið í fjögur ár á þingi þegar yngsti núverandi þingmaðurinn, Ásmundur Einar Daðason, fæddist.

Jóhanna varð félagsmálaráðherra 1987 og sat í fjórum ríkisstjórnum til 1994, þegar hún sagði af sér og yfirgaf Alþýðuflokkinn eftir ósætti við formann hans, Jón Baldvin Hannibalsson. 1995 stofnaði Jóhanna Þjóðvaka, sem varð aðili að Samfylkingunni.

Jóhanna varð félagsmálaráðherra á ný 2007 og gegndi embætti til febrúar 2009 þegar hún varð forsætisráðherra.

Í ellefu ára ráðherratíð hefur Jóhanna setið í sjö ríkisstjórnum með fimm samstarfsflokkum og samtals 45 ráðherrum.

Bestu BYKO kaupin!

ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM

1.990 kr./m²

20x25 cm

Vnr. 16600100
Flísar
IDEA Mirror veggflísar, hvítar, 20x25 cm.

3.990 kr./m²

Vnr. 0113713
Parket
NORDICWOOD parket, hlynur, 2200x189x15 mm.

1.190 kr./m²

Vnr. 0113452
Plastparket
KRONO ORIGINAL LAMINAT plastparket, eik, 192x1285 mm.

ÓDÝRT

Vnr. 17851007
Salerni
IMEX salerni með innbyggðum stút í gólf, 30 cm.

15.990

3.490

Vnr. 51353078
Útiljós
BARCELONA útiljós, IP44, 60W, E27.

3.390

Vnr. 15400045
Hand-laugartæki
ARMATURA FERRYT handlaugartæki með lyftutappa.

GERÐU VERÐSAMANBURÐ GERÐU VERÐSAMANBURÐ GERÐU VERÐSAMANBU

0%

VAXTALAUS LÁN

Sjá nánar á www.BYKO.is

Vaxtalaust lán í 6 mánuði

Stendur þú í endurbótum?

Viltu dreifa útgjöldunum?

Lánið gildir til kaupa á gólfefnum, hreinlætis- og blöndunar-tækjum, ljósum og innhurðum.

Sjá nánar á www.BYKO.is

BYKO

FRAMHALD AF SÍÐU 26

helst mátti halda að hann sjálfur bæri ábyrgð á þeim óskapnaði sem reikningarnir reyndust þegar allt kom til alls.

Í júní 2009 var „samkomulag um Icesave-skuldbindingarnar í höfn“ samkvæmt frétt úr ráðuneytinu og í desember sama ár var, samkvæmt sömu fréttaveitu, „Icesave-málið leitt til lykta“. Raunin varð önnur. Fyrst sagði forsetinn nei og svo þjóðin og málið er enn til umfjöllunar á vettvangi Alþingis með, að því er virðist, meiri raunum fyrir Sjálfstæðisflokkinn en stjórnarflokkana.

Þung byrði

Líkt og Icesave hefur stjórnlagaþingsmálið fært okkur heim sanninn um að þótt þingmeirihluti sé fyrir máli er ekki þar með sagt að það komist á legg.

Þótt ráðherrar í ríkisstjórninni segist ekki bera ábyrgð á því klúðri sem varð þegar Hæstiréttur ógilti kosninguna til stjórnlagaþings og þurfi því hvorki að segja af sér né biðjast afsökunar er þetta engu að síður mál stjórnarinnar.

Frá fyrsta degi hefur stjórnlagaþing verið á dagskrá, eins og reyndar Framsóknarflokkurinn krafðist þegar hann bauðst til að verja 90 daga minnihlutastjórnina falli. Ríkisstjórn Jóhönnu mun þurfa að bera þann þunga kross sem ógildingin var. Hins vegar kann sá burður að verða léttari ef framhald málsins lukkast bærilega fyrir stjórnina, stjórnlagaþing verður haldið og tillögur þess um breytingar á stjórnarskránni verða í anda þess sem Jóhanna getur hugsað sér.

Sjaldgæft afbrigði

Margt er óvenjulegt við ríkisstjórnina sem nú starfar í samanburði við það sem Íslendingar hafa mátt venjast allra síðustu áratugi. Ber þar hæst hina innbyggðu stjórnarandstöðu stjórnarinnar, sem er sjaldgæft ríkisstjórnarafbrigði.

Stjórnarandstaða VG hefur birst skýrt og algjörlega ódulin í þremur málum. Fyrst þegar fimm þingmenn flokksins greiddu atkvæði gegn tillögunni um að Ísland sækti um aðild að ESB. Sú atkvæðaráðstöfun kom nokkuð á óvart þrátt fyrir að almenn andstaða í flokknum við aðild væri kunn. Í stjórnarsáttmálanum segir að flokkarnir virði ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild. Áður segir hins vegar að tillaga um aðildarumsókn verði lögð fyrir þingið og að stuðningur stjórnvalda við samning verði háður ýmsum fyrirvörum. Höfundar stjórnarsáttmálans reiknuðu sem sagt með samþykki tillögunnar og að viðræðum lyki með samningi. Þeir bjuggust hins vegar ekki við að þurfa að stóla á atkvæði þingmanna utan stjórnarflokkanna til að fá hana samþykkta.

Ögmundur út

Næst birtist stjórnarandstaða VG almenningi þegar Ögmundur Jónasson hætti í ríkisstjórninni (var rekinn að eigin sögn) haustið 2009 vegna Icesave. Hann taldi málið ómögulegt og greiddi atkvæði á móti. Það gerði líka Lilja Mósesdóttir.

Dramatískasta uppákoman af þessu tagi var svo hjáseta Lilju, Atla Gíslasonar og Ásmundar Einars Daðasonar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins í síðastliðnum desember. Hún olli gríðarlegri óánægju í forystu VG sem og innan Samfylkingarinnar. Skeytin gengu á milli og blásið var til neyðarfunda. Formleg sátt hefur ekki tekist en menn reynt að gleyma eða alla vega hugsa um eitthvað annað. Og það er svo sem um nóg að hugsa.

Lætin vegna Magma

Í ofangreindum málum hefur ágreiningurinn verið bundinn við VG. En stjórnarflokkana greinir líka á um sum mál. Þar fer mest fyrir Magmamálinu og eins og á við um svo margt annað er það ekki úr sögunni.

Þegar spurðist að kanadískur maður hefði eignast HS Orku í gegnum sænskt skúffufélag ætlaði allt um koll að keyra í VG. Þingflokksformaðurinn Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagði að ríkisstjórnin skyldi vinda ofan af viðskiptunum eða hafa verra af. Stuðningur hennar við stjórnina væri í húfi. Og hún var ekki ein um þetta, Þuríður Backman tók til dæmis í sama streng. Ríkisstjórnin brást við með því að skipa nefnd, svo aðra og gott ef ekki þá þriðju. Og þótt stjórnarforingjarnir hafi um daginn sungið með Björk og hinum sem krefjast þjóðnýtingar á HS Orku er málið nú þannig statt að reyna á eins og tvennt eða þrennt áður en til eignarnáms kann að koma.

Veikur grunnur

ESB-málið, sem er Samfylkingunni mikið hjartans mál, er ein erfiðasta glíman sem íslensk stjórnmál hafa tekið í langan tíma. Hún hófst fyrir alvöru sumarið 2009 þegar aðildarumsóknin var samþykkt og stendur næstu tvö ár að minnsta kosti. Naumur meirihluti var fyrir málinu í þinginu og fimm stjórnarþingmenn voru á móti. Einn þeirra, Ásmundur Einar, er formaður Nei-hreyfingarinnar. Sá ráðherra sem fer með viðkvæmustu samningsefnin; sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, Jón Bjarnason, er eindreginn andstæðingur aðildar.

Öflug hagsmunasamtök, svo sem LÍÚ og Bændasamtökin, leggjast gegn aðild. Fólk beggja vegna víglínunnar er fyrir löngu komið ofan í skotgrafirnar og mundar þar penna sína. Líklega hefur engin ríkisstjórn þjóðar í aðildarviðræðum við ESB mætt til þeirra á jafn veikum grunni og sú íslenska. En Össur Skarphéðinsson lætur ekki deigan síga og spyr að leikslokum.

Góð þróun efnahagsmála

Það má ekki vera bara leiðinlegur í afmælum. Og engin ástæða til þegar farið er yfir ástand og árangur á tveggja ára forsætisráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur.

Mikilvægustu mál hverrar þjóðar eru efnahags- og ríkisfjármál. Á þeim grundvallast flest annað. Verðbólga og vextir eru nú á góðu róli, gengið hefur styrkst, viðskiptin við útlönd eru í góðum plús og halli ríkissjóðs fer minnkandi. Á tímum gríðarlegs samdráttar í ríkistekjum hefur stjórnin einsett sér að standa vörð um velferðarkerfið. Staðan mætti vissulega vera miklu betri en hún gæti hæglega verið miklu verri. Það er jú úr miklu minna að spila en áður.

Góðu hljóðu málin

Stjórnmál eru ekki bara stóru málin sem komast á forsíðurnar. Þau snúast líka um málaflokka sem ekki er talað um með upphrópunum í þinginu eða þykja þess verðir að málsvörum andstæðra sjónarmiða sé att saman í Kastljósinu.

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar og VG eru mörg mál af því taginu. Til dæmis á að endurmóta námskrá fyrir öll skólastig, meðal annars með það að markmiði að efla skapandi og gagnrýna hugsun og efla lýðræðisvitund. Það á að móta menningarstefnu til framtíðar. Það á að móta sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og lífsgæðum til framtíðar. Ráðast á í markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar, hönnunar og hugvitsgreina. Leggja áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu. Kortleggja og auka menntun og fræðslu í sjávarútvegi. Það á að styrkja stöðu náttúruverndar innan stjórnarráðsins. Það á að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni vistkerfa. Það á að tryggja að erfðabreytt matvæli séu merkt. Það á að móta heildstæða orkustefnu sem miði að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi. Það á að gera áætlun um orkusparnað. Svona svo eitthvað sé nefnt.

Það á líka að útrýma kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi. Þessi mál eru mislangt á veg komin.

Vinalaus

Ríkisstjórnir Jóhönnu Sigurðardóttur hafa starfað við erfiðustu aðstæður sem ríkt hafa í landinu í áratugi. Allt þjóðlífið hefur borið þess merki. Þess vegna hefur margt verið öðruvísi en venjulega. Ríkisstjórnin á sér til dæmis fáa ef nokkra vini. Atvinnurekendur og launþegahreyfingarnar eru utanveltu. Þessi batterí sem svo lengi gátu beðið um tilteknar aðgerðir án þess að þurfa að berja í borð. Hvorugur aðilinn gengur nú óboðinn inn í Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu.

Skorið hefur verið á beinu símalínurnar til leiðtoga annarra ríkja. Ríkisstjórnin getur ekki reitt sig á greiða í útlöndum.

Það sem skrifað er um ríkisstjórnina í blöð eða á bloggi er fæst henni í vil. Þeir sem hringja í útvarpið lýsa flestir frati á ráðherrana og stjórnmálamennina almennt.

En þátttaka í pólitík er val og Jóhanna og þau hin eru þarna af fúsum og frjálsum vilja. Og eins og strákarnir okkar eru þau að reyna að gera sitt besta.

Öðru verður ekki trúað.

RÁÐHERRARNIR

Sextán alþingismenn hafa gegnt ráðherraembætti í ríkisstjórninni

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra síðan 1. febrúar 2009.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra síðan 1. febrúar 2009 og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 1. febrúar 2009 - 10. maí 2009.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra síðan 1. febrúar 2009 og iðnaðarráðherra 1. febrúar 2009 - 10. maí 2009.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra síðan 1. febrúar 2009.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra 10. maí 2009 - 2. september, efnahags- og viðskiptaráðherra síðan 2. september 2010.

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra síðan 10. maí 2009.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra síðan 10. maí 2009.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra síðan 10. maí 2009.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra 1. febrúar 2009 - 1. október 2009 og innanríkisráðherra síðan 2. september 2010.

Guðbartur Hannesson ráðherra velferðarmála síðan 2. september 2010.

Kristján Möller samgönguráðherra 1. febrúar 2009 - 2. september 2010.

Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra 1. febrúar 2009 - 10. maí 2009.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra frá 1. október 2009 - 2. september 2010.

Ástar R. Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra 1.febrúar 2009 - 10. maí 2009.

Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra 1. febrúar 2009 - 2. september 2010.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra 1. febrúar 2009 - 2. september 2010.

SKOÐANAKANNANIR FRÉTTABLAÐSINS

Fylgi stjórnarflokkanna og stuðningur við stjórnina 22. janúar 2009 - 19. janúar 2011



ÚTSÖLULOK

SUNNUDAGINN 6. FEBRÚAR

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

35-80% AFSLÁTTUR

GERÐU FRÁBÆR KAUP

LAGERSALA

50-80% afsláttur

lítið útlitsgölluð húsgögn og smávara

Aðeins þessa helgi 5. og 6. febrúar

ILVA kaffi

Súpa og brauð.
Verð 590,-
NÚ: 195.-

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga **11-18:30,** laugardaga **10-18,** sunnudaga **12-18**

shop online

© ILVA Ísland 2011

Gamla herraþjóðin heillar

Norðurlöndin, og sér í lagi gamla nýlenduveldið Danmörk, eru þátttakendum í skoðanakönnun Fréttablaðsins efst í huga þegar þeir eru inntir eftir því hvaða landi þeir kysu helst að búa í að Íslandi undanskildu. *Kjartan Guðmundsson* rýndi í niðurstöðurnar og bar málið undir þá **Stefán Ólafsson** félagsfræðiprófessor og **Frey Ævarsson**, sem búið hefur í Kaupmannahöfn í fimm ár.

Samband og samskipti milli Íslands og Danmerkur eru aldagömul og svo virðist sem gamla herraþjóðin skipi enn stóran sess í hjörtum margra Íslendinga, en flestir þátttakenda í skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast helst myndu kjósa að búa þar ef þeir þyrftu að velja sér dvalarstað utan Íslands. Þá er ljóst að margir Íslendingar telja Norðurlöndin henta sér vel því Noregur og Svíþjóð koma á hæla Danmerkur í könnuninni í öðru og þriðja sæti, og eru þessi þrjú lönd þau einu sem yfir tíu prósent aðspurðra nefna til sögunnar í þessu sambandi.

Bandaríkin, eða „vinir okkar í vestrinu“, eins og Þórarinn Eldjárn kvað í Segulstöðvarblúsnum fyrir margt löngu, eru í fjórða sæti í könnuninni á meðan fimmtu flestir nefna valkostinn „Ekkert“, sem ætti að gefa til kynna að þau 6,9 prósent sem það gera séu það ánægð með lífið og tilveruna að þau geti hreinlega ekki hugsað sér að búa annars staðar en á Íslandi.

Þó er greinilegur munur á þeim yngri og eldri í þessu sambandi; 12,3 prósent þeirra sem segjast hvergi annars staðar vilja búa eru fimmtíu ára eða eldri, en einungis 3,4 prósent þeirra á aldrinum 18 til 49 ára. Þá virðast þeir sem yngri eru áfjáðari í að flytjast til Danmerkur, en þeir eldri heldur til Noregs. Sáralítill munur er á niðurstöðum könnunarinnar sé þeim skipt eftir kyni.

Í tölum yfir búferlaflutninga á síðasta ári frá Hagstofunni kemur fram að flestir allra fluttu til Noregs, eða alls 1.539 talsins, á meðan 1.469 fóru til Póllands og 1.145 til Danmerkur. Alls settu 727 stefnuna á Svíþjóð og 393 fóru til Bandaríkjanna.

Norðurlöndin efst á blaði

„Þessar niðurstöður eru að miklu leyti í samræmi við fyrri kannanir sem hér hafa verið gerðar. Norðurlöndin hafa lengi verið efst á blaði sem áfangastaður fyrri Íslendinga sem hugsa sér til brottflutnings og reynslan sú sama, að flestir hafa flutt til Norðurlandanna,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands (HÍ), sem meðal annars hefur kynnt sér búferlaflutninga Íslendinga ítarlega.

Stefán segir niðurstöður könnunar Fréttablaðsins einnig í góðu samræmi við viðhorfakönnun sem HÍ stóð fyrir vorið 2009, þar sem þátttakendur voru spurðir um áherslur sem þeir vildu sjá í skipan þjóðfélagsins og hvort þeir myndu heldur kjósa að sækja fyrirmyndir fyrir Ísland framtíðarinnar hjá hinum Norðurlandaþjóðunum eða Bandaríkjunum. „Í þeirri könnun völdu yfir níutíu prósent þátttakenda Norðurlöndin sem æskilega fyrirmynd en mjög lítill hluti setti Bandaríkin efst á blað, þótt Íslendingar séu almennt fremur hlynntir Bandaríkjunum. Sú könnun var væntanlega undir áhrifum af reynslunni af hruninu og líklega töldu margir að það sem efst var á baugi hér fyrir hrun hafi verið róttæk útgáfa af amerískum kapítalisma.“

Danir líkastir okkur

Hann segir Íslendinga virðast átta sig á því að Norðurlöndin séu mjög farsæl og manneskjuvæn, ef marka má niðurstöður kannana. „Það er kannski helst að fólki finnist Norðurlöndin ekki vera nægilega spennandi, og Bandaríkin freista mögulega meira varðandi þá hlið mála, en sú skoðun ristir þó ekki dýpra en þetta. Ætli Danmörk sé ekki líka skemmtilegust af Norðurlandaþjóðunum og kannski líkust okkur. Danir eru mestu einstaklingshyggjumennirnir og það erum við líka.“

Stefán segir Danmörku lengi hafa sogað til sín marga Íslendinga, þrátt fyrir að á köflum hafi verið mun meira um atvinnutækifæri í öðrum löndum, til dæmis í Svíþjóð. „Gömlu sögubækurnar í skólunum, sem fjölluðu um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, töluðu Dani dálítið niður en það megnaði þó aldrei að vekja upp mikinn fjandskap í þeirra garð. Og svo hefur þetta bara batnað síðan. Sagnfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að Danir hafi, þrátt fyrir allt, verið ansi gott nýlenduveldi og Íslendingum alls ekki slæm herraþjóð. Ég held að Íslendingar séu mjög nærri Dönum og böndin eru traust,“ segir Stefán.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 19. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Í hvaða landi öðru en Íslandi myndir þú helst vilja búa? Alls tóku 83,4 prósent þeirra sem hringt var í afstöðu til spurningarinnar.

Í HVAÐA LANDI ÖÐRU EN ÍSLANDI MYNDIR ÞÚ HELST VILJA BÚA?

6,9% sögðust hvergi annars staðar vilja búa

1 Danmörk	17,4%
2 Noregur	15,6%
3 Svíþjóð	11,7%
4 Bandaríkin	9,1%
5 Spánn	6,3%
6 Bretland	5,8%
7 Kanada	3,1%
8 Frakkland	2,8%
9 Þýskaland	2,8%
10 Ítalía	2,1%

DANMÖRK

Íbúar	5.558.000
Atvinnuleysi	8%
Meðalhiti í Kaupmannahöfn:	
febrúar	0 gráður
júlí	16 gráður
Ævilíkur:	78 ár
Hver kona eignast að meðaltali	1,80 börn
Löglegur áfengiskaupaaldur:	
í verslunum	16 ára
á börum	18 ára

ÍSLAND

Íbúar	318.000
Atvinnuleysi	7,4%
Meðalhiti í Reykjavík:	
febrúar	0 gráður
júlí	11 gráður
Ævilíkur	79 ár
Hver kona eignast að meðaltali	2,05 börn
Löglegur áfengiskaupaaldur	20 ára

Veit ekki hvort ég flyt aftur heim

Freyr Ævarsson býr í Kaupmannahöfn ásamt danskri unnustu sinni og tveimur börnum.

Freyr Ævarsson flutti til Kaupmannahafnar árið 2006. Fyrstu tvö árin starfaði hann á Laundromat Café, sem er í eigu Friðriks Weisshappel, en hóf svo meistaranám í aðfangastýringu, eða Supply chain management, í Copenhagen Business School (CBS), sem hann lauk nú í nóvember. Um þessar mundir er Freyr í atvinnuleit og býr í leiguíbúð á Amager ásamt Kirsten, danskri unnustu sinni, og tveimur börnum þeirra, Sólveigu, tveggja og hálfs árs og Aski sem er tíu mánaða.

Aðspurður lætur Freyr vel af dvölinni í Danmörku og segir þægindi einkenna Kaupmannahöfn. „Íslendingar hafa greiðan aðgang að félagslega batteríinu og skólagangan er ókeypis, sem léttir námsfólki óneitanlega lífið. Ég vann í tvö ár áður en ég fór í nám og öðlaðist því rétt á styrk frá SU, danska námslánakerfinu, svo þetta hefur gengið nokkuð vandræðalaust fyrir sig,“ segir Freyr.

Þegar hann flutti til Danmerkur frá Íslandi hafði Freyr í huga að dvelja þar í fimm ár hið minnsta og klára meistaranámið, en nú segist hann ekki vita hvort og þá hvenær hann flytji heim til Íslands aftur. Spurður hvort kreppan leiki þar hlutverk segir hann hana gera það óbeint.

„Kreppan á Íslandi snerti mig í raun sáralítið fjárhagslega séð, en

FÓTBOLTAUNNENDUR Freyr ásamt syninum Aski, sem er tíu mánaða gamall.

hún minnkar þó líkurnar á því að við flytjum til Íslands vegna þess að atvinnuhorfurnar eru fremur slæmar þar. Ef ég fengi vinnu á Íslandi myndum við að sjálfsögðu íhuga að flytja, en þá þyrfti Kirsten líka að fá vinnu þar,“ segir Freyr, en Kirsten er ljósmyndari að mennt og byrjar í meistaranámi í blaðamennsku nú í febrúar, að loknu fæðingarorlofi.

Hann bætir við að atvinnumöguleikarnir hafi verið fremur slæmir í Danmörku að undanförnu en nú virðist sem eitthvað sé að rætast úr þeim málum.

„Það er alltaf dálítið erfitt fyrir nýútskrifaða að fá vinnu en eftir einn mánuð hefur maður rétt á atvinnuleysisbótum, og einnig standa manni til boða ýmis konar námskeið þar sem hægt er að mennta sig frekar, búa sig undir atvinnuviðtöl, læra framkomu og fleira í þeim dúr. Það er ýmislegt gert fyrir fólk á meðan það er atvinnulaust,“ segir hann og bætir við að allt gangi snurðulaust varðandi börnin tvö í Kaupmannahöfn. „Hér er auðvitað nokkur skortur á leikskólaplássi eins og víðast hvar annars staðar en okkur hefur gengið mjög vel. Flest börn fá leikskólapláss á aldrinum tíu til tólf mánaða og við erum mjög ánægð með leikskólana.“

Hann nefnir samgöngur sem einn helsta kostinn við að búa í borginni við sundið, því auðvelt sé að komast allra sinna leiða með strætó eða á hjóli.

Hann ber Dönum í meginatriðum vel söguna. „Það eru smámunir eins og þjónustan í verslunum og kaffihúsum, sem er léleg,“ segir hann. „Danir búa ekki yfir mikilli þjónustulund. Það sést til dæmis í stóru búðunum niðri í bæ, eins og Illum og Magasin Du Nord, þar vinna nánast bara Svíar. Þeir virðast skilja samhengið milli góðrar frammistöðu í starfi og launa betur en Danirnir, sem eru svolítið sjálfhverfir.“

STRIKIÐ Reiðhjól í þúsundatali eru eitt helsta einkenni borgarinnar við sundið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

febrúar 2011
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Aftur rukkað inn

Búist er við fækkun gesta á Listasafni Reykjavíkur á þessu ári miðað við í fyrra.

SÍÐA 2

Sýning sýninganna

Framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum er í brennidepli á sýningu á Kjarvalsstöðum. SÍÐA 6

YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR
hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMFÉLAGIÐ ER SJALDAN SÝNT ÓSTÍLISERAÐ

Haukur Már Helgason, heimspekingur og rithöfundur, er langt kominn með heimildarmynd um mál níumenninga svonefndu, sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi. Myndin fjallar ekki síður um þá hlið samfélagsins sem sjaldan er sýnd. „Myndin af lífi okkar hérna er frekar sjaldgæf.“

FRAMHALD Á SÍÐU 4

HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval, áratuga reynsla.

FEBRÚAR TILBOÐ

OSO HOTWATER
Norskir ryðfríir hitakútar
Stærðir: 5-300 lítrar

WÖSAB
Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Þóra Einarsdóttir syngur í Garðabæ

Þóra Einarsdóttir sópran er í aðalhlutverki á fyrstu tónleikum menningar- og safnanefndar Garðabæjar á þessu ári. Hún kemur fram ásamt Gerrit Schuil píanóleikara sem einnig er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar sem hófst síðastliðið haust. Á efnisskránni eru verk eftir Gabriel Fauré, Jón Ásgeirsson, Tsjaíkovskí, Nikolaí Rimskí-Korsakov og Rakhmaninov.

Þóra Einarsdóttir.

Þóra Einarsdóttir er ein fremsta sópransöngkona Íslands. Hér heima er skemmst að minnast frammistöðu hennar í hlutverki Gildu í Rigoletto sem hún hlaut mikið lof gagnrýnenda fyrir. Fyrir utan óperusöng hefur Þóra alla tíð lagt mikla rækt við ljóðasöng. Á undangengnum tuttugu árum hefur hún ávallt leitast við að takast á við ný viðfangsefni og spannar nú verkefnalisti hennar á sviði ljóðasöngs ógrynni ljóða á fjölda tungumála. Gerrit Schuil hefur haldið fjölda tónleika hér á landi síðan hann settist hér að í upphafi tíunda áratugarins.

Tónleikarnir eru haldnir á morgun og hefjast klukkan 16. Þeir fara fram í safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ.

Uppfærslan á Ofviðrinu hefur vakið athygli í Litháen, föðurlandi leikstjórans Oskaras Koršunovas.

Ofviðrið blæs út

Borgarleikhúsinu hefur verið boðið að sýna Ofviðrið í Þjóðleikhúsi Litháens á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Vilníus í september næstkomandi.

Þjóðleikhús Litháens er stærsta leikhús landsins. Leikstjóri Ofviðrisins, Oskaras Koršunovas, er Lithái en á dögunum fékk sýningin góða dóma í Lietuvos rytas, stærsta dagblaði Litháens.

„Við erum afar þakklát og upp með okkur yfir þessu boði, sem er mikil viðurkenning fyrir sýninguna og leikhúsið okkar," segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

„Sýningin er stór og viðamikil í sniðum en vonandi tekst okkur þrátt fyrir það að koma ferðinni inn í dagskrá leikhússins næsta haust og þekkjast þetta góða boð."

Ofviðrið verður einnig á aðaldagskrá alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar Sirenos á vegum Borgarleikhússins í Vilníus. Þar eru sýnd þau litháísku verk sem skarað hafa fram úr á leikárinu auk örfárra erlendra sýninga sem þykja sæta tíðindum.

menning kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Gestir á sýningunni Án áfangastaðar í Hafnarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Búast verður við FÆKKUN SAFNGESTA

Búist er við 40 prósenta fækkun gesta á stofnanir sem tilheyra Listasafni Reykjavíkur í ár miðað við í fyrra eftir að aðgangseyrir var tekinn upp aftur. Fyrir þá sem fara oftar en fjórum sinnum á ári á safn borgar sig að kaupa Menningarkort.

SÖFN: SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR

Við gerum ráð fyrir því að gestum á Listasafn Reykjavíkur muni fækka eftir að tekið verður að innheimta aðgangseyri, en við vonumst jafnframt til að Menningarkortið komi til móts við þá sem vilja geta labbað inn og skoðað sýningar safnanna reglulega án þess að greiða aðgangseyri í hvert einasta skipti," segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur. Áætlanir Reykjavíkurborgar gera raunar ráð fyrir að gestum safnsins fækki um 40 prósent miðað við árið í fyrra. Þá komu 235.000 gestir í þau þrjú söfn sem heyra undir Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn en búist er við 140.000 gestum í ár.

Ákvörðunin um að hafa ókeypis inn á söfnin var tekin 2007 og tók gildi 2008. Gestum fjölgaði strax, árið 2008 sóttu ríflega 180 þúsund gestir safnið og 220 þúsund ári síðar. Árið 2007 voru þeir hins vegar um 130 þúsund, í námunda við það sem búist er við í ár.

Soffía segir að á sínum tíma hafi alltaf verið rætt um að aðgangurinn yrði gefinn frjáls tímabundið. „Það var góðæri og uppsveifla og bæði borgin og safnið treystu sér til þess að verða af tekjunum. Nú er önnur tíð og við verðum aftur að krefja fólk um aðgangseyri," segir Soffía sem vonast til að fólk taki breytingunum vel. „Þess má geta að útlendingar verða alltaf hissa þegar þeir komast að því að það kostar ekkert inn á söfnin, þeir vilja mjög gjarnan leggja sitt af mörkunum og greiða aðgangseyri," segir Soffía.

Til að koma til móts við gesti sem fara reglulega á söfn hefur Reykjavíkurborg búið til sérstakt Menningarkort, en það gildir inn á áðurnefnd söfn auk Minjasafns Reykjavíkur sem eru Árbæjarsafn og Landnámssýningin. Handhafar þess fá auk þess bókasafnskort fyrir Borgarbókasafnið. Kortið kostar 5.000 krónur og gildir í ár, en í febrúar fást tvö á verði eins. Þeir sem eiga bókasafnsskírteini keypt í nóvember eða síðar fá einnig 1.000 króna afslátt af kortinu.

Framvegis kostar 1.000 krónur inn á söfnin sem um ræðir þannig að fjárfesting í kortinu borgar sig fyrir þá sem fara fimm sinnum eða oftar á þessi söfn á ári. Fyrir þá sem nota bókasöfnin er nóg að fara þrisvar á ári í söfn Reykjavíkur til að kortaeignin borgi sig.

Einnig er hægt að kaupa Menningarkort einungis á Listasafn Reykjavíkur á 3.000 krónur og á Minjasafn Reykjavíkur á 2.000 krónur. Margir hafa vanið komur sínar á kaffiteríur listasafnanna. Soffía segir að enginn aðgangseyrir verði rukkaður inn fyrir kaffistofugestina. „Og svo er ókeypis fyrir átján ára og yngri á söfnin og eldri borgara sömuleiðis."

ego dekor

-20%

Skenkur
Breidd: 150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
103.920,-

-30%

Stækkanlegt hnotuborð
160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
97.930,-

-20%



Skenkur í hnotu
Breidd: 150cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
95.200,-

Borð í hnotu
180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
-30% 69.930,-

TV skenkur í hnotu
Breidd: 183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-

-20%

Sófaborð
Stærð: 120x60
Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
24.950,-

Stærð: 50x50
Verð: 32.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
16.450,-

-50%

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

20-50% AFSLÁTTUR

VERONICA TUNGUSÓFI
Stærð: 260x165
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
177.000,-

-25%

SWING SÓFASETT
3ja sæta
Stærð: 210cm
Verð: 149.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
104.300,-

2,5 sæta
Stærð: 180cm
Verð: 135.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
94.500,-

-30%

-30%

YASAM tungusófi
Stærð: 212x157
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-

-25%

AIR tungusófi
Stærð: 285x165
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
183.750,-

PALMA 4ra sæta leðursófi
Stærð: 280cm
Verð: 237.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 165.900,-

-30%



-25%

RENO leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
12.675,-

-25%



VIOLA stóll
Verð: 18.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

-30%

MOSS leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI HALLDÓR BALDURSSON
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
visir.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Haukur Már Helgason segir slaginn hafa einungis snúist um að vekja athygli á staðreyndum, gera málið sýnilegt. Og þannig hefur viðhorfið breyst, viðhorf sem í upphafi einkenndist af bláköldum fordómum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í fyrsta lagi er málið merkilegt,“ segir Haukur Már Helgason, spurður hvers vegna hann hafi ráðist í að gera heimildarmynd um mál níumenningana sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi. Þetta er mjög sögulegt mál sem hefur skírskotanir sem ná miklu víðar en til okkar tíma. Það speglar atburðina rétt fyrir komu hersins, 1949, þegar mál var höfðað gegn mótmælendum á grunni sömu laga. Þetta eru tveir tímapunktar sem marka upphaf og endi tímabils sem er fyrsta söguskeið lýðveldisins Íslands.

Herinn er kannski miklu mikilvægari í þessu samhengi en við höfum gefið gaum að, bæði efnahagslega og vegna tengslanna við Bandaríkin. Tveimur árum fyrir komu hersins eru fjöldamótmæli þar sem beitt er táragasi og fólk er ákært fyrir árás á Alþingi. Í 60 ár gerist ekkert viðlíka, engin fjöldamótmæli eða átök milli almennings og ríkis af svipaðri stærðargráðu.

Tveimur árum eftir að herinn fer, þá hrynur hins vegar landið. Fyrsta virka dag eftir að Bandaríkin láta vita að þau ætla ekki að hjálpa Íslandi, fellur fyrsti bankinn og fjöldamótmæli brjótast út. Í kjölfarið er höfðað mál á sömu forsendum og þá, gegn fólki sem, eins og einhver skrifaði á dögunum, kannski vann sér það helst til saka að hafa hugsað og lesið sig lengra í því sem var að gerast en almenningur hafði gert á þeim tíma. Það er merkilegur tímapunktur til að negla og heimild til að varðveita.

Í öðru lagi er ég í þeirri stöðu, hafandi lesið að einhverju leyti sömu bækur og sumir níumenninganna og tekið þátt í hliðstæðri baráttu, að njóta ekki aðeins ákveðins trausts þeirra heldur hafa aðgang að orðaforða og hugsunum til að vera fær um að taka viðtal við þau. Þá meina ég um gagnrýni þeirra en ekki einkalíf eða „mennsku hliðina“. Þetta viðfangsefni er þannig séð sérsniðið fyrir mig. Ef ég myndi ekki gera þessa mynd sýndist mér ólíklegt að nokkur annar gerði það.“

Ómynduð borg

Haukur Már nam kvikmyndagerð í Prag á sínum tíma. Eftir að hafa gert nokkrar, að eigin sögn, misgóðar stuttmyndir lagði hann kvikmyndagerð á hilluna í nokkur ár og helgaði sig ritstörfum. Í kringum hrun hóf Haukur útgáfu vefmiðilsins Nei og fór samtímis að taka ljósmyndir.

„Það sem blasti við var ósýnd, ómynduð borg,“ segir hann. „Allt í einu rann upp fyrir mér að raunveruleiki þessa samfélags hafði ekki birst óstíliseraður í kannski 20 ár. Menn hafa verið svo uppteknir af, ef ekki landkynningu þá markaðsvæðingu á einhverju; að gljáfægja raunveruleikann - jafnvel með raunverulegum trixum, eins og 66° Norður gerir í sínum auglýsingum. Það er hægt að gera hrörleikann svaka sjarmerandi. En að sýna veruleikann sem blasir við okkur frá degi til dags er varla gert. Myndin af lífi okkar hérna er frekar sjaldgæf.“

Það hafi meðal annars ráðið því að hann ákvað að gera mynd um málið frekar en að skrifa bók.

„Auðvitað væri hægt að skrifa áhugaverða bók um þessi málaferli. En myndin fjallar ekki um málaferlin ein og sér. Hún fjallar um þetta fólk sem gagnrýnar, hugsandi og innbyrðis ólíkar persónur. Og um leið reynir hún að birta það land sem þau eru að gagnrýna.“

Eitt af einkennum þessa samfélags segir Haukur vera að útmála þá sem andæfa sem jaðarhópa.

„Þegar málið er fyrst tekið til umfjöllunar í fjölmiðlum og á bloggsíðum er þessi hópur til dæmis fullkomlega jaðraður, ekki bara sem kynlegir kvistir heldur glæpalýður. Þar einfaldlega vissi ég betur, hvað varðaði þessa lyndiseinkunn sem þeim var gefin. Allt frá því að fyrst fór að bera á mótmælum hérna hefur verið leitað leiða til að gera þau merkingarlaus. Til dæmis með því að þátttakendur séu „athyglissjúkir krakkabjánar“. Tilfellið er hins vegar að þau sem ég þekkti þá úr hópi þessara níu, virtust í fyrsta lagi betur að sér um það sem var að gerast en margir og í öðru lagi hugrakkari, að því leyti að þora að svara því með einhverjum hætti. Þess vegna fannst mér að burtséð frá málaferlunum sem slíkum og lagatæknilegum atriðum, þá væru þarna ákveðin tíðindi sem kvikmynd gæti fært fram, með því að reyna að birta þessar persónur og hugsun þeirra.“

> Allt í einu rann upp fyrir mér að raunveruleiki þessa samfélags hafði ekki birst óstíliseraður í kannski 20 ár.

Skref í átt að pólitískum þroska

Á þeim tíma sem liðinn er síðan níumenningarnir voru kærðir hefur verið fjallað mjög mikið um þetta mál og almenningsálitið færst Níumenningunum í hag. Það sætir ákveðnum tíðindum að mati Hauks Más.

„Á innan við ári, eftir því sem það beindist meiri athygli að málinu og fleiri staðreyndir komu í ljós þá snerist almenningsálitið um 180 gráður. Það virðist heldur ekki vera neinn pólitískur vilji af hálfu ráðandi afla að fylgja málinu eftir.

Ég held að þetta geti verið vísir að ákveðnu pólitísku þroskaskrefi; að stökkva síður á að trúa fyrstu frásögn fréttamiðla af því sem gerist. Þetta er dálítið dómaglatt samfélag sem langar oft að loka málum jafn hratt og þau koma fram og er náttúrulega að ganga í gegnum svakalega stórt ferli akkúrat núna – vonandi í átt að pólitískum þroska.“

En er þetta endilega til marks um þroskað samræðusamfélag, frekar en að níumenningarnir eigi sér ötula stuðningsmenn sem hafi verið duglegir við að tala málstað þeirra?

„Í umhverfi jafn lélegra fjölmiðla og á Íslandi, held ég að margir upplifi það að þeir verði að taka slaginn í einhverjum skilningi. Það er ekki bara kranablaðamennska sem er vandinn, heldur hreinlega gagnger illvilji á sumum fjömiðla, sem beita sér hatrammlega pólitískt í þágu afla sem ég er ekki hrifinn af og sem ég held að gott fólk sé almennt ekki hrifið af. Í þessu umhverfi getur vissulega þurft að taka slaginn.

Það var virkur hópur í því að beina athygli að málinu sem er brýn þörf á í réttlætisbaráttu en ég hef ekki orðið var við að sá hópur hafi haft rangt við eða beitt einhverjum bellibrögðum. Slagurinn hefur einungis snúist um að vekja athygli á staðreyndum. Gera málið sýnilegt. Og þannig hefur viðhorfið breyst, viðhorf sem í upphafi einkenndist af bláköldum fordómum.“

Mildur sektardómur versta útkoman

Málsmeðferð í máli níumenninganna er lokið og er beðið eftir dómsuppkvaðningu. Haukur Már segir að miðað við málflutninginn í dómssal hnígi öll rök að sýknu.

„En ég hef áður fylgst með réttarhöldum þar sem mér finnst öll rök hníga í eina átt en dómur fellur í aðra. Ég held að erfiðasta niðurstaðan fyrir þetta samfélag væri sú að það félli mildur sektardómur: ef þau væru dæmd sek og viljanum til að gera einfalda mótmælaaðgerð glæpsamlega þannig þóknað, en ekki með þeim hætti að það kallaði á sterka andspyrnu. Málið yrði skilið eftir dinglandi í lausu lofti sem hvorki né. Það væri pólitískt séð erfiðasta staðan fyrir þetta samfélag sem þarf að geta verið heilla en svo í þeim skilningi að orð og gjörðir fylgist að. Sýkna væri eini dómurinn sem þetta samfélag gæti staðið stolt á bakvið.“

Stórtónleikar skólahljómsveita í Reykjavík verða haldnir í Háskólabíói í dag klukkan 14. Á fimmta hundrað ungra hljóðfæraleikara koma fram og leika í fjórum sveitum. Efnisskráin er fjölbreytt og áhugaverð fyrir börn og fullorðna.

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

friendtex

OPIÐ Í DAG

Komið og fáið frítt eintak af nýjum vörulistum okkar.

Einnig mikið úrval af fatnaði á miklum afslætti úr vetrarlista okkar.

Hægt að gera dúndurfín kaup!

Opið mán. – fim. kl. 11–17
fös. frá kl 11–16

Boníto ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Dansaðu þig í fantaform!

ZUMBA® á Nordica Spa

Ný námskeið hefjast 8. feb.

» **Mikil fitubrennsla** – eykur þol og styrk
» **Latin-tónlist** (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» **Auðveld spor** fyrir allan aldur

4 vikna námskeið
6 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 4 opnir tímar
- Byrjendanámskeið
- Framhaldsnámskeið

Kennari: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar

Handklæði og herðanudd í pottunum!

Skráðu þig strax í síma 444 5090

NORDICASPA

www.nordicaspa.is

Fréttablaðsfólk fór í morgunheimsókn á nokkur rótgróin kaffihús borgarinnar í leit að fastagestum

Taka tryggð við staðinn

Á Gráa kettinum við Hverfisgötu situr Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri við borð og blaðar í möppu. „Hér er notaleg stemning og gott kaffi," segir hún og kveðst oft hafa komið á Gráa köttinn gegnum tíðina og þessa dagana sé hún þar daglegur gestur. „Ég er að vinna í Þjóðleikhúsinu eins og er og byrja þar klukkan tíu. Því kem ég hingað á hverjum morgni núna, fæ mér hressingu og fer yfir verkefni dagsins áður en ég mæti í vinnuna. Svo lít ég oft í blöðin líka ef tími gefst til."

FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 9. febrúar.

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI GLAMÚR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

KAFFI

Starbucks er frægasta kaffihúsakeðja heims. Hún rekur um 16.858 kaffihús í 50 löndum en 11 þúsund þeirra eru í Bandaríkjunum, þúsund í Kanada og yfir 700 í Bretlandi. Fyrsta kaffihúsið var opnað í Seattle árið 1971.

Framhald af forsíðu

Mokkakaffi á Skólavörðustíg er eitt þeirra kaffihúsa í miðbænum sem Guðlaugur Leósson kennari kemur reglulega á. „Ég byrjaði að venja komur mínar hingað strax árið 1971. Þá var ekki í mörg hús að venda ef maður vildi fá sér gott kaffi eða súkkulaði og Mokka stóð upp úr. Nú hefur góðum kaffihúsum fjölgað og ég sest inn á þau til skiptis. Mokka hefur ekkert breyst þótt árin líði. Það heldur alltaf sínum sjarma.“

Guðlaugur Leósson kennari.

Dagfinnur Stefánsson, fyrrverandi flugstjóri, og Örn Erlingsson útgerðarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagfinnur Stefánsson, fyrrverandi flugstjóri, og Örn Erlingsson útgerðarmaður eru meðal margra annarra sem mæta morgun hvern á Kaffivagninum þegar þeir eru á landinu. „Þetta er góður staður og alltaf gaman að líta yfir höfnina,“ segir Dagfinnur. „Já, hér hittum við líka félagana. Það eru oft 10-15 manns hér saman við borð að ræða málin. Það er alltaf nóg að spjalla,“ segir Örn. Þótt tekist sé á um málefnin skilja borðfélagarnir alltaf sem vinir að sögn Dagfinns. „Og þótt við förum í burtu í nokkra mánuði komum við alltaf til baka í sömu umræðuefnin. Það breytist ekkert og maður missir ekkert úr. Þetta er voða uppbyggilegt þannig.“

Jóhann Bogi Guðmundsson húsasmíðameistari fer bryggjurúnt á hverjum morgni og þá er Grandakaffi fastur viðkomustaður. „Þessi staður er eiginlega orðinn viss hluti af tilveru minni því það er komið í vana að setjast hér inn,“ segir Jóhann Bogi. „Ég er óvenju seint á ferðinni núna því yfirleitt byrja ég daginn á að fá mér kaffi eða tesopa hér og lesa blöðin frá A til Ö. Maður verður að fylgjast með gangi mála í þjóðfélaginu.“

Jóhann Bogi Guðmundsson húsasmíðameistari.

HOLLUSTA

Gæðafiskur er framleiddur með kældri framleiðsluaðferð sem tryggir ferskleika og næringargildi vörunnar. Gæðafiskur inniheldur ríflega fimmfalt meiri næringu en sama þyngd af ferskum ýsuflökum.

Rétt næring eykur andlegan og líkamlegan styrk og stuðlar að betri heilsu.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

Sölustaðir
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

PHILIPS

Malar baunir!

Philips HD7740
KAFFIVÉL sem tekur kaffibaunir og skilar 2-12 bollum af kaffi. Með styrkstilli til að stilla kaffistyrk, LCD skjá og innbyggðum malara. Heldur heitu í 30 mín. Tekur baunir eða malað kaffi.

VERÐ
29.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Kaffigljáðar karamellur

Kaffi kemur víðar við sögu en nýlagað í kaffibollum, enda uppruni unaðslegra bragðupplifana sem passa jafnt í matargerð, bakstur og freistandi sælgætismola eins og hóflega sætar espresso-karamellur.

Kaffi gefur eftirsóknarvert bragð af karamellum og margir muna eftir kaffikaramellunni í brúna bréfinu í Macintosh-boxunum. Þeir sem sakna þess að finna kaffikaramellu bráðna á tungunni finna hér huggun í dýrindis uppskrift sem auðvelt er að gera.

Heimalagaðar karamellur smakkast dásamlega með rjúkandi heitum kaffibolla, auk þess að vera persónuleg heimaafurð sem pakka má í sellófan og gefa.

Gott er að strá örlitlu Maldon-salti yfir karamellurnar þar sem salt og sætt bragð fer einstaklega vel saman.

ESPRESSO-KARAMELLUR

2½ bolli valhnetur, ristaðar og saxaðar (eða aðrar hnetur að smekk)
1 bolli rjómi
1 tsk. fínmalaðar espresso-kaffibaunir
½ tsk. salt
1 bolli milt hunang

Byrjið á að fínmala kaffibaunirnar í matvinnsluvél. Hitið því næst rjóma, kaffibaunamulninginn og salt í þykkbotna pönnu, þar til litlar loftbólur fara að myndast, rétt áður en fer að krauma. Bætið þá við hunangi og hitið upp að suðu. Lækkið þá hitann svo karamellan malli og hrærið í stöðugt með viðarsleif í 15 til 20 mínútur, eða þar til karamellan fer að harðna. Takið þá af hitanum.

Hellið nú karamellunni yfir hneturnar og hrærið saman þar til hnetur eru þaktar karamellu. Látið karamelluna þykkna í ísskáp í 10 til 15 mínútur áður en reynt er að móta hana. Hrærið aðeins í henni og notið matskeið til að skammta mátulegan karamelluskammt á bökunarpappír. Eins má sleppa hnetum, smyrja kældri karamellu á bökunarpappír og skera í litla bita þegar hún hefur kólnað vel.

Kremið í uppskriftinni er ljósara en á myndinni.

Makalausar mokkabrúnkur

MOKKABRÚNKUR

1 bolli smjör
1 bolli kakó
2 bollar sykur
1 msk. heitt vatn
4 tsk. skyndikaffi
4 egg
2 tsk. vanillukorn
1 bolli hveiti
½ tsk. salt

MOKKAKREM

½ bolli mjúkt smjör
1 tsk. vanillukorn
2 bollar flórsykur
1 ½ msk. mjólk
2-3 tsk. skyndikaffi

Bræðið smjör. Takið af hellunni og blandið kakói vel saman við. Bætið sykri út í smjör- og kakóblöndu og blandið vel. Leysið upp skyndikaffi í heitu vatni og setjið út í. Bætið við eggjum, einu og einu, og hrærið vel saman með handafli á eftir hverju eggi. Setjið vanillu, hveiti og salt. Bakið í skúffukökuformi við 180°C í 25 til 30 mínútur. Kælið kökuna vel áður en kremið er sett á.

Krem: Hrærið saman smjör og vanillu. Bætið við flórsykri og hrærið saman. Blandið uppleystu skyndikaffi saman við mjólk, setjið svo út í blönduna og hrærið þar til kremið er létt og ljóst.

Kopi luwak er eitt dýrasta kaffi heims enda framleitt í litlu magni. Það er gert úr kaffibaunum sem hafa verið étnar af köttum. Þegar baunirnar skila sér eru þær tíndar, þurrkaðar og ristaðar. Kopi luwak kom við sögu í myndinni The Bucket List með Jack Nicholson og Morgan Freeman.

Wikipedia.org

ÚTSALA
20-50% afsláttur
Úlpur - Kápur - Jakkar
Peysur - Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16

Fjölskylduskemmtun verður haldin í Gamla Kaupfélaginu á Akranesi í dag. Þar ætla Skoppa og Skrítla, ásamt Ingó veðurguði, að skemmta börnum á öllum aldri. Skemmtunin hefst klukkan 17.



Börnin alltaf söm við sig

Á morgun gefst íslenskum börnum einstakt tækifæri til að kynnast alls ólíkri tilveru jafnaldra sinna í Mývatnssveit fyrir heilli öld á barnaleiðsögn um spennandi ljósmyndasýningu í Þjóðminjasafni Íslands.

„Við hvetjum fullorðna fólkið til að fá sér kaffisopa meðan börnin skoða sýninguna því það gefur notalega stemningu, auk þess sem börn eru virkari sýningargestir og halda athyglinni betur þegar mamma og pabbi eru ekki í nánd," segir Helga Einarsdóttir safnkennari, sem verður með barnaleiðsögn um sýninguna Ljósmyndari Mývetninga – Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar á Þjóðminjasafni Íslands á morgun klukkan 14.00.

„Bárður fæddist 1872 að Kálfaborgará í Bárðardal. Hann missti heilsuna ungur svo starfstími hans sem ljósmyndara var tiltölulega stuttur, eða um fimmtán ár, og því bera myndir hans sterkan svip eins tímabils. Bárður myndaði aðallega sveitunga sína í Þingeyjarsýslum, en enginn ljósmyndari komst jafn nærri kjarna íslenskrar sveitamenningar og Bárður, og hann varð fyrstur til að opna okkur einstæða sýn inn í baðstofur bæja, íslenskt bændasamfélag og þjóðmenningu við upphaf nýliðinnar aldar," segir Helga um sýninguna, sem var opnuð fyrir viku en stendur til 2. maí.

„Okkur fannst tilvalið að hafa barnaleiðsögn um sýningu Bárðar því margar mynda hans eru af börnum og gefa skemmtilega og raunsanna mynd af því hvað börn höfðu fyrir stafni fyrir rúmri öld; hvernig þau léku sér, unnu með fullorðna fólkinu, klæðaburði þeirra og híbýlum, en flestar eru myndirnar frá árunum 1906 til 1910. Þetta er núlifandi börnum alls horfinn heimur, en auk myndanna er úrval gripa sem tengjast myndefni Bárðar á sýningunni," segir Helga.

Drengurinn Jónas Jónsson í hnébuxum og treyju með matrósakraga, í prjónuðum sokkum og skinnskóm á hestbaki framan við bæinn sinn. MYND/BÁRÐUR SIGURÐSSON

Leiðsögnin tekur um 40 mínútur og hentar einkar vel börnum frá 5 til 11 ára, þótt börn á öllum aldri séu innilega velkomin. Eftir leiðsögnina geta fjölskyldur farið saman í ratleik um sýninguna.

„Myndir Bárðar þykja einstakar vegna tilgerðarleysis og þær eru minna uppstilltar en tíðkaðist í þá daga. Það er líka indælt að sjá að krakkar eru alltaf krakkar og samir við sig, þrátt fyrir að klæðaburður þeirra, húsakostur og daglegt líf breytist." *thordis@frettabladid.is*

Veitingastaðurinn Caruso kynnir:

Kósýkvöld með Eyfa

Fimmtudagskvöld

10. febrúar, 24. febrúar og 3. mars

Nú hefjum við þriðja árið í röð með hinum geysivinsælu Kósýkvöldum með Eyfa á Caruso, þar sem hinn afarljúfi tónlistarmaður Eyjólfur „Eyfi" Kristjánsson syngur og spilar af sinni alkunnu snilld yfir þriggja rétta gómsætri máltíð á hinni notalegu þriðju hæð okkar. Þetta er upphafið á tónleikaröð Eyfa, en hann mun halda 50 tónleika víðsvegar um Ísland á árinu í tilefni fimmtugsafmælis síns í apríl.

Matseðill

Val um 3 forrétti, aðalrétti og eftirrétti.

Forréttir

Humarsúpa Caruso.
Sveppahattar fylltir með gráðaosti og hvítlauk.
Grillað rækju- og hörpuskeljaspjót.
Nautacarpaccio með klettasalati, ólífum og parmesan.

Aðalréttir

Tómatmarineruð kjúklingabringa með sultuðum lauk, portobellosveppi og rauðvínssósu.

Nautalund bernaise með portobellosveppi.

Hvítlauksristaðir humarhalar og risahörpuskel.

Eftirréttir

Fljótandi súkkulaðikaka Caruso með ís.
Créme brûlée.
Ítalskur krapís með ávöxtum.

Verð frá 6.590 • Borðapantanir: 562-7335 • www.caruso.is - www.carusospain.com

EYFI 50 ...ykkur syng ég mína söngva

RISTORANTE Caruso
Þingholtsstræti 1 • 101 Reykjavík

Stjórnunarstarf - hugbúnaðargerð

Leiðandi og traust fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða hópstjóra bankalausna

Starfssvið

- Stjórnun og fagleg ábyrgð hugbúnaðarteymis
- Áætlanagerð, greiningarvinna og eftirfylgni verkefna
- Þróun nýrra lausna
- Virk þátttaka í störfum hópsins, "lead by example"

Áhugavert starf í boði hjá öflugu fyrirtæki

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunar-, verkfræði eða sambærileg menntun
- Árangursríkur starfsferill og stjórnunarreynsla úr sambærilegu umhverfi er skilyrði
- Reynsla úr fjármála- eða bankaumhverfi er sérstaklega áhugaverð
- Reynsla af teymisvinnu, leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð þekking á aðferðafræði við hugbúnaðargerð og forritun sem og samþættingu kerfa
- Þekking á AgileScrum, MS SQL, .NET, C#

*Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 578 1145.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Við leitum að framkvæmdastjóra

Hefur þú áhuga á umhverfis-, heilsu- og öryggismálum?

Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum stjórnanda í starf framkvæmdastjóra umhverfis-, heilsu- og öryggismála. Fjarðaál hefur metnaðarfulla stefnu í umhverfis- heilsu- og öryggismálum. Framkvæmdastjóri leiðir um fimmtán manna teymi sem sinnir þessum málaflokkum.
Það er stefna Alcoa að starfa á öruggan og ábyrgan hátt með virðingu fyrir umhverfinu og velferð starfsmanna, viðskiptavina og samfélagsins.
Fjarðaál er öflugt framleiðslu- og iðnaðarfyrirtæki, staðsett í fallegu, fjölskylduvænu umhverfi – umlukið fjöllum og hafi.

Ábyrgðarsvið:

- Virk þátttaka í framkvæmd framtíðarsýnar, stefnu og markmiðasetningu fyrirtækisins
- Leiða umhverfis-, heilsu- og öryggismál fyrirtækisins til samræmis við stefnu og framtíðarsýn Alcoa Fjarðaáls og gildandi lög og reglugerðir á Íslandi
- Stuðla að og styðja starfsmenn álversins til ábyrgrar þátttöku og stöðugra umbóta í málefnum sem snerta umhverfi heilsu og öryggi
- Viðhalda þekkingu á lögum og reglugerðum tengdum ábyrgðarmálum sviðsins
- Tryggja tímanlega afhendingu skýrslna og upplýsinga til viðeigandi stofnana samkvæmt gildandi lögum og reglum
- Innleiðing og eftirfylgni með vottuðum umhverfis-, heilsu- og öryggisstjórnunarkerfum
- Vera í nánum tengslum við samfélagið og stjórnvöld um umhverfis-, heilsu- og öryggismál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðeigandi raunvísinda, náttúruvísinda eða heilbrigðisvísinda
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á gildandi lögum og reglum á sviði umhverfismála, vinnuverndar og öryggismála
- Geta til úrvinnslu og greiningar á skrifuðum og tölfræðilegum gögnum
- Þekking á hugmyndum um sjálfbæra þróun

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Elínu Jónsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og er umsóknarfrestur til 20. febrúar 2011.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 53523 02/11

Hraun 1 · 730 Reyðarfjörður · Sími 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is

ALCOA

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Móttökuritari	Mannvirkjastofnun	Reykjavík	201102/010
Lögfræðingur	Mannvirkjastofnun	Reykjavík	201102/009
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	St. Jósefsspítali, Sólvangur	Hafnarfjörður	201102/008
Lögfræðingur	Sjávarútvegs- og landbúnaðarr.	Reykjavík	201102/007
Forstöðumaður	HÍ, fræðasetur á N-landi vestra	Skagaströnd	201102/006
Meistara- og doktorsnemar	HÍ, líf- og umhverfisvísindadeild	Reykjavík	201102/005
Tæknimaður	Kennslumiðstöð Háskóla Íslands	Reykjavík	201102/004
Lektor	HÍ, lyfjafræðideild	Reykjavík	201102/003
Þroskaþjálfi	LSH, stjórn hæfingar	Reykjavík	201102/002
Læknaritari	LSH, miðstöð um sjúkraskrárr.	Reykjavík	201102/001
Verkefnisstj. AVS rannsóknasjóðs	Sjávarútvegs- og landbúnaðarr.	Sauðárkrókur	201101/063
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201101/062

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

happ
Healthy and Pure Products

HAPP - vantar fólk

Happ auglýsir eftir matreiðslumanni, aðstoðarmanni og fólki í þjónustu til starfa. Verkefnið er að taka þátt í því með okkur að stuðla að heilbrigði þjóðarinnar.

Við rekum metnaðarfullt eldhús og veitingastað á Höfðatorgi og erum að opna nýjan veitingastað í Austurstræti. Þá ætlum við að opna safabar á Höfðatorgi. Við útbúum einnig matarpakka sem dugar fólki allan daginn, fullir af hollum og ljúffengum mat. Einnig miðlum við þekkingu með námskeiðum og fræðsluefni. Á bak við HaPP er sterk hugmyndafræði sem knýr okkur áfram og gerir matinn einstakan.

Helstu verkefni matreiðslumanns

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á heilbrigði og hollustu. Við kunnum vel að meta þá sem eru hugmyndaríkir og vilja gera hlutina aðeins öðruvísi. Ef þú ert samstarfsfús og viljugur til verka þá eru það góðir kostir. Við leitum að aðila sem mun hafa yfirumsjón með starfsmannahaldi eldhússins, aðstoð við gerð matseðla, matreiðslu, ábyrgð á hráefni og samskipti við birgja og innkaup. Þá leitum við að öflugum aðstoðarmanni og fólki í þjónustustörf.

Áhugasamir sendi ferilskrá á happ@happ.is

HaPP HEFUR ÞAÐ METNAÐARFULLA MARKMIÐ AÐ STUÐLA AÐ AUKNU HEILBRIGÐI ÍSLENDINGA.

Forstöðumaður upplýsingatæknimála

Byr hf. auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns upplýsingatæknimála

Við leitum að öflugum og fjölhæfum einstaklingi sem vill vinna með okkur að því að gera Byr hf. að enn öflugra fyrirtæki, með gildin okkar að leiðarljósi, **virðing – liðsheild – skilvirkni.**

Helstu verkefni:

- Stjórnun og framþróun upplýsingatæknimála Byrs hf.
- Samskipti við þjónustuaðila Byrs í upplýsingatæknimálum.
- Gerð og framkvæmd þjónustusamninga og útboða.
- Eftirlit með kostnaði og yfirferð reikninga.
- Yfirumsjón með áætlanagerð og þróun. á upplýsingatæknikerfum Byrs.
- Leiða skipulagsvinnu í upplýsingatæknimálum innan Byrs.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verk-, tölvunar- eða tæknifræði.
- Þekking á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja.
- Þekking á tölvukerfum í bankarekstri.
- Reynsla af gagnagrunnsvinnslu æskileg.
- Þjónustulund og jákvæðni.
- Frumkvæði.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Herdís Pála, framkvæmdastjóri mannauðs og rekstrar, í síma 575-4171 eða netfang herdispp@byr.is

Umsóknarfrestur er til 14. febrúar. Umsóknir óskast fylltar út á slóðinni www.byr.is/laus_storf

BYR

Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

565808
Fyrirtæki í verslunarrekstri á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða aðstoðarmann framkvæmdastjóra.

Í starfinu felst þátttaka í áætlanagerð s.s. rekstrar- og greiðsluáætlana, rýrnunarmála og úttekta. Einnig yfirferð birgðamála, birgðastýringa og veltuhraða birgða. Þar að auki hefur viðkomandi umsjón með sölugreiningum, tölvukerfi og vörunúmerum auk annarra tilfallandi starfa.

Leitað er að samviskusömum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sambærilegu starfi og góða tölvukunnáttu. Viðskiptafræði eða sambærileg menntun skilyrði. Um 100% starf er að ræða.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITTAR HJÁ VINNA.IS.

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

HUGMYNDARÍKUR LEIÐTOGI ÓSKAST

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. Markmið með sameiningu upplýsinga- og vefmála er að efla og bæta faglega upplýsingagjöf til borgarbúa.

Borgarráð hefur samþykkt að sameina upplýsinga- og vefmál Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg auglýsir því nýtt starf upplýsingastjóra laust til umsóknar.

Hlutverk og ábyrgðarsvið
- Leiðir vinnu við mótun nýrrar upplýsinga- og vefdeildar
- Stýrir deildinni og ber ábyrgð á faglegri upplýsingamiðlun til borgarbúa
- Hefur forystu í undirbúningi að upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar
- Innleiðir nýjungar í upplýsingamiðlun
- Ritstýrir kynningarefni
- Veitir stjórnendum ráðgjöf og kemur fram fyrir hönd borgarinnar í tengslum við almenna upplýsingagjöf

Menntunar- og hæfniskröfur
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og forystuhæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi kostur
- Góð þekking og/eða reynsla af framkvæmd kynningarmála og upplýsingamiðlun nauðsynleg
- Reynsla af störfum við stjórnun og stefnumótun æskileg
- Framúrskarandi hæfni í tjáskiptum í ræðu og riti. Mikil reynsla á sviði textagerðar skilyrði
- Mjög góð tungumálakunnátta, íslenska, enska og Norðurlandamál

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

NÝ TÆKIFÆRI

RioTintoAlcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða öfluga liðsmenn á fjármálasvið fyrirtækisins. Um er að ræða áhugaverð og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Annars vegar er um að ræða starf leiðtoga fjárhagsbókhalds sem heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs og hins vegar störf sérfræðinga á fjármálasviði.

LEIÐTOGI FJÁRHAGSBÓKHALDS

Leiðtogi fjárhagsbókhalds stýrir hópi sem sér um bókun og greiðslu reikninga ásamt almennu uppgjöri fyrirtækisins. Um er að ræða afleysingu í 2 – 3 ár.

Starfssvið
- Ábyrgð á mánaðar-, hálfsárs-, og ársuppgjörum
- Ábyrgð á að unnið sé eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Þátttaka í fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni áætlana
- Greining og túlkun á fjárhagslegum upplýsingum
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálafyrirtæki
- Skýrslugerð og framsetning upplýsinga
- Innlend og erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræði með áherslu á reikningshald og framhaldsmenntun í endurskoðun æskileg
- A.m.k. 5 ára reynsla af sambærilegu starfi eða störfum við fjármál og reikningshald
- Yfirgripsmikil þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð greiningarhæfni
- Mjög góð kunnátta í Excel og góð kunnátta á SAP æskileg
- Nákvæm, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

SÉRFRÆÐINGAR Á FJÁRMÁLASVIÐI

Við leitum eftir eintaklingum til starfa með öflugum hópi á fjármálasviði.

Starfssvið
- Áætlanagerð
- Kostnaðarbókhald
- Þátttaka í innleiðingu á SAP og endurskoðun á ferlum
- Greining og túlkun fjárhagsupplýsinga
- Þátttaka í uppgjöri
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræði
- A.m.k. fimm ára reynsla af sambærilegu starfi
- Mjög góð þekking/reynsla af fjármálum, endurskoðun og bókhaldi
- Góð greiningarhæfni og færni til að nýta upplýsingakerfi í rekstri
- Jákvætt viðmót og góðir samstarfshæfileikar
- Færni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Mjög góð kunnátta í Excel og góð kunnátta á SAP æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Primera Air

We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

FLIGHT SUPPORT OFFICER

Primera Air is looking for a team member to join our Flight Operations Department in Kópavogur, Iceland. This is a full time position in Flight Support.

Areas of responsibility
The Flight Support Officer is responsible for various pre-planning functions, maintenance of flight planning system and operational procedures along with day to day management of various Flight Operations tasks.

Personal skills
- Have good communication and computer skills.
- Be able to work both independently and as part of a team.
- Have the ability to multi task and work in a fast paced, demanding environment.
- Be fluent in both spoken and written English.

Qualifications
- Have dispatcher license and/or have completed written commercial pilot exam.

or

- University education in engineering or project management and an active interest in aviation, preferably demonstrated by having a pilot license or prior aviation work experience.

Hugsa sér!

To apply, please visit our website www.primeraair.com and fill out an online application form. The application deadline is **15 February 2011**. Should you have additional questions, feel free to contact us. We look forward to receiving your application.

Primera Air

Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

Tanntæknir eða aðstoðarmanneskja

Óskað er eftir aðstoð á tannlæknastofu á Reykjavíkursvæðinu í 100% starf.

Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn á jaxlar@simnet.is

REYNDUR BÓKARI

óskast ráðinn í u.þ.b. 4 klst/viku. Frjáls vinnutími. DK kerfi á staðnum. Mennta- og starfsskrá í tímaröð ásamt tölvureynslu, meðmælum og launakröfum óskast á starfsumsokn@gmail.com. ALGJÖR trúnaður.

Hugbúnaðar-snillingur óskast

Mint Solutions vill bæta við sig snillingum í hugbúnaðargerð.

Reynsla í tölvusjón eða gervigreind æskileg.

Ungt félag í miklum vexti, sérstaklega þegar þú kemur.

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@mint.is
Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2011.

Nánari upplýsingar fáanlegar á www.mint.is

Mint Solutions er sprotafyrirtæki sem vinnur að þróun á nýju lækningatæki fyrir Evrópu og Bandaríkjamarkað.

mint solutions

Hótelstjórar

Óskum eftir að ráða hótelstjóra til starfa á Edduhótelin. Um tímabundin störf er að ræða.

Hótelstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hótelsins en í því felst m.a. uppgjör, frágangur bókhalds, starfsmannahald, gæða- og markaðsmál.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með ríka þjónustulund og tungumálakunnáttu, ásamt reynslu og menntun í hótelrekstri og/eða ferðaþjónustu.

Matreiðslumenn

Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.

Í störfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

Umsóknir um störfin sendist á netfangið tryggvi@icehotels.is fyrir 10. febrúar nk.

www.hoteledda.is

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann, frá byrjun júní til loka ágúst. Edduhótelin eru 13 talsins vel staðsett hringinn í kring um landið. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf. sem reka einnig Icelandair hótelin og Hilton Reykjavík Nordica. Yfir sumartímann starfa 500 manns hjá fyrirtækinu.

TRAUST FYRIRTÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNISHÆF LAUN

ATVINNULAUS HEIMA?

KREFJANDI OG LÍFLEGT STARF
Eldsmiðjan á Bragagötu
100% starf í vaktavinnu

VAKTSTJÓRI

- hefur snyrtimennsku í fyrirrúmi
- vinnur vel með öðrum
- er 24 ára eða eldri
- finnst gaman að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar hjá Herwig:
atvinna@foodco.is
Umsóknir á:
http://umsokn.foodco.is

Viltu vinna með þeim bestu?

Vegna aukinna verkefna innanlands og erlendis vill Skýrr bæta við sig öflugu starfsfólki sem hefur frumkvæði og metnað til að skara fram úr. Í boði eru spennandi störf hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólk Skýrr tilheyrir öflugum hópi sérfræðinga í fremstu röð, þar sem liðsandi og samvinna eru í fyrirrúmi.

Hjá Skýrr og dótturfélögum fyrirtækisins vinna um 1.000 manns, sem þjónusta þúsundir viðskiptavina á öllum sviðum upplýsingatækni. Skýrr er 8. stærsta fyrirtæki Norðurlanda á sínu sviði. Starfsfólk Skýrr er magnaður mannskapur, enda landsliðið í upplýsingatækni.

Forritarar

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingum í samþættingar- og sérlausnahóp Skýrr. Starfið felst í þróun upplýsingakerfa í Java, .NET, SQL og samþættingu með webMethods, GlassFish, TIBCO, bizTalk og SAP PI. Um er að ræða fjölbreytt hugbúnaðarverkefni eins og samþættingu ólíkra upplýsingakerfa, viðmótsforritun, gagnagrunnsforritun, greiningu, hönnun og prófanir. Viðkomandi þurfa að hafa menntun á sviði tölvunarfræði eða tengdra greina.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi í viðskiptalausninni Microsoft Dynamics NAV (áður Navision). Starfið felst í ráðgjöf, forritun, innleiðingum, uppfærslum og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins á sviði Microsoft Dynamics NAV og NAV-sérlausnum Skýrr. Starfið krefst mikilla samskipta við viðskiptavini og góð hæfni í samskiptum og þjónustulund er því nauðsynleg. Reynsla í Microsoft Dynamics NAV er nauðsynleg, tengdar Microsoft prófgráður er kostur og háskólagráða í tölvunar-, verk-, eða viðskiptafræðum nauðsyn.

Kerfisstjóri

Við leitum að kerfisstjóra til að sinna rekstri og þjónustu á kerfisleiguumhverfi og tölvukerfum í hýsingu. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á búnaði og kerfum, ráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu og þekkingu á kerfisstjórn í Microsoftumhverfi og reynslu af sambærilegum rekstri. Microsoftprófgráður og/eða háskólanám æskilegt.

Viðskiptastjóri

Við leitum að viðskiptastjóra með haldgóða tækniþekkingu, góða framkomu, mikla samskiptahæfni og metnað fyrir hönd fyrirtækisins og viðskiptavina. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum og samræmingu aðgerða félagsins við ákveðinn fjölda viðskiptavina, með það fyrir augum að byggja upp náið samstarf á milli fyrirtækjanna. Hann þarf að hafa menntun sem nýtist í starfi og reynslu af beinni sölu á sviði upplýsingatækni eða tengdri starfsemi.

Frekari upplýsingar um þessi störf veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, mannauðsstjóri Skýrr (569-5949 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is). Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á heimasíðu Skýrr og þar er jafnframt hægt að senda inn ferilskrá. Fullum trúnaði er heitið. Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar.



Ennisblað
Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

Hvirfilblað
Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

Hnakkablað
Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

Gagnaugablað
Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðri tæknigreind og hafa yfirsýn á umtalsverðan línufjölda af kóða.

Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er tæplega 500 talsins og viðskiptavinir fleiri en 7.000.

Skýrr býður atvinnulífinu heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, viðskiptalausna, tölvubúnaðar, þjónustu og hýsingar.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur tvö frábær mötuneyti sem bjóða úrvalsmat í hádeginu. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

HVITA HÚSIÐ/SÍA – 11-0286

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

Landhelgisgæsla Íslands leitar að öflugum stýrimönnum, vélstjórum og hásetum til starfa á varðskipum

Landhelgisgæsla Íslands leitar nú að sveigjanlegum og jákvæðum starfsmönnum til að bætast í starfsmannahóp varðskipanna meðal annars vegna verkefna Landhelgisgæslunnar erlendis. Um er að ræða tímabundin störf með möguleikum á framtíðarstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Fullgild viðeigandi réttindi
- Mjög gott vald á íslensku, jafnt í töluðu og rituðu máli
- Gott vald á ensku; gott vald á einu norðurlandamáli er kostur
- Áhugi á starfsvettvangi Landhelgisgæslunnar
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi

Laun greiðast samkvæmt samningi fjármálaráðuneytis og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 22. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) og Halldór Nellett framkvæmdastjóri aðgerðasviðs (halldor@lhg.is) í síma 545-2000

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Lyftaraviðgerðir

Óskum eftir traustum og góðum viðgerðarmönnum til starfa við lyftaraviðgerðir. Framtíðarstarf

Vinsamlegast sendið umsóknir á afgreiðslu Fréttablaðs eða á box@frett.is - merkt Lyftaraviðgerðir

A&Ö

Aðstoð & Öryggi auglýsir lausa stöðu!

Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður, þjónustulundaður, sjálfstæður í vinnubrögðum og með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera menntaður lögreglumaður.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á arekstur@arekstur.is

Ráðið verður í stöðuna fljótlega.

100% trúnaður

Dvalarheimili Aldraðra Suðurnesjum D.S.

Hjúkrunarheimilið Garðvangur Garði / Hjúkrunarheimilið Hlévangur Reykjanesbæ

Hjúkrunarfræðingar

Okkur vantar áhugasama hjúkrunarfræðinga hið fyrsta, til starfa við öldrunarhjúkrun á **Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði**, um er að ræða 2 stöður, hvora um sig 70 -80 %. Almennt er unnið á tvískiptum vöktum, ásamt bakvöktum á næturnar. Þetta er vaktavinna, með framtíðarstarf í huga.

Einnig vantar okkur hjúkrunarfræðinga til **sumarafleysinga á bæði hjúkrunarheimili D.S.**

Sjúkraliðar

Okkur vantar einnig áhugasama sjúkraliða til starfa, í sumaraafleysingum á bæði hjúkrunarheimili D.S., um er að ræða vaktavinnu , og jafnvel með áframhaldandi störf í huga.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði, öllum umsóknum verður svarað. Laun samkvæmt kjarasamningum SFH við bæði aðildarfélögin

Fyrirspurnir og umsóknir ásamt ferilskrá og yfirliti um meðmælendur skulu berast til :
Aðalheiðar Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar D.S. Garðbraut 85 250 Garði, eða með tölvupósti á netfangið heida@ds.is

Einnig er bent á deildarstjóra beggja hjúkrunarheimila m.t.t. fyrirspurna:
Helga Hjálmarsdóttir, deildarstjóri Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði sími er 422 7400 Sveindís Skúladóttir deildarstjóri Hjúkrunarheimilinu Hlévangi Reykjanesbæ sími 421 5700

ERTU KLÁR Í FRAMTÍÐINA?

Vegna aukinna verkefna leitar Sensa að liðsauka í samhentan og metnaðarfullan hóp þar sem allir eru tilbúnir að leggja mikið á sig, sýna frumkvæði og veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.

Sensa er stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi og býður viðskiptavinum sínum upp á úrvals ráðgjöf, þjónustu og búnað er lýtur að netlausnum og IP-samskiptalausnum. Hjá Sensa starfa allir helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði og er lögð mikil áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð.

Tæknimaður í netkerfum

IP-tæknin er undirstaða viðskiptaumhverfis flestra fyrirtækja í nútímarekstri. Okkur vantar fleiri öfluga einstaklinga í lið með okkur. Umsækjendur þurfa að hafa metnað til þess að tileinka sér nýja hluti og sjá lausnir í stað vandamála. Góð grunnþekking á IP-samskiptum og netbúnaði er æskileg og öll sérþekking og reynsla á þessu sviði er kostur en ekki endilega krafa. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Tæknimaður í IP-símkerfum

Vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins á sviði IP-símkerfa vantar sérfræðing strax. Leitað er að aðila með tæknilegan bakgrunn, frumkvæði, metnað og áhuga á að ná langt á þessu skemmtilega og fjölbreytta sviði. Um er að ræða starf í hönnun, innleiðingu og rekstri IP-símkerfa fyrir viðskiptavini okkar bæði innanlands og erlendis. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Umsjónarmaður samninga og innri ferla

Leitum að einstaklingi, sem er haldinn skipulagsáráttu og samviskusemi, til að halda utan um og móta samningsmál og innri ferla fyrirtækisins. Samskiptahæfni er mikilvægur kostur ásamt jákvæðu viðhorfi til síbreytilegs umhverfis.Tæknilegt innsæi er kostur en ekki krafa en reynsla af notkun bókhaldskerfa er æskileg. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Microsoft tæknimaður

Mikið af þeim hugbúnaði sem notaður er í IP-samskiptum tengist Microsoft umhverfinu og því leitum við að einstaklingi með góða þekkingu og reynslu á því sviði. Viðkomandi þarf að hafa hæfileika til að setja sig inn í nýja hluti ásamt því að hafa yfirsýn yfir hina ýmsu möguleika sem samþætting kerfa getur boðið upp á. MCITP-gráða eða annað sambærilegt er mikill kostur. Jákvæðni, góð samskiptafærni og góð enskukunnátta eru skilyrði.

Sensa býður skemmtilegt umhverfi fyrir tæknimenn sem langar að verða sérfræðingar á sínu sviði. Fjölbreytt verkefni bæði innanlands og utan. Tækifæri til að þróast sem einstaklingur með skemmtilegum hópi fólks.

Umsóknir skal senda á starf@sensa.is. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk.

sensa

Kletthálsi 1 - 110 Reykjavík, Sími 414 1400 - Fax 414 1440,

VR Fyrirtæki ársins 2010 · Cisco Partner Gold Certified · RSA · TANDBERG · websense

ENNEMM / SÍA / NM

Er stutt í brosið þitt?

... þá áttu heima í okkar liði.

Sinnum óskar eftir að ráða starfsmann á sjúkrahótelið:

HÆGRI HÖND KOKKSINS

Starfið felst í framreiðslu matar, uppvaski og frágangi. Vinnutími er frá 14.00 alla virka daga og eina til tvær helgar í mánuði.

Óskað er eftir jákvæðu, kraftmiklu og samviskusömu starfsfólki sem getur hafið störf 1. mars nk.

Nánari upplýsingar á www.sinnum.is

sinnum

Auglýsingasími
512 5050
Allt sem þú þarft...

BIRTINGAHÚSIÐ

Birtingahúsið er leiðandi fyrirtæki á sviði birtingaráðgjafar og frumkvöðull á sínu sviði hér á landi. Það sinnir markaðsráðgjöf fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, bæði innlend og erlend. Birtingahúsið er skipað snjöllu starfsfólki og hefur ítrekað verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR.

Birtingaráðgjafi

Vegna aukinna verkefna óskar Birtingahúsið eftir að ráða birtingaráðgjafa. Ef þú hefur brennandi áhuga á markaðsmálum og fjölmiðlum þá fögnum við umsókn frá þér.

Verkefni ráðgjafa eru m.a.:

- Gerð birtingaáætlana
- Úrvinnsla úr markaðsrannsóknum
- Samskipti við fjölmiðla
- Kostnaðareftirlit

Ráðgjafi þarf m.a. að búa yfir:

- Góðri samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleika
- Getu til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Talnagleggni og öguðum vinnubrögðum
- Getu til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi, af sviði markaðsmála eða félagsvísinda.
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði, og gert ráð fyrir að viðkomandi hafi mjög góða þekkingu á Excel.

Umsóknir og ferilskrár sendist með tölvupósti á framkvæmdastjóra Birtingahússins, Huga Sævarsson (hugi@birtingahusid.is), merktar „birtingaráðgjafi".

Tekið er á móti umsóknum til og með 25. febrúar.
Öllum umsóknum verður svarað.

Carat | BIRTINGAHÚSIÐ | VR Besti vinnustaður 2010

Laugavegi 174 | Sími: 569 3800 | www.birtingahusid.is

LUXOR

Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

Leigu- og lagerstjóri

Óskum eftir að ráða í starf leigu- og lagerstjóra tækjaleigu LUXOR.

Gunnar Kjartansson
Hildur Gunnarsdóttir
Stefán Gunnarsson
Kjartan Gunnarsson Ravn
Kristín Stefánsdóttir
Páll S. Pálsson
Camilla Ravn
Kristín Hrönn, Gunnar Páll, Stig og Sune.

†

Ástkær bróðir okkar og mágur,

Hallberg Hallmundsson
ljóðskáld og þýðandi
Vesturgötu 7, Reykjavík,

lést að Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 28. jan. sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Magnea Hallmundsdóttir
Einar Hallmundsson
og fjölskyldur
Erla Blandon

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Margrét Sigurðardóttir
Dalbraut 27, áður Espigerði 4,

sem lést þann 31. janúar, verður jarðsungin frá Grensáskirkju mánudaginn 7. febrúar kl. 13.00. Við færum hjúkrunarfólki á líknardeild Landspítala, Landakoti kærar þakkir fyrir alúð og umhyggju.

Björg Helgadóttir
Hróðmar Helgason
Sigríður Hrönn Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Yrsa Björt Löve
Jónas Ingi Ketilsson

†

Salomon (Salli) Mosdal
flugvirki
Long Island, NY, Bandaríkjunum,

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 27. janúar síðastliðinn.
Útför Salla verður í Bandaríkjunum.

Aðstandendur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Brynhildur Jónsdóttir
fyrrum deildarstjóri í Utanríkisráðuneytinu,

sem lést 26. janúar sl., verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 8. febrúar kl. 11.00.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á FAAS, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, www.alzheimer.is.

Jón Svavar Úlfljótsson
S. Fanney Úlfljótsdóttir
Björg Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Björn Magnús Björgvinsson

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra,

Steindórs Hjörleifssonar
Breiðuvík 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans Fossvogi.
Megi Guðs blessun fylgja ykkur öllum.

Unnur Hjartardóttir
og fjölskylda

†

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð við andlát og útför okkar ástkæru

Margrétar Sigurðardóttur
frá Sveinskoti, Álftanesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Holtsbúðar í Garðabæ fyrir umönnun síðustu ára.

Elín Jóhannsdóttir
Snorri Jóhannsson
Sturla Jóhannsson
Jónas Jóhannsson
Sigrún Jóhannsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

MAX ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR NÚ UM HELGINA

42" sjónvörp frá 99.989
47" Philips sjónvörp frá 159.989
Frábær myndavélatilboð
Panasonic myndavélar með skiptilinsum frá 69.989
Vestfrost frystikistur - mikill afsláttur
Blu-ray heimabíókerfi frá 69.989
144sm kæliskápur með frysti 49.989
Ótrúleg tilboð á þvottavélum
Uppþvottavélar frá 59.989
Eldavélar frá 44.989

YFIR 1000 VÖRUR MEÐ AFSLÆTTI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

BBC.CO.UK/CBBC/GAMES er leikjasíða BBC sjónvarpsstöðvarinnar. Þar er hægt að finna alls konar tölvuleiki sem spila má frítt á netinu.

KONRÁÐ og LÍSALOPPA fara í ferðalag

5

Konráð klóraði sér í kollinum. „Mikið er þetta flókið kort," sagði hann. „Við þurfum að komast til Hveragerðis en ég sé nafnið hvergi skrifað á kortið".

Lísaloppa leit yfir öxlina á Konráð og á kortið. „Ég held að nafnið sé falið í þessari stafasúpu þarna," sagði hún og benti á kassa með mörgum orðum í.

S	A	M	S	Ö	F	N	U	N	A	R
H	O	N	Ö	L	Ý	Á	R	Đ	G	Á
L	V	J	S	N	E	Y	Đ	A	A	H
S	Ó	E	A	I	F	F	G	Á	A	T
H	Í	P	R	B	É	N	Ú	S	I	F
Æ	H	P	Í	A	A	T	G	L	Ú	R
F	Á	I	Đ	S	G	U	I	G	R	J
A	N	M	Ó	L	H	E	N	U	M	Ó
Á	L	M	Ý	M	E	K	R	Ó	S	R
R	E	Y	F	I	F	Æ	R	Đ	H	S
D	A	D	A	O	Đ	Ú	A	Đ	I	F

Getur þú hjálpað Konráði og Lísuloppu að finna nafnið Hveragerði í stafasúpunni?

Orðin í stafasúpunni er hægt að lesa lóðrétt, lárétt eða á ská.

BRANDARAKISTAN

Tvær slöngur voru að skríða úti í móa, þá spurði önnur: Erum við eiturslöngur?
Já, við erum baneitraðar eiturslöngur. Af hverju spyrðu?
Æ, út af því að ég beit í tunguna á mér.

Krissi: Ég og bróðir minn vitum sko allt.
Eddi: Einmitt það, hvað heitir forseti Íslands?
Krissi: – Eeeeee – það er eitt af því sem bróðir minn veit.

Stefán Sverrisson 9 ára.

Einu sinni voru tvær smákökur í ofni og þá sagði ein kakan „úff" og hin sagði: „AAAAAA TALANDI SMÁKAKA."

Einu sinni voru tvær kindur og ein kindin sagði „meee" þá sagði hin kindin: „Einmitt það sem ég ætlaði að segja."

Tinna María Friðriksdóttir 9 ára.

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

VORU UPPHAFLEGA FURÐUVERUR

Leiksýningin Skoppa og Skrítla á tímaflakki er nú komin aftur á fjalir Borgarleikhússins og hefur álfastrákurinn Zúmmi slegist í för með vinkonunum. Hann er fjörugur eins og kálfur, fimur en agalega stríðinn. Skoppa og Skrítla eru glaðar og góðar að venju og eiga sjö ára vináttuafmæli í sumar.

Hvað eruð þið búnar að vera vinkonur lengi? Við eigum sjö ára vináttuafmæli í sumar.

Hvar eigið þið heima? Við erum alltaf á ferðinni en eins og er eigum við heima í Borgarleikhúsinu.

Hvað eruð þið? Við erum eiginlega bara við. Hver og einn vinur okkar geymir eflaust sína mynd í hjartanu. Upphaflega vorum við furðuverur sem komu frá ævintýralandi. Vinir okkar eru þó eflaust hættir að líta á okkur sem furðulegar.

Af hverju eruð þið alltaf málaðar í framan? Það er vegna þess að við elskum fiðrildi og finnst svo fallegt að skreyta okkur svona eins og þau.

Hvernig farið þið að því að ferðast um tímann? Við ferðumst um tímann með tímavélinni okkar. Hann Zúmmi álfastrákur breytti gula bílnum okkar í tímavél og lét okkur hafa töfraduft til að nota með henni. Ef við viljum fara aftur í fortíðina notum við blátt töfraduft, því fjarlægðin gerir fjöllin blá, og ef við viljum fara inn í framtíðina þá notum við hvítt töfraduft, því framtíðin er óskrifað blað.

Hvert er uppáhaldsdýrið ykkar? Við elskum öll dýr en fiðrildið er okkur alveg sérstaklega kært því eins og fiðrildi eru engin tvö okkar alveg eins en samt erum við öll falleg á okkar eigin hátt. Svo tengjast fiðrildin líka óskunum sem við söfnum frá vinum okkar úti um allan heim.

> Zúmmi er föðurbróðir ömmusystur Lúsíar. Hann er allavega álfur sem er eins og fjörugur kálfur.

Hvenær verðið þið aftur með þætti í sjónvarpinu? Við erum að fara í tökur á nýjum þáttum í Hvippinn og hvappinn-seríunni. Við ætlum líka að ferðast til útlanda og finna íslensk börn í hinum ýmsu löndum við leik og störf. Þættirnir verða sýndir á Stöð 2 næsta vetur.

Hvaðan kemur Zúmmi og hvað kann hann að gera sniðugt? Zúmmi er föðurbróðir ömmusystur Lúsíar eða eitthvað svoleiðis. Hann er allavega álfur sem er eins og fjörugur kálfur. Honum finnst skemmtilegast að þeysast um á hlaupahjóli og töfra alls kyns hluti. Svo kann hann líka að syngja og breika og fara í splitt. Það þarf samt að passa sig svolítið á honum því hann er stríðinn.

Hver er besta vinkona ykkar og af hverju? Það er hún Lúsí. Hún veit svo margt og getur alltaf hjálpað okkur með ótrúlegustu hluti. Svo á hún líka svo skemmtilega bók. Það er orðabók sem hún getur galdrað upp úr.

Farið þið einhvern tímann í fýlu út í hvor aðra? Nei, við höfum aldrei farið í fýlu því það er svo leiðinlegt. Það rænir svo mörgum mikilvægum mínútum af lífinu. Það er miklu skemmtilegra að ræða bara hlutina og gera gott úr þeim.

Af hverju talið þið stundum táknmál? Stundum tölum við tákn með tali. Það gerum við til að sem flest börn geti skilið okkur. Það eru nefnilega ekki allir sem heyra. Þess vegna er gott að nota auðvelt táknmál sem undirstrikar það sem maður segir.

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR
SÍÐASTA HELGIN
Allt á afslætti
PS3 leikjatölva
Takmarkað magn
59.999,-
3000kr. afsláttur
Verð áður: 10.999,-
7.999,-
3000kr. afsláttur
Verð áður: 10.999,-
7.999,-
3000kr. afsláttur
Verð áður: 10.999,-
7.999,-
Allar kvikmyndir á 30-70% afslætti
Öll tónlist á 30-70% afslætti
Verð áður: 2.999,- 999,-
Verð áður: 2.999,- 999,-
Verð áður: 2.999,- 999,-
Verð áður: 2.799,- 999,-
699,-
Verð áður: 2.999,- 999,-
699,-
699,-
699,-
699,-
699,-
699,-
Verð áður: 2.799,- 999,-
Verð áður: 2.699,- 999,-
Verð áður: 2.699,- 999,-
Verð áður: 2.699,- 999,-
Verð áður: 2.699,- 999,-
Verð áður: 2.699,- 999,-
499,-
499,-
499,-
499,-
299,-
299,-
299,-
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

krossgáta



LÁRÉTT
2. slitrótt tal, 6. íþróttafélag, 8. skref, 9. gilding, 11. holskrúfa, 12. enn lengur, 14. gjaldmiðill, 16. kaupstað, 17. mjög, 18. námstímabil, 20. tvíhljóði, 21. land í asíu.

LÓÐRÉTT
1. útmá, 3. frá, 4. mælieining, 5. hlóðir, 7. álandsvindur, 10. hyggja, 13. stæla, 15. bor, 16. ófarnaður, 19. nafnorð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. tafs, 6. fh, 8. fet, 9. mat, 11. ró, 12. áfram, 14. rúpía, 16. bær, 17. all, 18. önn, 20. au, 21. laos.
LÓÐRÉTT: 1. afmá, 3. af, 4. fermila, 5. stó, 7. hafræna, 10. trú, 13. apa, 15. alur, 16. böl, 19. no.

Komdu í kaffi
Jura kaffivélar fyrir alla sem elska kaffi
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

2011
14. UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

Verkefnastjóri

Ungmennafélag Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi og framkvæmd **14. Unglingalandsmóts UMFÍ** sem haldið verður á Egilsstöðum 29. – 31. júlí 2011.

Starfið er krefjandi, en jafnframt fjölbreytt og líflegt. Verkefnastjóri þarf að geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð og hafa góða framkomu. Þekking á starfi ungmennafélagshreyfingarinnar er góður kostur en ekki nauðsynleg. Um tímabundið starf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar

- *Skriflegri umsókn með upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu skal skila til Þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík,* ***fyrir 15. febrúar 2011****. Umsóknir má einnig senda í tölvupósti á umfi@umfi.is fyrir sama tíma.*
- *Nánari upplýsingar um starfið eru veittar á Þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568 2929.*

UMFÍ
Ungmennafélag Íslands
www.umfi.is

UIA
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
www.uia.is

Æxlunartúrismi

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Fyrirsögn þessa pistils er nýstárlegt orð í íslensku. Þetta er tilraun til að þýða enska hugtakið „reproductive tourism" á íslensku. Fyrirbærið hafði lítið verið rætt hérlendis þangað til nýlegir atburðir urðu til þess að setja það í brennidepil. Umræðan byggði þó einkum á tilfinningum sprottnum af ljósmynd af nýfæddu barni og því var meginniðurstaða hennar afar fyrirsjáanleg. Hver getur sagt nei við nýfætt barn? Að mínu mati er aftur á móti full ástæða til að velta hinni siðferðilegu hlið fyrir sér án þess að setja málið í samhengi tiltekinna einstaklinga.

ÆXLUNARTÚRISMA hefur verið líkt við kynlífsferðamennsku – við litlar vinsældir. Sú samlíking er þó ekki svo langsótt. Í báðum tilfellum selja fátækar konur afnot af líkama sínum til lengri eða skemmri tíma til að fullnægja löngunum betur stæðra Vesturlandabúa. Munurinn er annars vegar fólginn í löngunum kaupendanna – löngun í barn og löngun í kynnautn – hins vegar í siðferðilegu mati á þjónustunni. Það er álitið ljótt að sofa hjá fyrir pening en fallegt að fórna sér til að bæta og göfga líf annarra. En hér er ekki um eiginlega fórn að ræða heldur launaða vinnu. Þess vegna er víða gerður greinarmunur á velgjörðarstaðgöngumæðrun og staðgöngumæðrun gegn greiðslu. Hér er einnig gengið út frá því að kynnautn fegri ekki eða göfgi líf neins.

VIÐ ættum að horfast í augu við þá staðreynd að það heyrir ekki til mannréttinda að eignast börn. Mannréttindi verður að vera hægt að tryggja. Engin ríkisstjórn getur tryggt borgurunum barneignir. Læknavísindin leitast aftur á móti við að bæta líf fólks og því er eðlilegt að þau seilist inn á þetta svið. En er rétt að flokka aðgang að þessari heilbrigðisþjónustu undir mannréttindi á sama tíma og aðgengi alls þorra jarðarbúa að viðunandi heilsugæslu er eins bágborið og raun ber vitni? Mannréttindi eru nefnilega ekki teygjanlegt hugtak. Þau taka ekki mið af kringumstæðum hverju sinni. Mannréttindi Indverja og Íslendinga eru hin nákvæmlega sömu. Alltaf.

MEÐ aðildinni að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar skuldbundið sig til að hafa hagsmuni barna í fyrirrúmi. Það tel ég hafa verið gert í nýlegu dæmi. En það fríar okkur ekki þeirri ábyrgð að móta okkur heildstæða afstöðu til málsins. Hana verður að byggja á vitrænni siðfræði, ekki ljósmynd af nýfæddu barni.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝ HAGNÝT NÁMSBRAUT

REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA

UMSÓKNARFRESTUR TIL 7. FEBRÚAR

MEÐAL VIÐFANGSEFNA:

REKSTRARFORM OG SKATTAUMHVERFI – REIKNINGSHALD – VIÐSKIPTAÁÆTLUN
MARKAÐSFRÆÐI – SAMSKIPTAMIÐLAR – VEFSÍÐUGERÐ
VERKEFNASTJÓRNUN – SÖLU- OG SAMNINGATÆKNI – STARFSMANNAHALD

KENNT ER Í ÞREMUR LOTUM FRÁ MARS TIL MAÍ
ENGIN INNTÖKUSKILYRÐI

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar :

sími 525 4444
endurmenntun.is

RAX Á SÚFISTANUM Sýning á verkum Ragnars Axelssonar á myndum úr Veiðimönnum norðursins opnar í dag á Súfistanum í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18. Ragnar Axelsson, RAX, hefur undanfarin 30 ár fylgst með og skráð breytingar á lífsháttum á norðurheimsskautssvæðinu.

Þitt er valið

Stöldrum við og kynnum okkur innihaldið áður en við svölum þorstanum.
Verndum tennurnar!

LÝÐHEILSUSTÖÐ
www.lydheilsustod.is

Vitnisburður um þrautseigju íslenskra listamanna

Ráðgert er að fimm binda yfirlitsrit um íslenska listasögu komi út með haustinu. Fjórtán höfundar taka þátt í ritun verksins, sem Forlagið gefur út í samvinnu við Listasafn Íslands.

JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON Telur einsdæmi að jafn umfangsmikið verk og Íslensk listasaga komi út í einu lagi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Yfirlitsritið Íslensk listasaga, sem væntanlegt er í haust, spannar tímabilið frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar og verður um 1.500 síður í stóru broti. Fjögurra ára vinna liggur að baki útgáfunni. Árið 2007 var Ólafur Kvaran ráðinn ritstjóri verksins, skipuð var ritstjórn og gerðir samningar við fjórtán höfunda um ritun verksins.

„Markmiðið var að gera vandað yfirlitsverk um íslenska myndlist fyrir íslenskan almenning," segir Jóhann Páll Valdimarsson, forleggjari hjá Forlaginu. Mikill metnaður hafi verið lagður í að gera ritið sem best úr garði, enda eigi það að verða veigamikill þáttur í íslenskri þjóðar- og menningarsögu.

Á síðum bókanna verða litljósmyndir af hundruð listaverka, auk þess sem mikill fróðleiksbrunnur um íslenska listasögu verður nú aðgengilegur á einum stað.

„Ég get fullyrt kinnroðalaust að þetta er eitt mesta stórvirki sem ég hef tekið þátt í," segir Jóhann Páll. „Það er sennilega einsdæmi að jafn umfangsmikið verk komi út í heild sinni á sama tíma enda algengast að margra binda verk komi út með margra ára, jafnvel áratuga millibili. Ég vil því meina að Íslensk listasaga sé mikið menningarframlag, sem vert sé að gefa gaum á þessum erfiðu tímum."

Spurður hvort ekki hafi komið til greina að setja verkefnið í salt í ljósi árferðisins segir Jóhann Páll að það hafi vissulega komið til greina. „Hrunið hefur auðvitað valdið útgefendum sem öðrum ómældum erfiðleikum. En við létum slag standa. Eftir það hefur allt kapp verið lagt á að Íslensk listasaga verði að veruleika, bæði sem sígilt menningarrit en ekki síður sem vitnisburður um metnað og þrautseigju íslenskra listamanna og þeirra sem unna listum."

bergsteinn@frettabladid.is

ÍSLENSK LISTASAGA

Að sögn Jóhanns Páls tekur hvert bindi verksins mið af skýrum kaflaskiptum í íslenskri listasögu.

Fyrsta bindið fjallar um tímabilið frá seinni hluta 19. aldar fram til um 1930, tímabil brautryðjendanna þegar rómantísk náttúrutúlkun og symbólismi setja meginmark á íslenska myndlist.

Annað bindi fjallar um tímabilið 1930 til 1945, þegar fram kom á sjónarsviðið ný kynslóð listamanna sem var handgengin róttækari viðhorfum úr evrópskri myndlist. Þriðja bindið spannar tímabilið 1945 til 1960 og fjallar um abstraktlistina. Um 1960 tók við tímabil nýsúrrealisma, popplistar og nýdadaisma, sem fjallað er um í fjórða bindi. Fimmta og síðasta bindið er hins vegar helgað tímabilinu 1980 og fram yfir aldamótin 2000, og þau tímamót sem urðu með tilkomu nýja málverksins, gjörningalistarinnar, myndbandalistarinnar og endurnýjun hugmyndalistarinnar.

Reykjavíkurborg

KJARVALSSTOFA Í PARÍS

er stúdíóíbúð með vinnuaðstöðu, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2011 verða þau 395 evrur á mánuði fyrir einstakling en 505 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuaðstöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2011 til 31. júlí 2012. Umsóknareyðublöð ásamt reglum um afnot af Kjarvalsstofu má finna á www.reykjavik.is/menningogferdamal.

Umsóknir, með lýsingu á því verkefni sem umsækjandi hyggst vinna að, skulu stílaðar á stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti, Vesturgötu 1, 101 Reykjavík. Ætlast er til að umsækjendur skili inn stuttri greinargerð um afrakstur dvalarinnar. Umsóknir skulu berast í síðasta lagi mánudaginn 7. mars 2011.

Stjórnarnefnd Kjarvalsstofu

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn 7. og 8. febrúar, kl. 18 báða dagana í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Ásgrímur Jónsson

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
í dag laugard. 11–17, sunnud. 12–17, mánud. 10–17 (öll verk)
þriðjud. kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Þrjú verkefni tilnefnd til Eyrarrósar

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til Eyrarrósarinnar, árlegrar viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Verkefnin sem eru tilnefnd í ár eru: 700IS Hreindýraland á Egilsstöðum, Sumartónleikar í Skálholti og Þórbergssetur á Hala í Suðursveit.

Tilkynnt verður um sigurvegara á Bessastöðum 13. febrúar næstkomandi. Sigurlaun eru 1,5 milljónir króna, verðlaunagripur eftir Steinunni Þórarinsdóttur og flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Verðlaunin veitir Dorrit Moussaieff forsetafrú, sem jafnframt er verndari Eyrarrósarinnar.

Skráðu þitt fyrirtæki á www.heilsaoghamingja.is

Heilsa & hamingja

Stórsýning í Smáralind

3.-6. mars

Einstök sýning framundan í Vetrargarðinum í Smáralind

Sýningin Heilsa og hamingja verður kærkomið tækifæri fyrir alla þá sem vilja auka hamingju sína með bættri heilsu og bæta heilsu sína með aukinni hamingju.

Vala Matt,
„heilsu- og hamingjusendiherra“ :)

„Heilsa og hamingja er órjúfanleg tvenna. Engin átök, engar skyndilausnir, heldur raunhæf og varanleg breyting á lífsstíl.“

Skráning er í fullum gangi

Hringdu í síma 571 0370 eða farðu á *www.heilsaoghamingja.is* til að skrá þitt fyrirtæki eða til að fá nánari upplýsingar.

Matur & næring

Uppskriftir
Lífræn ræktun
Basískt og súrt
Næringarefni
Smökkun

Sjálfsrækt & hugur

Slökun
Hugleiðsla
Svefn
Sjálfstyrking

Lækning & greining

Göngugreining
Mælingar
Nudd
Sjúkraþjálfun
Tryggingar

Líkamsrækt & þjálfun

Íþróttir
Útivist
Styrking
Hlaup
Sund

Vörur & fatnaður

Íþróttaföt
Golfvörur
Æfingatæki
Skófatnaður
Reiðhjól

580.000.000 dali borguðu fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch og félagar fyrir vefsíðuna Myspace.com árið 2005. Nú er vefsíðan til sölu og talið er að verðmætið hafi rýrnað, þvert á spár um að það myndi margfaldast.

MANNASIÐUM FAGNAÐ Bragi Þór Hinriksson leikstjóri, Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona, Egill Einarsson og Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi. MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

GILLZ GLADDIST Á ENGLISH PUB

Egill „Gillzenegger" Einarsson bauð vinum og samstarfsmönnum til veislu á English Pub. Þar var nýjum sjónvarpsþáttum hans, Mannasiðum Gillz, fagnað með stæl.

Egill með kærustunni, Gurrý Jónsdóttur.

Kærustuparið Sigtryggur Magnason leikskáld og Svandís Dóra Einarsdóttir leikkona.

Egill með leikurunum Jóhanni G. Jóhannssyni og Nönnu Kristínu Magnúsdóttur.

Frosti Logason og Erpur Eyvindarson nutu veiganna.

Hannes Þór Halldórsson leikstjóri og Hjörvar Hafliðason knattspyrnusérfræðingur heilsuðu upp á stjörnuna.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
VÍSIR.IS

ÚTSÖLU-LOK

Í DAG, LAUGARDAG
OG Á MORGUN,
SUNNUDAG

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

VALDAR VÖRUR:
SKÓR OG FATNAÐUR:

4.990 kr.
3.990 kr.
2.990 kr.
1.990 kr.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

SKEMMTILEG SÝN Einar Kárason fær lofsamlega dóma fyrir Ofsa í Weekendavisen í Danmörku. Danir hafa ekki alltaf verið hrifnir af Einari og skömmuðu sumir hann fyrir Storm. Þeim fannst hann gera grín að dönsku velferðarkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danir hrifnir af Ofsa Einars Kára

Einar Kárason fær lofsamlega dóma í Weekendavisen í Danmörku fyrir bók sína Ofsa. Víkingar fornaldar þjáðust víst af aðskilnaðarkvíða og ástleysi.

„Þetta er mjög skemmtilegt og hann sér alls konar hluti sem mér hafði ekki dottið í hug, eins og að það hafi verið eitthvað freudískt við það að skríða ofan í sýrukar og vera bjargað af konu," segir Einar Kárason rithöfundur. Hann er áberandi í menningarkálfi danska helgarblaðsins Weekendavisen sem kom út í gær. Inni í kálfinum var nokkuð ítarlegt viðtal við skáldið þar sem Einar fer yfir farinn veg en á forsíðunni er hins vegar lofsamlegur dómur um bókina eftir Iben Tandgaard.

Einar segir að Danir hafi ekki alltaf verið hrifnir af bókum hans, sumir hafi gefið lítið fyrir Storm og fundist hann vera að gera grín að dönsku velferðarkerfi. Rithöfundurinn er hins vegar hrifinn af dóminum hjá Tandgaard. „Það er ekki oft sem dómar veita manni innblástur en þessi gerir það." Skáldið hyggst heimsækja Dani í apríl og lesa upp úr bókinni en hún er einnig að koma út í Þýskalandi. „Þetta er sjöunda bókin mín sem kemur þar út, Þjóðverjar hafa alltaf sýnt mér mikla tryggð."

En aftur að dómnum. Tandgaard hrósar Einari fyrir nálgun hans á Sturlungaöld og hvernig honum tekst að lýsa hugarheimi fólks þess tíma. Tandgaard kemst að þeirri niðurstöðu að sennilega hafi margir hinna hugrökku kappa þjáðst af aðskilnaðarkvíða og þá hafi bara vantað örlitla ást. „Og hér er kannski búið að afhjúpa hina karlmannlegu íslensku þjóðarsál – Einar ætti kannski að passa sig á blóðugum öxum þegar hann spilar næst póker með vinum sínum."

freyrgigja@frettabladid.is

Plöturnar rokseljast

Rokkdúettinn The White Stripes hefur flogið upp vinsældalista eftir að hann tilkynnti að hann væri hættur störfum. Samkvæmt vefsíðunni Amazon hefur salan á tónleikaplötunni og heimildarmyndinni Under Great White Northern Lights aukist um 2.644 prósent. Platan er í öðru sæti á lista vefsíðunnar Movers & Shakers sem tekur saman hæstu sölutölurnar. Aðrar plötur sveitarinnar sem komast á topp tíu á sama lista eru White Blood Cells og Elephant, sem hefur að geyma hið vinsæla Seven Nation Army.

JACK WHITE Plötur The White Stripes seljast eins og heitar lummur þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 05. febrúar

Tónleikar

22.00 Hljómsveitin Klassart með tónleika á Sódóma Reykjavík. Miðaverð er 1.000 kr., hljómsveitin HEK mun sjá um að hita upp mannskapinn. 18 ára aldurstakmark.

Leiklist

14.00 Möguleikhúsið sýnir síðustu sýningu á barnaleikritinu Langafi prakkari, sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Miðaverð er kr. 1.500.

Síðustu forvöð

14.00 Síðasta sýningarhelgi á sýningu Rakelar Steinarsdóttur myndlistarkonu, SLÓÐ-I, verður nú um helgina í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu. Opið frá kl. 14-18.

Bókmenntir

14.30 Alþjóðatorg ungmenna og Borgarbókasafn Reykjavíkur standa fyrir lifandi bókasafni kl. 14.30-16.30. Gestir geta fengið að láni lifandi og talandi bók og fræðst og skemmt sér um leið. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

Sunnudagur 06. febrúar

Sýningar

14.00 Barnaleiðsögn um ljósmyndasýningu Bárðar Sigurðssonar, með myndum frá upphafi 20. aldar en sýningin var nýverið opnuð í Þjóðminjasafni Íslands.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4 frá kl. 20-23. Sighvatur Sveinsson leikur fyrir dansi.

Tónlist

15.00 Skemmtifundur Félags harmonikuunnenda í Reykjavík verður haldinn í Iðnó kl. 15. Jón Þorsteinn Reynisson leikur á harmóníku og kynnir diskinn sinn og hljómsveit Reynis Sigurðssonar kemur einnig fram. Allir velkomnir.

16.00 Menningar- og safnanefnd Garðabæjar stendur fyrir klassískri tónleikaröð í safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Klukkan 16 stíga á svið Þóra Einarsdóttir sópran og Gerrit Schuil á píanó. Almennt miðaverð er 1.700 kr. en miðaverð fyrir eldri borgara og námsmenn er 1.200 kr.

Myndlist

14.00 Lilianne Vorstenbosch, myndlistarkennari, hefur umsjón með listsmiðju í Söguhring kvenna á 6. hæð í aðalsafni Borgarbókasafns. Boðið verður upp á hressingu og eru börnin velkomin með.

14.00 Bergsveinn Þórsson, nemi í safnafræði leiðir gesti um yfirlitssýningu á verkum Karls Kvaran í Listasafni Íslands. Sýningunni lýkur 13. febrúar.

15.00 Guðbergur Bergsson verður með leiðsögn um sýninguna Ásýnd landsins: Vatnið, jörðin, hafið og himinninn í Gerðarsafni. Á sýningunni eru málverk, vatnslitamyndir, teikningar og ljósmyndaverk eftir Daða Guðbjörnsson, Gunnlaug Scheving, Jóhannes S. Kjarval, Rúrí og Vilhjálm Þorberg Bergsson. Aðgangur er 500 kr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettablad.is.

Athugið!
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2011

Tækniþróunarsjóður

Kynningarfundur 8. febrúar

Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar í húsi Samtaka atvinnulífsins, Borgartúni 35, þriðjudaginn 8. febrúar kl. 8:30 - 10:00
í tengslum við umsóknarfrest 15. febrúar nk.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum. Starfsmenn Rannís kynna niðurstöðu umsókna fyrir árið 2010, fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins og svara fyrirspurnum. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn, sem er í vörslu Rannís, fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafisk hönnun

GEFA ÚT SAMAN Epic Rain og Beatmakin Troopa gefa á þriðjudag út plötuna Campfire Rumors.

Félagar með nýja plötu

Tónlistarmennirnir Epic Rain og Beatmakin Troopa gefa á þriðjudaginn út sína fyrstu plötu saman. Hún nefnist Campfire Rumors og kemur út á vegum útgáfufyrirtækisins 3angle Productions sem er í þeirra eigu. Þeir félagar hafa um árin unnið saman að ýmsum verkefnum, bæði staðið fyrir tónleikum og gefið út tónlist.

Platan Campfire Rumors hefur að geyma blöndu af ýmsum tónlistarstefnum, þar á meðal hip-hop, blús og þjóðlagatónlist. Platan kemur aðeins út á netinu og verður fáanleg á Gogoyoko og Bandcamp.com.

Nýtt efni frá Fleet Foxes

Önnur plata hljómsveitarinnar Fleet Foxes nefnist Helplessness Blues og kemur út 29. apríl hjá Sub Pop útgáfunni í Seattle. Upptökustjóri var Phil Ek sem hefur unnið með sveitum á borð við Band of Horses, The Shins og Les Savy Fav. Fyrsta plata Fleet Foxes sem kom út fyrir þremur árum hlaut mjög góðar viðtökur og lenti ofarlega á mörgum árslistum. Hægt er að hlusta á fyrsta smáskífulag nýju plötunnar, titillagið Helplessness Blues, á heimasíðu Fleet Foxes.

ROBIN PECKNOLD

OPINN FUNDUR

MIÐVIKUDAGINN 9. FEBRÚAR KL. 8.30-10.00

ATVINNULEIÐIN

Samtök atvinnulífsins efna til opins fundar um ATVINNULEIÐINA ÚT ÚR KREPPUNNI, **miðvikudaginn 9. febrúar kl. 8.30-10.00**, á **Grand Hótel Reykjavík**.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA og **Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA ræða um stöðuna í atvinnulífinu og yfirstandandi kjaraviðræður auk þess að svara fyrirspurnum.

Stjórnendur fyrirtækja á ýmsum sviðum fjalla um mikilvægi þess að **ATVINNULEIÐIN** verði farin út úr kreppunni í stað þess að velja **VERÐBÓLGULEIÐINA** með viðvarandi stöðnun í þjóðfélaginu og miklu atvinnuleysi næstu árin.

Meðal þeirra sem taka þátt eru **Birkir Hólm Guðnason**, framkvæmdastjóri Icelandair, **Kristín Guðmundsdóttir**, forstjóri Skipta, **Bolli Árnason**, framkvæmdastjóri GT Tækni og **Pétur Pálsson**, framkvæmdastjóri Vísis í Grindavík.

Fundarstjóri: **Grímur Sæmundsen**, varaformaður SA.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00. Fundurinn er öllum opinn en **nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA.** Stjórnendur og forsvarsmenn fyrirtækja, stórra sem smárra, eru hvattir til að mæta og taka þátt ásamt öllu áhugafólki um uppbyggingu atvinnulífsins.

Skráðu þig á www.sa.is

Í **ATVINNULEIÐINNI** felst áhersla á atvinnusköpun, fjárfestingu í atvinnulífinu og aukinn útflutning á vöru og þjónustu. **Sjá nánar á vinnumarkadurinn.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Stjórnaði í gegnum Skype

Hljómsveitin Thin Jim notaði Skype við strengjaupptökur á sinni fyrstu plötu sem er væntanleg í mars.

Í HLJÓÐVERINU Harold Burr, fyrrum söngvari Platters, kemur við sögu á nýrri plötu Thin Jim.

Ég er ekki viss um að þetta hafi verið gert áður, allavega ekki á Íslandi," segir Jökull Jörgensen úr kántrípoppsveitinni Thin Jim. Hún lauk upptökum á sinni fyrstu stóru plötu um síðustu helgi hjá Benzinbræðrum í Sýrlandi.

Til að stjórna fjögurra manna strengjakvartett í upptökunum naut hljómsveitin aðstoðar Gísla Magnasonar í gegnum samskiptasíðuna Skype, en Gísli býr í Danmörku. „Ég samdi lagið en fékk mann til að útsetja strengi og það var allt skrifað á nótur. Svo er ég með kvartett í stúdíóinu og þá byrja menn að spyrja klassískra spurninga sem ég get ekki svarað. Þá dettur mér í hug að hringja til Danmerkur," segir Jökull. „Þau voru með hann [Gísla] beint fyrir framan sig þannig að þau gátu talað saman alveg án hindrana." Strengjaupptökurnar stóðu yfir í þrjár klukkustundir og gengu eins og í sögu.

Fjögurra laga plata Thin Jim sem kom út í fyrra fékk töluverða útvarpsspilun í N-Ameríku. Sveitin er skipuð hópi tónlistarmanna, þar á meðal söngvurunum Margréti Eir og Kristófer Jenssyni. Gestasöngvari á nýju plötunni var Harold Burr, fyrrum liðsmaður Platters, sem er búsettur hérlendis. „Hann hætti að syngja en ég gróf hann upp og dreif í stúdíó. Hann sló gjörsamlega í gegn," segir Jökull.

Platan er væntanleg í verslanir í mars, bæði hér heima og erlendis. Hinn nífaldi Grammy-verðlaunahafi Gary Paczosa sér um hljóðblöndun og Phil Magnotti, sem hefur starfað fyrir Whitney Houston, annast eftirvinnsluna.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
midi.is

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

SÝNINGARTÍMAR

LONDON BOULEVARD	5.50, 8 og 10.10	16
THE FIGHTER	5.40, 8 og 10.20	14
MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL	2(950 kr) og 3.50	L
ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL	2(700 kr) og 4	L
ALFA OG ÓMEGA 3D - ISL TAL	2(950 kr) og 4	L
LITTLE FOCKERS	6, 8 og 10	12

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

SANCTUM-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
THE KING´S SPEECH	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
THE KING´S SPEECH	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
ROKLAND	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	12
HEREAFTER	kl. 8	12
MEGAMIND M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
HARRY POTTER	kl. 10:30	10

SAMBÍÓIN AKUREYRI

TANGLED-3D ísl. Tali	kl. 1:40 - 3:50	L
THE KING'S SPEECH	kl. 5:40	L
SANCTUM	kl. 8 - 10:20	14
MEGAMIND-3D ísl. Tali	kl. 1:40	L
ROKLAND	kl. 3:40 - 10:20	12
RODLAUST OG BEINLAUST stuttmynd	kl. 6 - 7	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8	14

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

SANCTUM-3D	kl. 3.20 - 5.40 - 8 og 10.30	14
KING'S SPEECH	kl. 5.30 - 8 og 10.30	L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl.	kl.1.00-3.30 og 5.45	L
DILEMMA	kl. 8 og 10.30	L
GREEN HORNET-3D	kl. 1.00 - 3.00 og 10.15	12
KLOVN: THE MOVIE	kl. 8	14
ROKLAND	kl. 5.30	12
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 1.00 -3.15	L
GUILIVER'S TRAVELS-3D M/ísl. Tali	kl. 1.00	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

SANCTUM-3D	kl. 8:20 - 10:40	14
THE KING´S SPEECH Númeruð sæti	kl. 5:50 - 8 - 10:30	L
KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti	kl. 3:40 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
TANGLED-3D (Ótextuð) M/ Ensku	kl. 1:30 - 3:40	L
YOU AGAIN	kl. 5:50 - 8	L
MEGAMIND M/ísl. Tali	kl. 1:30	L

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ 1 BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

BLACK SWAN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
BLACK SWAN LÚXUS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 1 (950kr.) - 3	L
THE DILEMMA	KL. 5.30* - 8 - 10.30	L
THE GREEN HORNET 3D	KL. 1 (950) 3.30 - 5.25 - 8 - 10.35	12
ALFA OG ÓMEGA 3D	KL. 1 (950kr.) - 3.10	L
THE TOURIST	KL. 8 - 10.20	12
GULLIVER´S TRAVELS 3D	KL. 1 (950kr.) - 3.10 - 5.50	L

*Aðeins sunnudag

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is — 5%

BLACK SWAN	KL. 3 (700kr.) - 5.30 - 8 -	16
10.30		16
LONDON BOULEVARD	KL. 8 - 10.10	L
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 1.30 (950kr.) - 3.30	14
THE FIGHTER	KL. 3 (700) - 5.30 - 8 - 10.30	L
BURLESQUE	KL. 8 - 10.30	7
GULLIVER´S TRAVELS 3D	KL. 1.30 (950kr.) - 3.30	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50	L

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

THE DILEMMA	KL. 8	L
MÚMÍNÁLFARNIR 3D	KL. 2 (900kr.) - 4 - 6	L
DEVIL	KL. 8 - 10.10	16
THE GREEN HORNET 3D	KL. 10.10	12
ALFA OG ÓMEGA 2D	KL. 2 (600kr.) - 4 - 6	L

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ
VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS

TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14)	17:50, 20:00, 22:10
UPPÁTÆKI (MICMACS)(L)	18:00, 20:00, 22:00
A MATTER OF LIFE AND DEATH (L)	20:00
GAURAGANGUR (L)	21:20
HVÍTAR LYGAR (L)	22:00
ÆVINTÝRI ADÈLE BLANC-SEC (L)	18:00
SÚDBYRÐINGUR (L)	18:00
RODLAUST OG BEINLAUST (L)	20:00

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

James Cameron launahæstur

Leikstjórinn James Cameron var langlaunahæstur í Hollywood á síðasta ári með tæpa þrjátíu milljarða króna í tekjur. Ástæðan er fyrst og fremst gríðarlegar vinsældir ævintýramyndarinnar Avatar sem hann leikstýrði og framleiddi.

Í öðru sæti á listanum varð leikarinn Johnny Depp með tæplega tólf milljarða tekjur. Leikstjórinn og framleiðandinn Steven Spielberg lenti í þriðja sæti og leikstjórinn Christopher Nolan, sem síðast sendi frá sér spennumyndina Inception, í því fjórða. Leikarinn Leonardo DiCaprio vermdi síðan fimmta sætið. Efsta konan á listanum er Kristen Stewart úr Twilight-myndunum í þrettánda sætinu með um 3,3 milljarða króna. Kollegi hennar úr Twilight, Robert Pattinson, var með 3,2 milljarða í fjórtánda sætinu. Hinn átján ára Taylor Lautner úr Twilight slær bæði Stewart og Pattinson við því hann þénaði tæpa fjóra milljarða á síðasta ári og endaði í níunda sætinu.

JAMES CAMERON Framleiðandi og leikstjóri Avatar var launahæstur í Hollywood í fyrra.

THE JIMI HENDRIX PROJECT Hljómsveitin spilar öll bestu lög gítarsnillingsins Jimi Hendrix á Sódómu 10. febrúar.

Feta í fótspor Jimi Hendrix

Fjórir Skagamenn spila uppáhaldslög sín með Jimi Hendrix á tónleikum á Sódómu næsta fimmtudagskvöld. Þetta eru fyrstu stóru tónleikar drengjanna.

Hljómsveitin The Jimi Hendrix Project spilar á Sódómu Reykjavík 10. febrúar. Sveitin er skipuð fjórum strákum á þrítugsaldri frá Akranesi sem hafa verið að spila saman í um eitt ár, aðallega í heimabænum.

„Við erum að færa okkur til stórborgarinnar. Þetta verða okkar fyrstu stóru tónleikar," segir gítarleikarinn Siggi Bach, sem hefur lengi hlustað á Hendrix. „Hann er rosalega mikill áhrifavaldur hjá manni, eins og hjá flestum gítarleikurum." Spurður hvort það sé ekki erfitt að feta í fótspor þessa mikla snillings segir hann: „Þetta er krefjandi djobb, ég lýg því ekki, en ég tel mig nú geta eitthvað. Maður situr líka við æfingar allan liðlangan daginn þegar maður er ekki að vinna."

Auk Sigga eru í hljómsveitinni þeir Axel Freyr trommari, Björn Breiðfjörð bassaleikari og Bergur Líndal, söngvari og ryþmagítarleikari. „Við erum að spila öll helstu lögin af þessum þremur plötum sem hann náði að gefa út, kallinn," segir Siggi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangseyrir 1.000 krónur, greiddar í seðlum. **freyr@frettabladid.is**

Hefur áhuga á illmenninu

Spænski leikarinn Javier Bardem hefur átt í viðræðum um að leika vonda karlinn í næstu James Bond mynd. Bardem hitti leikstjórann Sam Mendes á dögunum og heillaðist af hlutverkinu. „Ég er mikill aðdáandi James Bond myndanna," sagði hinn 41 árs gamli Bardem. „Þegar ég var lítill horfði ég á Sean Connery leika James Bond. Hver hefði trúað því að ég yrði í einni slíkri mynd?" 23. Bond-myndin er væntanleg í bíó 9. nóvember á næsta ári. Þar verður Daniel Craig á sínum stað í hlutverki 007.

JAVIER BARDEM

Bættu lífið

Sölustaðir:

Rima apótek
N1 á Bíldshöfða
N1 á Hringbrautinni
N1 í Ártúnsbrekkunni
N1 á Lækjargötu í Hafnarfirði

Dreifingaraðili:

Tvö Emm
Sími 772-3301

Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 8. febrúar 2011

Jafnvægi og vellíðan

Líf án streitu

Náttúrulækningafélag Íslands efnir til málþings í Hvammi, Grand Hótel þriðjudaginn 8. febrúar 2011 kl. 20.00

- Hverjar eru orsakir streitu?
- Hverjar eru afleiðingar streitu
- Hvernig má varast streitu
- Hvaða úrræði eru í boði gegn streitu

Ingibjörg H. Jónsdóttir

Hróbjartur Darri Karlsson

Frummælendur:
Ingibjörg H. Jónsdóttir, dósent í lífeðlisfræði og yfirmaður Streiturannsóknarstofnunar Gautaborgar.
„Streituvandamál – orsakir – afleiðingar – besta lausnin"

Hróbjartur Darri Karlsson, hjartalæknir
„Streitan sem skemmir hjartað"

Sigrún Ása Þórðardóttir

Lárus Ólafsson

Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnisstjóri HNLFÍ
„Að meta eigin streitu og streituvalda"

Auk frummælenda sitja fyrir svörum:
Lárus Ólafsson, sölumaður **„Tekið í taumana – reynslusaga"**

Fundarstjóri:
Magna Fríður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ í Hveragerði

Magna Fríður Birnir

Allir velkomnir!
Aðgangseyrir 1.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn.

Náttúrulækningafélag Íslands NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Barcelona

5.-9. maí.

Frá aðeins 109.000 kr.
á fjögurra stjörnu hóteli í 4 nætur

Heimsferðir, í samstarfi við Valitor, bjóða VISA korthöfum ferð til Barcelona á frábæru tilboðsverði. Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða og gistirými er einnig takmarkað. Beint flug með Icelandair báðar leiðir. Sértilboðið er til handhafa VISA korthafa og er bundið við að greitt sé með viðkomandi korti.

Frá kr. 109.900
Hotel Zenit ✸✸✸✸
Netverð á mann í tvíbýli, 5.-9. maí.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

sport

sport@frettabladid.is



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON var í gær orðaður við spænska stórliðið Atletico Madrid. Dagblaðið As greindi frá því að liðið ætlaði að styrkja sig til muna næsta sumar og efstir á óskalista félagsins væru þeir Gylfi Þór og Anderson, leikmaður Manchester United. Gylfi er nú á mála hjá Hoffenheim í Þýskalandi.

Mikil spenna í nágrannaslag í Ljónagryfjunni í gær:

Keflavík í bikarúrslit

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur tryggðu sér sæti í bikarúrslitaleiknum þriðja árið í röð og alls í 19. sinn frá upphafi þegar þær unnu þriggja stiga sigur á nágrönnum sínum í Njarðvík, 72-69, í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöldi. Það voru miklar sveiflur í leiknum fram að lokaleikhlutanum þar sem Keflavíkurliðið hafði betur á spennandi lokamínútum.

Njarðvík var 39-30 yfir í hálfleik og náði mest 11 stiga forskoti í þriðja leikhluta en Keflavík sneri við leiknum með því að skora fimmtán stig í röð í þriðja leikhlutanum og leiddi í leiknum eftir það.

Bryndís Guðmundsdóttir (til vinstri) var stigahæst hjá Keflavík með 22 stig. Marina Caran lék sinn fyrsta leik með Keflavík og skoraði 11 af 13 stigum sínum í seinni hálfleiknum. Shayla Fields var atkvæðamest hjá Njarðvík með 22 stig, Dita Liepkalne bætti við 18 stigum og 13 fráköstum en Julia Demirer var með 10 stig og 11 fráköst. - óój

Ætlum í átta liða úrslitin

Það er allt galopið hjá kvennaliði Fram þrátt fyrir skelfilega byrjun á móti þýska liðinu Blomberg-Lippe í Evrópukeppninni í gær. Fram lenti 3-14 undir í leiknum en tapaði á endanum bara með tveggja marka mun, 24-26.

HANDBOLTI Framstelpur töpuðu með tveggja marka mun, 24-26, í fyrri leiknum sínum á móti þýska liðinu Blomberg-Lippe í 16 liða úrslitum Evrópukeppni bikarhafa sem fram fór Safamýri í gærkvöldi.

Heimastúlkur byrjuðu leikinn skelfilega og voru á tímabili ellefu mörkum undir. Framstúlkur sýndu gríðarlega mikinn karakter í síðari hálfleiknum og náðu hægt og bítandi að komast inn í leikinn. Stella Sigurðardóttir lék frábærlega fyrir Fram en hún skoraði níu mörk. Það er því allt galopið fyrir síðari leikinn sem fram fer kl 16.00 í dag.

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var eftir allt saman nokkuð ánægður með leikinn.

„Liðið var ein taugahrúga í upphafi og stelpurnar þorðu ekki að taka almennilega af skarið. Síðustu 45 mínúturnar fannst mér alveg frábærar hjá stelpunum. Vörnin var í raun fín allan leikinn en sóknarleikurinn var að stríða okkur á köflum.

Stella Sigurðardóttir var alveg frábær í kvöld og það munar alveg gríðarlega miklu fyrir okkur að vera komin með hana til baka úr meiðslum. Núna er þetta bara í okkar höndum, ég vil sjá alveg fullt hús á morgun og þá lofa ég því að við förum áfram," sagði Einar brattur eftir leikinn í gær.

Stella Sigurðardóttir átti stórleik í gær og var nokkuð sátt að leikslokum.

NÍU MÖRK Stella Sigurðardóttir átti stórleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Blomberg-Fram 26-24

Mörk Fram (Skot): Stella Sigurðardóttir 9/2 (15/2) , Pavla Nevarilova 3 (4), Karen Knútsdóttir 3/1 (6/2) , Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (4) , Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2/2 (5/3) , Marthe Sördal 2 (4) , Hildur Þorgeirsdóttir 1 (7), Guðrún Póra Hálfdánsdóttir 1 (2) , Birna Berg Haraldsdóttir 0 (3) .

Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 12 (23/2, 35%), Elísabeth Arnarsdóttir 1 (3, 25%).

„Við byrjuðum alveg hræðilega í kvöld en sýndum síðan þegar leið á leikinn að við erum með ekkert verra lið en þær . Við bárum allt of mikla virðingu fyrir þeim í byrjun en um leið og við fórum aðeins að berja á þeim þá fundum við að þetta var alveg hægt.

Við fórum að spila saman sem lið í staðinn fyrir það einstaklingsframtak sem einkenndi leik okkar í byrjun. Við ætlum að vinna leikinn á morgun og koma okkur í 8-liða úrslitin. Það sást greinilega að við eigum fullt erindi í þetta lið og með góðum stuðningi þá förum við áfram," sagði Stella eftir leikinn í gær. - sáp

VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU

GISTIHEIMILI Á ESKIFIRÐI TIL LEIGU

Til leigu rekstur á hótel- og gistiheimili í mikilli náttúrufegurð við Eskifjörð. Hótelbyggingin er 357m² og tekur 22 gesti í 11 herbergjum.

Hótelið er nýuppgert og öll aðstaða snyrtileg.

Setustofa er á efri hæð með gervihnattasjónvarpi, tveim sófum, tölvu og internettengingu. Stór verönd snýr að sjónum með borðum og bekkjum til að njóta útiveru og náttúrufegurðar Eskifjarðar. Gott eldhús er á neðri hæð með mjög góðum tækjum og búnaði.

Miklir möguleikar eru í frekari markaðsetningu staðarins. Má þar nefna ferðir Norrænu til og frá landinu auk þess sem svæðið er geysivinælt hjá útivistarfólki. Í Oddskarði er mikil vetrarparadís fyrir skíðaáhugamenn og mætti lengja ferðamannatímabilið umtalsvert.

